

TÍMAVÉLIN

# Beinin í Faxaskjóli: Mannshvörf rannsökuð



# Asískir kóralþjófar láta greipar sópa í Hafnarfirði

Litu ekki við öðrum verðmætum

18. JANÚAR 2019 / 53. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

# DV





## GETTU BETUR

Sigurvegarar og spyrlar



## Áslaug Dröfn

# „MAMMA HEFUR BORÐAÐ KATTAMAT ÞARNA Á DEILDINNI“

Á móður með framheilabilun ■ Notar húmor til að gera ástandið bærilegt



## Páll Eyjólfsson

## EDRÚMENNSKAN BESTA ÁKVÖRÐUNIN

Vináttan og samstarfið við Bubba



## Anna lenti í árekstri og innbroti sama dag

Opnuðu jólapakkana



## Tík blessuð í Lindakirkju

„Hugguleg stund“



# 10 ÁR AF SIGMUNDI

Vandræðalegar formannskosningar
„Skrykkjóttur ferill“


Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



## Síðustu orðin

*„Gerið svansbúninginn minn kláran."*

– Ballerínan Anna Pavlova (1881–1931)

## Á þessum degi, 18. janúar



**1778 –** James Cook finnur Hawaii-eyjar. Hann nefnir þær Sandwich-eyjar.



**1884 –** Dr. William Price reynir að brenna líkamsleifar barnungs sonar síns, Jesus Christ Price, sem verður löglegt fordæmi fyrir líkbrennslu innan Breska konungsveldisins.



**1943 –** Gyðingar gera sína fyrstu uppreisn í gettóinu í Varsjá í Póllandi.



**1976 –** Vígamenn kristinna Líbana drepa að minnsta kosti 1.000 manns í Karantina í Beirút.



**2002 –** Lýst er yfir endalokum borgarastyrjaldarinnar í Síerra Leóne.

# Anna Clara lenti í árekstri í hádeginu og innbroti um kvöldið

**Björn Þorfinnsson**
bjornth@dv.is



Fyrst manni er ætlað að lenda í svona áföllum, er þá ekki betra að klára þau bara á einum degi?" segir Anna Clara Björgvinsdóttir í samtali við DV. Anna Clara, sem búsett er á Tenerife ásamt Hallgrími unnusta sínum, varð fyrir þeirri fordæmalausu óheppni að lenda í hörðum árekstri og innbroti sama daginn, nánar tiltekið þann 19. desember síðastliðinn. Meðal annars rifu þjófarnir upp jólagjafir fjölskyldunnar og hurfu á brott með allt það sem þeir gátu borið.



Harður árekstur



Hallgrímur og Anna Clara

### Búa í friðsælu hverfi

Anna Clara og Hallgrímur fluttu út til Kanaríeyja fyrir í byrjun árs 2018. Þau eru búsett í bænum Adeje á suðvesturhorni Tenerife. „Þetta er afar friðsælt hverfi og því óraði mann ekki fyrir því að geta orðið fyrir barðinu á innbrotsþjófum. Jafnvel þó að það hefðu verið einhverjar fréttir um slík tilvik í nágrenninu," segir Anna Clara.

Hún var á ferðinni um gatnamót nærri heimili sínu eftir hádegi þennan dag þegar fyrsta ólánið dundi yfir. „Hér stoppa allir samstundis fyrir gangandi vegfarendum við gangbrautir og því stoppaði ég bílinn þegar ég sá eldri mann bíða við gangstéttina. Ung stúlka, sem var akandi fyrir aftan mig, var ekki með athyglina í lagi og bombaði aftan á bílinn minn segir," segir Anna Clara. Áreksturinn var harður og bíll ungu stúlkunnar eyðilagðist.

„Ég fékk talsvert högg á bakið og hálsinn en bíllinn minn var enn í ökuhæfu ástandi," segir Anna Clara. Talsverðan tíma tók að bíða eftir aðstoð og fékk Anna Clara Hallgrím til þess að vera sér til halds og trausts á meðan. Í kjölfar slyssins fóru þau beint til tryggingafélags síns og þaðan á nærliggjandi spítala til þess að fá mat lagt á áverka hennar.




Brotinn hurðarhúnn

„Þetta tók drjúga stund og við vorum loksins komin heim um klukkan níu um kvöldið. Þá sáum við að búið var að brjóta hurðarhúninn af útidyrahurðinni okkar," segir Anna Clara. Það skapaði talsvert vesen við að komast inn í íbúðina. „Við vorum viss um að þetta væri eitthvað pirrandi skemmdarverk enda var hurðin læst. Loks þegar okkur tókst að opna dyrnar þá fékk ég fyrst algjört áfall," segir Anna Clara.



Allt á tjá og tundri

### Eina í stöðunni að brotna niður og hringja í mömmu

Við henni blöstu flestir skápar heimilisins opnir upp á gátt og tætlur af gjafapappír á víð og dreif. „Þeir fjarlægðu flest smá raftæki sem þeir gátu borið auk þess að fara í gegnum jólagjafirnar okkar. Þeir rifu upp sængurföt sem móðir mín hafði ætlað að gefa okkur en fúlsuðu við þeim. Mamma var nú eiginlega hálfmóðguð yfir því og sagði síðar að þeir hefðu greinilega ekki skoðað hversu margir þræðir væru í þeim," segir Anna Clara og hlær dátt.

Þá höfðu þjófarnir einnig rifið upp gjöf frá dóttur Önnu Clöru þar sem hún var að gera grín að því að hún væri að verða amma með rúllum í hárið og fleira. „Þetta var auðvitað hrikaleg aðkoma og slæmur endir á enn verri degi. Ég gerði bara það sem flestir myndu gera í þessari stöðu – að brotna niður, hringja í mömmu og segjast vilja flytja aftur heim til Íslands," segir Anna Clara létt.

Nú nokkrum vikum síðar er Anna Clara þó ekki á leiðinni heim. „Við fengum okkur betri læsingu á útidyrnar og reynum að sjá spaugilegu hliðina á þessu öllu saman. Það er auðvelt að bæta raftækin þó að einhver gögn hafi tapast. Þetta verður góð saga fyrir barnabörnin í framtíðinni," segir Anna Clara. ■

# 5 sem ættu að stofna sértrúarsöfnuð

Í fæðingu er sértrúarsöfnuður í kringum hina ungu Öldu Karen Hjaltalín. Á rándýrum upplifunarfyrirlestrum fer hún með möntrur eins og „ég er nóg." Fólk í leit að sjálfshjálp étur þetta upp en vísindaheimurinn bregst illa við. Í tilefni af þessum nýja andlega foringja tók DV saman fimm einstaklinga sem ættu að gerast leiðtogar sértrúarsafnaða.



### Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Sigmundur hefur þegar plægt akurinn og uppskorið vel. Í Miðflokknum eru allir innviðir til staðar fyrir stofnun trúfélags. Flokksmenn dásama hinn góða mann sem predikar róttæka skynsemishyggju.





### Kári Stefánsson

Kári er með erfðamengi þjóðarinnar í lúkunum. Hann er alfa og ómega vísindanna. Tungubeittur spámaður sem berst fyrir hina snauðu og sjúku. Messías holdi klæddur.

### Gunnar Þorsteinsson

Gunnar hefur þegar talsverða reynslu af því að leiða sértrúarsöfnuð og það er kominn tími á „kombakk". Síðan eldklerkurinn missti tökin á Krossinum hefur allt verið á niðurleið þar.





### Heimir Karlsson

Í Bítinu á bylgjunni er gagnrýnislaust tekið upp alls kyns húmbúkk og gervivísindi og útvarpað til þúsunda Íslendinga á leið í vinnuna. Heimir og Gulli hafa fengið harða gagnrýni frá Vantrú sem verður að teljast ansi góður grundvöllur fyrir því að stofna sértrúarsöfnuð.

### Axel Pétur Axelsson

Þetta kann að koma á óvart í ljósi þess að Axel hefur efasemdir um flest sem gerist, bæði á Íslandi og í heiminum öllum. Þær samsæriskenningar sem hann setur fram gætu hins vegar verið trúarbrögð í sjálfum sér. Axel heldur úti eigin Youtube-stöð og er reglulegur gestur í útvarpi.



SYSTEMS One

www.one.is · one@one.is
sími: 660 8551 · fax: 588 1057



# Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

## SYSTEMS OneRecords
## Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

## SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitar-félögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

## SYSTEMS OneQuality



Gæða-stjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT -

# Hagkvæmar lausnir
## með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

SYSTEMS One®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

## Hver er hann

- Fæddur árið 1959 og alinn upp í Vogunum.
- Söngvari hljómsveitarinnar Magic Pie.
- Kennir börnum og unglingum í vanda.
- Hefur þrisvar sinnum sungið í úrslitakeppni Eurovision.
- Hitaði upp fyrir Megadeth á Nasa árið 2005.

SVAR: EIRÍKUR HAUKSSON.

## Það er staðreynd að...



Það eru pálmatré í suðurhluta Bretlands og á Írlandi.



Það eru tæpir 69 milljarðar króna af seðlum í umferð og rúmir 4 milljarðar í mynt.



Á Íslandi voru 26.742 mjólkurkýr árið 2017.



Hóll er algengasta bæjarnafn á Íslandi, 31 bær ber það. Á eftir koma Hvammur og Bakki.



Hár og tennur geta vaxið út úr ákveðnum krabbameinsæxlum.

# ASÍSKT ÞJÓFAGENGI RÆNIR SKRAUTFISKUM OG KÓRÖLUM

## „Það vita allir í þessu litla samfélagi hverjir þessir menn eru“

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is





Hið glæsilega fiskabúr Mantas og Migle áður en kórölunum (sjá inni í hringjum) var stolið.

„Við vitum nákvæmlega hverjir brutust hingað inn og rændu okkur. Þeir hafa leikið sama leikinn við fleira fólk. Við hyggjumst kæra málið til lögreglu og okkur er kunnugt um að það hafa fleiri gert,“ segja Mantas Zabulis og Migle Milinauskaite í samtali við DV. Á vikutímabili var tvívegis brotist inn í íbúð þeirra í Hafnarfirði. Í fyrra skiptið urðu þjófarnir frá að hverfa en í seinna skiptið tókst þeim að hafa á brott með sér það sem þeir höfðu augastað á, forláta kórala úr glæsilegu fiskabúri parsins. Fleiri áhugamenn um fiska og allt sem þeim tengist hafa orðið fyrir barðinu á þjófunum sem beita ætíð sömu aðferðinni. Þeir lýsa yfir áhuga á að kaupa tiltekna fiska eða kórala, kíkja í heimsókn og skoða. Stuttu seinna er brotist inn og fiskunum stolið en önnur verðmæti hunsuð.

### Höfðu óskað eftir að kaupa kórala

Fyrsta innbrotið hjá Mantas og Migle átti sér stað fyrir rúmri viku þegar þau voru í stuttri helgarferð úti á landi. „Þjófarnir brutu upp glugga hjá okkur en virðast hafa þurft frá að hverfa. Það eina sem hvarf var stytta úr glugganum. Við vorum viss um að ætlunin hefði verið að stela tölvunum okkar og öðrum verðmætum þannig að við settum í hvelli upp hreyfiskynjara inni í íbúðinni og löguðum gluggann.“ Tíminn var naumur því framundan var vikufrí á Kanaríeyjum hjá parinu.

Þegar Mantas og Migle komu heim úr fríinu kom í ljós að búið var að brjóta upp annan glugga á íbúðinni þeirra og núna hafði þjófunum tekist ætlunarverk sitt. „Þeir höfðu mokað öllum kórölunum okkar úr 500 lítra fiskabúrinu í stofunni. Þetta eru rándýrir og sjaldgæfir kóralar sem tekið hefur okkur langan tíma að rækta. Þjófarnir höfðu þó ekki litið við tölvunum né öðrum verðmætum hlutum sem maður myndi ætla að væri stolið í innbrotum,“ segir Mantas. Þá hafi þeir farið fagmannlega að við innbrotið, meðal annars notað langt rafmagnsrör til þess að slá hreyfiskynjarann niður á gólf og gera hann óvirkan.

Um leið og Mantas og Migle sáu hvernig umhorfs var eftir innbrotið þá læddist að þeim sá grunur að asísku mennirnir fjórir, sem höfðu kíkt í heimsókn nokkru fyrr til þess að skoða fiska með hugsanleg kaup í huga, hefðu átt hlut að máli. „Einn þeirra hafði sýnt kórölunum sérstakan áhuga og bent á þá og beðið um verð. Þegar maður lítur til baka þá held ég að hann hafi hreinlega verið að panta það sem hann langaði í,“ segir Migle. Í framhaldinu var parið í samskiptum við manninn varðandi kaupin í textaskilaboðum. „Hann vissi að yrðum ekki heima í bæði skiptin sem brotist var inn,“ segir hún.

> „Þjófarnir höfðu þó ekki litið við tölvunum né öðrum verðmætum hlutum sem maður myndi ætla að væri stolið í innbrotum



Eins og áður segist hyggjast Mantas og Migle kæra innbrotin til lögreglu. „Við settum inn skilaboð um þjófnaðinn á síðu þeirra sem hafa áhuga á fiskum og þá kom í ljós að fleiri höfðu orðið fyrir barðinu á sömu mönnum,“ segja þau.

### Allir vita hverjir þessir menn eru

Einn þeirra er Kjartan Geirsson sem rekur sveitabúðina Skrautfiskar. Hann segir: „Ég er með aðstöðu í bílskúrnum á heimili mínu og er þar með allmörg fiskabúr. Í lok nóvember á síðasta ári kom hópur manna að skoða hjá mér fiska. Þeir keyptu eitthvert smotterí en skoðuðu síðan aðra mun dýrari fiska gaumgæfilega og voru mjög áhugasamir.“ Nokkru síðar þegar Kjartan var staddur erlendis gerði sonur hans honum viðvart um að búið væri að brjótast inn í skúrinn. „Þá var búið að stela þeim fiskum sem þeir höfðu sýnt mestan áhuga. Ætli verðmæti þeirra hafi ekki verið um 100 þúsund krónur. Þeir brutu upp glugga til þess að komast inn. Verst var að kuldinn sem kom inn í kjölfarið gerði að verkum að fjölmargir fiskar drápust hjá mér,“ segir Kjartan. Hann segist hafa kært málið umsvifalaust til lögreglu og gefið þeim upplýsingar um hverja hann taldi vera að verki. „Það voru ýmis önnur verðmæti í skúrnum sem þeir tóku ekki með sér. Þetta eru ekki miklir hugsuðir að mínu mati því það er svo augljóst hverjir voru að verki,“ segir Kjartan. Hann segist einnig vita um fleiri áhugamenn um fiska sem hafi orðið fórnarlömb þjófanna auk þess sem þeir hafi hnuplað úr verslunum sem selji fiska. „Það vita allir í þessu litla samfélagi hverjir þessir menn eru,“ segir Kjartan. ■

# Athyglissjúkir og hæfileikalausir áhrifavaldar

## Svarthöfði

Svarthöfði ákvað að reyna að vera nútímalegur og byrjaði þess vegna bæði á Snapchat og Instagram. Fékk Svarthöfði því leiðbeiningar um hvaða fólki væri best að fylgjast með eða „adda“ eins börnin segja. Þetta var meðal annars einmana sjómannskona sem reyndist vera strigakjaftur. Einnig einhver bílstjóri og galgopi úr Keflavík sem drekkur ótæpilegt magn af bjór.

Hin fyrstu kynni af þessum kima internetsins ollu Svarthöfða miklum vonbrigðum. Svarthöfði bjóst við að þessi reynsla myndi göfga sálina en þess í stað er Svarthöfði fastur í að horfa á tóma froðu allan daginn. Allt þetta fólk, eða áhrifavaldar eins og það vill láta kalla sig, gerir lítið annað en að auglýsa smink og vörur til þrifa. Þetta er í raun afturhvarf til þess tíma þegar Íslendingar sátu fastir yfir Sjónvarpsmarkaðinum því ekkert annað var í sjónvarpinu.

Þetta er ekki vitund skemmtilegt eða áhugavert, en farsíminn hefur gert okkur að þrælum sínum og þetta er það sem er í boði þar. Athyglissjúkt fólk sem er svo hæfileikasnautt að það getur hvergi fundið sér farveg nema í bjánaskap.

Botninum er síðan náð þegar þetta lið setur svokallaða „filtera“ á myndböndin sín og þykist vera álfar eða sjóræningjar. Skríkja svo og hlægja að eigin fyndni. Svarthöfði er kominn á þá skoðun að tæknin sé að gera okkur að hálfvitum.

Af hverju á líf þessa fólks að vera þess virði að Svarthöfði fylgist með því dag og nótt? Líf fólks sem reynir að pranga einhverju drasli inn á þá nytsömu sakleysingja sem festast í þessum ávana?

> „Þetta er í raun afturhvarf til þess tíma þegar Íslendingar sátu fastir yfir Sjónvarpsmarkaðinum því ekkert annað var í sjónvarpinu



Eftir viku af auglýsingasprengjuregni á þessum guðsvoluðu samfélagsmiðlum ákvað Svarthöfði að eyða þessu út af símanum. Þess í stað hefur Svarthöfði ákveðið að snúa aftur á þann stað netsins sem er ærlegur og gegnheill. Nefnilega Moggabloggið. Þar fer fram göfgandi, vitræn og óspillt umræða um þjóðfélagsmál. Svarthöfði hefur samt áhyggjur af meðalaldrinum þar og hversu föst æskan er í viðjum fávitaskapar og flærðar. ■


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
LEIKSTJÓRN NIKOLAJ CEDERHOLM
EINRÆÐISHERRANN
„Það var unaður að fylgjast með Sigga og draumaliði leikara í frábærri sýningu!“
SVERRIR ÞÓR SVERRISSON
S.J Fbl.
„Stórkostlegur Sigurður Sigurjónsson! Takk fyrir frábæra sýningu...“
EDDA BJÖRGVINS
„...ég hló og ég grét og svo grét ég úr hlátri“
HELGA VALA HELGADÓTTIR
„Okkur er sýnt mikið af faglegum vinnubrögðum í sýningu Þjóðleikhússins á Einræðisherranum“
S.A TMM
„...hlutverkið er eins og skrifað fyrir hann“
J.B VÍSIR.IS
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
LEIKHUSID.IS
Þjóðleikhúsið • Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is

# ALLT PLAST AF HÖFUÐBORGARSVÆÐINU BRENNT

## Engin endurvinnsla á sér stað eins og sagt er á heimasíðu Sorpu



Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Íslendingar hafa verið duglegir að endurvinna plast frá heimilum sínum og hafa aukið skil á því með hverju árinu sem líður. Umræðan um plast og plastúrgang hefur einnig aukist gífurlega og hafa mörg fyrirtæki landsins brugðist við kröfu sífellt stækkandi hóps í samfélaginu um að minnka plastnotkun. Matvöruverslanir Bónuss hafa meðal annars stigið stórt skref í þessum málum og hætt sölu á öllum plastpokum. Í stað þeirra er boðið upp á lífniðurbrjótanlega poka, sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu. Margar borgir í heiminum hafa bannað einnota plast og hafa umhverfissamtök um allan heim hvatt ríkisstjórnir landa til að banna einnig einnota plast.

Ástæðan fyrir þessum aðgerðum er að plast veldur gífurlegum vandamálum í umhverfinu og hafa rannsóknir sýnt að magn örplasts er alltaf að aukast í fæðukeðjunni. Fjöldi fugla- og fiskitegunda er talinn vera í gífurlegri hættu þar sem stöðugt fleiri dæmi sýna að dýrin eru að borða plast í stað fæðu og deyja vegna þess. Magn af plasti í höfum heimsins hefur aldrei verið jafn mikið. Að sögn vísindamanna enda allt að 13 milljón tonn af plasti í höfum heimsins árlega og hækkar sú tala með hverju ári sem líður. Enn hefur ekki fundist lausn á því vandamáli, en vísindamenn vinna hörðum höndum að því að finna leið til að ná plasti úr sjónum.

### Bann í Kína hefur miklar afleiðingar

Þann 18. júlí 2017 sendu kínversk stjórnvöld frá sér yfirlýsingu þess efnis að þau myndu banna innflutning á 24 tegundum af plasti til endurvinnslu ásamt því að setja mjög ströng skilyrði fyrir móttöku á öðru plasti til endurvinnslu. Hefur ákvörðun Kínverja haft gífurleg áhrif um allan heim og hafa safnast upp plastbirgðir víða um heiminn. Mörg lönd fóru strax að vinna í því að finna aðra möguleika varðandi plastið svo það gæti verið endurnýtt í stað þess að lenda í brennslu til orkuvinnslu.

Ísland er ekki undanskilið frá því að bera ábyrgð á því mikla magni af plasti sem er í sjónum, en til dæmis eru öll fiskinet skipaflotans framleidd úr plasti, ásamt því að íslenskir neytendur nota gífurlega mikið magn af plasti daglega. Ísland er þó frábrugðið mörgum ríkjum vegna þess hve auðlindir hafsins skipta efnahag landsins gríðarlega miklu máli. Því er afar brýnt að sjórinn í kringum Ísland haldist hreinn og fiskur sem veiðist innihaldi ekki örplast.

Umhverfisstofnun greindi frá niðurstöðum nýrrar rannsóknar í vikunni. Niðurstöðurnar voru á þá leið að plast hefði fundist í 70% fýla við strendur landsins. Að auki fundust plastagnir í allt að 55% kræklinga í fjörum í kringum landið. Rannsóknin sýnir að plastmengun er vandamál í hafinu í kringum Ísland.

### Ekkert plast endurunnið

Sorpa meðhöndlar langmest af plastúrgangi landsins. Árið 2014 flokkuðu íbúar höfuðborgarsvæðisins ríflega 2.400 tonn af plastúrgangi. Hins vegar er talið að það sama ár hafi 3.617 tonn af plasti verið urðuð. Bæði á heimasíðu Sorpu og heimasíðu Reykjavíkurborgar er talað um hvað verði um plastúrgang sem íbúar höfuðborgarsvæðisins samviskulega flokka, þrífa og fara með í grenndargáma. Á heimasíðu Sorpu er sagt að efnið sé pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð Sorpu til að draga úr rúmmáli og síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu/orkuvinnslu. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar kemur fram að plastið sé sent til Svíþjóðar þar sem það er annaðhvort endurunnið eða brennt til orkuvinnslu. Hægt er að efnisendurvinna stóran hluta plasts og brennsla til orkunýtingar er ákjósanlegri valkostur en urðun í þeim tilfellum þar sem endurvinnsla er ekki fýsileg af einhverjum ástæðum. Í báðum tilfellum er talað um að plastið sé endurunnið.

Í ljós hefur komið að þetta eru rangar upplýsingar, sem bæði borgin og Sorpa hafa á heimasíðum sínum. Í rauninni er það svo að allt plast er brennt til orkuvinnslu og ekki neitt af því er endurunnið. Þetta hefur verið ferlið hjá Sorpu síðan í sumar. Þetta staðfestir Ragna Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri umhverfis- og fræðsludeildar Sorpu. Í samtali við DV segir Ragna að það sé ekkert leyndarmál að plastið sé brennt og ekkert sé endurunnið. Það hafi komið áður fram í fjölmiðlum. Þegar hún var spurð út í af hverju það væri ekki búið að breyta upplýsingum á heimasíðu Sorpu hvað þetta áhrærir sagði hún að það hafi greinilega misfarist.



Plastmengun í höfum heimsins er alvarlegt vandamál

Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu

### „Ég held að önnur málefni séu brýnni“

Í samtali við DV segir Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, að stjórn Sorpu hafi verið upplýst um stöðuna þann 1. júní síðastliðinn. Í fundargerð kemur fram að vonast sé til að búið verði að leysa þetta vandamál í byrjun árs 2019. Það hefur þó ekki gerst enn. Engar athugasemdir komu frá kjörnum fulltrúum sveitarfélaga sem nýta sér þjónustu Sorpu varðandi þetta og samkvæmt fundargerðum Reykjavíkurborgar er ekkert að finna um að borgarstjórn hafi verið kynnt þessi breyting á úrvinnslu á plasti frá borgarbúum.

Í fundargerðum Reykjavíkurborgar sést að fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa verið duglegir að koma með hugmyndir til að minnka plastmengun í borginni, en flestar hugmyndir þeirra hafa verið slegnar af borðinu. Sem dæmi má nefna hugmynd Sjálfstæðismanna um að setja upp betri síur í fráveitukerfi borgarinnar til að grípa örplastagnir og minnka þar af leiðandi plastmengun í sjó. Sú hugmynd var felld af fulltrúum meirihlutans sem sat í borgarstjórn á síðasta kjörtímabili.

Þegar Björn var spurður hvort það væri forgangsatriði hjá Sorpu að leysa það vandamál sem hefur komið upp vegna endurvinnslu á plasti segir hann að svo sé ekki. „Ég held að önnur málefni séu brýnni. Plast er ekki nema pínulítið magn af úrganginum. Plastmengun er ekki hérna á Vesturlöndum, hún er í Asíu og Afríku,“ sagði Björn. ■



# Bjarmaland ferðaskrifstofa



**SILKILEIÐIN MIKLA**

**Úzbekistan og Túrkmenistan**

18. - 30. apríl — 488 000 kr.

Mið-Asía er hulin ævintýralegum dularljóma en hér gerast ævintýri „1001 Nætur“. Á Silkileiðinni miklu fóru úlfaldalestir með varning á verslunareiðinni frá Evrópu til Kína. Samakand og Búkhara eru elstu borgir heims með 6 þúsund ára sögu og minjar um siðmenningu á hæsta stigi. Hér eru menningaráhrif frá Persaíu, Tyrklandi, Arabíu, Kína og Rússaveldi sem mynda afar skemmtilega blöndu. Einstök ferð á merkilegar slóðir sem fáir hafa komið á en vissulega er kominn tími til að kynnast þessu stórmerka svæði. Úzbekistan er nútímalegt vaxandi veldi og Túrkmenistan hefur verið lýst sem „lokaðasta landi heims“ enn sem komið er en löndin eru fyrrum Sovétlýðveldi í Mið-Asíu.



**ÆVINTÝRALJÓMI TRANSILVANÍU**

**Rúmenía - í fótspor Drakúla greifa**

25. maí - 1. júní — 179 700 kr.



**SIGLING KEISARALEIÐIN**

**Moskva - Pétursborg**

7.- 18. sept & aðrar dags — 333 000 kr.



**GEORGÍA og AZERBÆDSJAN**

**forn menning og hrikaleg fegurð Kákasusfjalla**

28. sept. - 8. okt. — 385 000 kr.



**HIÐ ÓÞEKKTA INDÓKÍNA**

**Víetnam og Kambódía**

**meiriháttar upplifun SA-Asíu**

26. okt. - 10. nóv. — 598 000 kr.

Bjarmaland ferðaskrifstofa

www.bjarmaland.is
bjarmaland@bjarmaland.is
sími 770 50 60

MYND: HANNA/DV



# Móðir Áslaugar er langt leidd af framheilabilun

„Við notum húmorinn til að gera þetta bærilegt. Annars er þetta allt svo vonlaust og sárt.“

**Auður Ösp Guðmundsdóttir**
audur@dv.is

Alltaf þegar að ég sé hana gráta, þá er ég viss um að hún veit hvar hún er og að við höfum sett hana inn á þessa stofnun í geymslu. Þetta er nefnilega lítið annað en geymsla fyrir fólk sem getur ekki verið með okkur hinum í daglegu lífi og fá úrræði eru fyrir,“ segir Áslaug Dröfn Sigurðardóttir sem hefur undanfarin ár horft upp á móður sína hverfa inn í eigin skel vegna framheilabilunar.

Í samtali við DV segist Áslaug upplifa mikið þekkingar- og reynsluleysi þegar kemur að umönnun heilabilaðra hér á landi.

Á dögunum ritaði Áslaug færslu á Facebook í tilefni af 70 ára afmælisdegi móður sinnar. Líkt og hún bendir á í færslunni varð móðir hennar sjötug án þess að hafa hugmynd um það.

*Dagarnir hennar fara í að labba ganginn sinn fram og tilbaka þangað til að hún er orðin kengbogin og starfsmaður leiðir hana inn í rúm til að hvíla sig, Svo er hádegismatur. Eftir hádegismat er hún leidd fram í Lazyboy og situr þar góða stund með hinum vistmönnunum að horfa á sjónvarpið. Svo er kvöldmatur.*

Áslaug bendir á að það þurfi að skilja heilabilun til að geta meðhöndlað hana rétt og vel. Móðir hennar verði oft hrædd og reið án þess nokkur viti eða skilji hvers vegna. Engu að síður séu til aðferðir til að gera aðhlynningu hennar bærilega.

*Ég skil ekki afhverju þetta er svona. Afhverju er ekki til meiri peningur til að setja í þjálfun og laun fyrir fólkið sem sér um eldri kynslóðina þegar að við getum ekki eða viljum ekki lengur gera það? Eiga ekki flestir eldri ættingja sem þeim er annt um og vilja að klári sína tilvist í góðu umhverfi?*

*Ég hata þessa sjúkdóma, þeir stálu af mér mömmu minni og ömmu barnanna minna. Yngsti sonur minn mun aldrei kynnast „ömmu klikk“ einsog ég held að hún hefði verið elskulega kölluð. Flippkindin hún amma Anna. Mig langar að vaða inn á skrifstofu hjá fólki sem að sér um þessi mál og öskra og garga og grenja framan í þau. Mig langar að gera einsog í bíómyndunum og láta þau finna sorgina og reiðina sem að blossar upp þegar að ég sé mömmu mína gráta án þess að geta nokkuð gert. Mig langar að láta þau finna mínar tilfinningar. Þá hljóta þau að gera eitthvað í þessu er það ekki?*

> **Stundum horfir hún í augun á mér og grætur og ég veit að hún vill deyja**

### Lúmsk einkenni í byrjun

Móðir Áslaugar var alla tíð fílhraust; vinmörg og ævintýragjörn. Þriggja barna móðir sem starfaði sem leikskólastjóri og hafði gaman af lífinu.

„Mamma var alltaf algjör sígauni. Hún var svona „grab life by the horns“-týpa, vog, það var alltaf stuð og gaman í kringum hana. Hún var svona flippkind og alltaf

MoReq2
VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT -
Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika,
auðveldan aðgang og gagnsæi.

OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra
1 One SYSTEMS
www.one.is
OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is



rosalega aktíf," segir Áslaug í samtali við DV.

Heilabilun var ekki það fyrsta sem Áslaugu og öðrum aðstandendum datt í hug þegar hegðun móður hennar fór að breytast.

„Hún fór að vera aðeins meira flippuð en venjulega og byrjaði skyndilega að blóta voðalega mikið. Við tengdum þetta ekkert við heilabilun, héldum bara að hún væri að verða flippaðri með aldrinum. Byrjunareinkennin á þessu eru svo lúmsk, eins og að rugla saman nöfnum og orðum, og segja kannski teskeið þegar viðkomandi ætlar að segja bíll."

Um það leyti sem móðir Áslaugar greindist var hún nýkomin frá Afríku þar sem hún hafði opnað skóla ásamt kunningjafólki sínu. „Hún hafði grennst mjög mikið og var hreinlega vannærð. Hún kvartaði undan höfuðverk og svima. Það fyrsta sem ég hugsaði var að hún hefði fengið minniháttar heilablóðfall."

Talið er að sjúkdómur móður hennar hafi verið að þróast í fjögur til fimm ár, þar til hún loksins fékk greiningu.

„Um leið og hún greindist þá hrakaði henni ofboðslega hratt og mér skilst að það sé mjög algengt hjá þeim sem eru í yngri kantinum. En við vitum ekki hvort hún hafi nokkurn tímann meðtekið það eða ekki að hún væri með heilabilun. Þess vegna náðum við aldrei þessu samtali við hana. Við fengum aldrei tækifæri til að setjast niður með henni og ræða við hana um hvað væri í gangi og hvað væri framundan, hennar óskir, hvort hún væri hrædd eða hvernig henni liði með þetta allt saman. Hún einhvern veginn bara hvarf, án þess að maður fengi tækifæri til að kveðja hana. Hálfu ári eftir greininguna var hún í rauninni bara alveg farin."

**„Hún einhvern veginn bara hvarf án þess að maður fengi tækifæri til að kveðja hana**

Áslaug segir þær systur hafa farið á fullt í að kynna sér sjúkdóminn um leið og greiningin lá ljós fyrir. „Allt greiningarferlið tók um 10 mánuði, fyrst að fá viðtalstíma og svo fullt af rannsóknum. Hún var sjálf ekki sátt við að fara til læknis og fannst það óþarft."

Upplifun Áslaugar og systra hennar er sú að upplýsingaflæðið fyrir aðstandendur sé afar takmarkað. „Það er til heilmikið af upplýsingum um Alzheimer en það er miklu minna til af upplýsingum um framheilabilun."

### Hættuleg sjálfri sér

Líkt og svo margir aðstandendur heilabilaðra þá lentu Áslaug og systur hennar í umönnunarhlutverkinu, en fengu þó aðstoð heimahjúkrunarteymis einu sinni á dag. „Við vildum halda henni heima eins lengi og mögulegt væri, en undir lokin var það ómögulegt. Við ríghéldum í allt eins lengi og við gátum, mamma gat púslað og teiknað og bróderað, en síðan þurftum við að láta hana hætta því af því að hún var orðin hættuleg sjálfri sér með nálarnar. Undir lokin var ekki hægt að skilja við hana eftirlitslausa. Þegar við tókum þá ákvörðun að setja hana á stofnun fannst mér eins og ég væri að svíkja hana."

Langur biðlisti var eftir plássi á Landakotsspítala og segir Áslaug að lítið hafi verið um svör. Á þessum tímapunkti hafi móðir þeirra beinlínis verið orðin hættuleg sjálfri sér. Í eitt skipti var Áslaugu og systrum hennar bent á að ef þær gætu ekki beðið lengur þá gætu þær farið með móður sína upp á bráðamóttöku og skilið hana eftir þar. „Það var í raun bara verið að segja að við gætum fleygt henni þangað inn og sagt við starfsfólkið: „Hei, þið dílið bara við þetta""

Hún segir að þær systurnar hafi vantað einhvern til að leiða þær í gegnum ferlið. „Við þurftum sjálfar að klóra okkur áfram og leita uppi allar upplýsingar jafnóðum. Kerfið er ofboðslega þungt og óþjált og það vantar allan strúktúr, bæði fyrir þá sem eru veikir og aðstandendur. Það var ekki eins og það væri hægt að fara bara beint á netið og fletta upp hvað maður á að gera sem aðstandandi manneskju með framheilabilun, þarna sækir þú um tryggingar, þetta eru réttindi sem hún hefur, og svo framvegis. Það er ömurlegt að horfa upp á mömmu sína hverfa og vita ekkert hvert maður á að leita eða við hvern maður á að tala."

Áslaug kveðst vera þakklát fyrir að þær systurnar séu saman að kljást við veikindi móður þeirra. „Ég veit það alveg fyrir víst að ég hefði aldrei getað gert þetta ein. Ég hefði örugglega bara lagst á gólfið og gefist upp í vanmætti."

### Mannekla og þekkingarleysi

Móðir Áslaugar hefur undanfarin tvö ár dvalið á lokaðri deild á hjúkrunarheimili, þar sem fjórtán aðrir einstaklingar eru vistaðir. Áslaug tekur skýrt fram að það sé ekki við starfsfólk deildarinnar að sakast. Kerfið sé einfaldlega ekki nógu skilvirkt og ekki nógu skipulagt. Vandinn liggi fyrst og fremst í reynslu- og þekkingarleysi hjá mörgu starfsfólki, og manneklu.

Áslaug bendir jafnframt á að heilabilunartilfellum hafi fjölgað mikið undanfarin ár, þar sem lífaldur hefur hækkað. Á sama tíma hafi aukist þörfin fyrir sérþekkingu og sérþjálfað starfsfólk á umönnunarstofnunum, starfsfólk sem sinnir ekki eingöngu grunnþörfum á borð við að þrífa og mata sjúklinga.

„Það er starfsfólk þarna sem er búið að vinna við aðhlynningu og hjúkrun í mörg ár en meira að segja það hefur sagt okkur að það þekki þennan sjúkdóm ekki nógu vel. Framheilabilun er náttúrlega mjög persónubundin."

Áslaug nefnir sem dæmi að þrír til fjórir starfsmenn séu alla jafna á dagvakt á deildinni, til að sinna lágmarksþörfum á borð við mötun og þrif. Á kvöldin séu tveir til þrír starfsmenn á vakt. Það gefi augaleið að það sé ekki nóg. Það þurfti til að mynda oft þrjá starfsmenn til að klæða móður hennar.

Til samanburðar má nefna að á leikskólum er miðað við að hver starfsmaður sé ekki með fleiri en fimm börn í sinni umsjá.

„Ef til dæmis einn vistmaður dettur, þá þurfa fleiri en einn að aðstoða viðkomandi og þá eru hinir vistmennirnir eftirlitslausir á meðan. Þau eru auðvitað eins og börn. Þau eru að ganga á veggi, þau eru að detta, þau eru að stinga upp í sig rafmagnsklóm. Mamma hefur borðað kattamat þarna inni á deildinni. Einu sinni komum við að henni útataðri í mat. Þá hafði hún setið þannig í þó nokkurn tíma, ennþá með smekkinn á sér af því að það hafði ekki gefist tími til að þrífa hana. Hún er búin að detta ótal sinnum og eitt skipti mjaðmarbrotnaði hún og þurfti að gangast undir aðgerð. Hún hefur margoft dottið á andlitið og þá hefur þurft að sauma spor í hnakkann. Svo veit aldrei neinn hvernig hún datt. Við vitum ekkert hvað er að gerast í höfðinu á henni, af því að hún getur ekkert tjáð sig. Hún fer að gráta ef maður kemur nálægt henni."

Áslaug tekur fram að þessi gagnrýni eigi við um allar heilabilunardeildir á landinu, en aðbúnaður sé afar misjafn á milli deilda.

„Það eru ekki allir sem eiga aðstandendur sem geta sinnt þeim. Á deildinni hjá mömmu eru einstaklingar sem fá sjaldan eða aldrei heimsóknir. Þau daga bara uppi á seinustu æviárunum, þegar þau eiga að fá að lifa með reisn og fá viðeigandi umönnun."

### Saknar þess að knúsa mömmu

Það er átakanlegt að horfa upp á ástvin í þessum ástæðum. Fyrir Áslaugu var það erfitt að horfast í augu við að börnin hennar tvö myndu alast upp án „ömmu Önnu."

„Stundum horfir hún í augun á mér og grætur og ég veit að hún vill deyja. Dagarnir eru misjafnir. Stundum fer maður út af deildinni í ágætis skapi og stundum geng ég út hágrátandi. Þegar ég eignaðist yngri son minn var ég ofboðslega bitur yfir því að hann fengi aldrei að kynnast ömmu Önnu. Þetta er auðvitað ákveðið sorgarferli sem þú ferð í gegnum. Á tímabili þoldi ég ekki að sjá afa og ömmur sem voru „í lagi", sem fá að eldast á eðlilegan hátt. Einu sinni var ég í Hagkaupum og sá tvær gamlar konur, gamlar vinkonur sem voru að versla saman. Ég þurfti að fara út og hágráta, mér fannst svo ömurlegt að vita til þess að mamma fengi aldrei að gera þetta.

Ég sakna þess ofboðslega mikið að fá ekki að tala við mömmu og spyrja hana um móðurhlutverkið. Fá að knúsa mömmu og sýna henni hlýju. Þegar ég reyni að taka utan um hana þá bregst hún við með því að fara í vörn og slá frá sér. Þegar ég kom í heimsókn til hennar með strákinn minn, sem var þá eins árs, þá sló hún til hans þegar ég ætlaði að sýna henni hann. Húnvar hrædd við hann og sá lhann sem ógn. Áður fyrr tók mamma börn fram yfir fullorðna og hún hefði aldrei brugðist svona við áður en hún veiktist af sjúkdómnum."

### Kaldhæðnishúmorinn er vopn

Móðir Áslaugar er nú á lokastigi sjúkdómsins og erfitt er að segja til um hversu lengi það varir. Það gætu verið 10 dagar. Eða 10 ár.

„Eins og staðan er í dag þá erum við bara að bíða. Við vitum auðvitað að henni á ekki eftir að batna. Við erum bara að bíða eftir að hún fái að fara. Það er eiginlega bara hræðilegt að horfa upp á þetta og ég myndi ekki óska neinum að þurfa að gera það."

Líkt og Áslug bendir á er lungnabólga algeng dánarorsök hjá þeim sem eru á lokastigi sjúkdómsins. Ástæðan er sú að einstaklingarnir missa getuna til að kyngja mat og kunna ekki að hósta. Maturinn getur því hrokkið ofan í viðkomandi, ofan í lungu og valdið sýkingu. „Það er eitt af því sem við óttumst; að fá símtal með þeim fréttum."

Þrátt fyrir allt saman þá hika þær systur ekki við að gera grín að aðstæðunum.

Kaldhæðnishúmorinn er að sögn Áslaugar ákveðið vopn. „Við notum húmorinn til að gera þetta bærilegt. Annars er þetta allt svo vonlaust og sárt.

Þegar ég heyri vinnufélaga kvarta undan foreldrum sínum þá skamma ég þá jafnvel og segi: „Hei, farðu til foreldra þinnaog knúsaðu þau og segðu þeim hvað þau séu frábær, jafnvel þótt þér finnist þau vera alveg óþolandi!" ■



# Örvæntingarfullir Venesúelamenn streyma til Kólumbíu

## Skortur á mat, lyfjum og öðrum nauðsynjum

**Kristján Kristjánsson**
ritstjorn@dv.is



Ástandið í Venesúela er skelfilegt en algjört efnahagshrun hefur orðið í þessu fyrrverandi auðuga ríki sem býr yfir einum mestu olíulindum heims. Almenningur sveltur heilu hungri og nær algjör skortur er á lyfjum og öðrum nauðsynjum. Rúmlega ein milljón landsmanna hefur nú þegar flúið til Kólumbíu og ef opinberar spár ganga eftir munu um fjórar milljónir Venesúelamanna vera flúnar til Kólumbíu árið 2021. Allir vonast til að finna vinnu þar, mat, lyf og öryggi en andstaðan við flóttamennina fer vaxandi í Kólumbíu eins og víðar í Suður-Ameríku.

Smyglarar hafa miklar tekjur af að flytja fólk frá Venesúela til Kólumbíu og annarra ríkja. Mörgum reynist erfitt að greiða fyrir flutningin enda peningar af skornum skammti. Þekkt er að smyglarar klippi hár af konum, sem þeir flytja yfir landamærin, og selji það til að hafa eitthvað upp úr krafsinu. Flestir þora ekki að fara yfir landamæri við hefðbundnar landamærastöðvar af ótta við að hermenn og landamæraverðir taki skilríki þeirra eða eyðileggi þau. Þess í stað tekst fólk á hendur hættulega ferð í óbyggðum þar sem ýmsar hættur leynast. Margir þurfa að fara mörg hundruð kílómetra leið sem liggur jafnvel að hluta yfir allt að rúmlega 5.000 metra háa fjallgarða og hitastigið getur sveiflast frá 30 gráða hita niður fyrir frostmark. Allt er þetta gert til að komast til stórborganna Bogotá og Medellin eða jafnvel áfram og til Ekvador. Talið er að 50 manns leggi af stað í ferð sem þessa á degi hverjum.

### Á þriðju milljón hefur yfirgefið landið

Í kjölfar þess að olíuverð snarlækkaði fyrir fjórum árum hrundi efnahagur Venesúela og ekki bæta stjórnarhættir í landinu úr skák en sósíalistastjórn landsins hefur tekist vægast sagt illa upp við að glíma við ástandið. Auk þess er spilling mikil og á meðan stór hluti þjóðarinnar á vart til hnífs og skeiðar maka sumir úr hinni pólitísku elítu krókinn og safna miklum auði. Sameinuðu þjóðirnar áætla að um 2,3 milljónir Venesúelamanna hafi flúið land á undanförnum fjórum árum. Það eru rúmlega sjö prósent af íbúum landsins.


**Caracas** Eitt af fjölmörgum fátækrahverfum í landi sem á miklar náttúruauðlindir.

Staðan er mjög alvarleg í landinu, mikill skortur er á helstu nauðsynjum á borð við mat og lyf og verðbólgan er stjórnlaus en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn áætlar að hún sé nú 1,4 milljónir prósenta. Þetta veldur því að efri millistéttin er orðin fátæk. Sem dæmi um verðbólguna má nefna að í ágúst kostaði kaffibolli í höfuðborginni Caracas tvær milljónir bólivara en árið áður kostaði hann 2.000 bólivara. Víða situr fólk og saumar töskur úr peningaseðlunum sínum og reynir að selja þær. Seðlarnir eru mjög slitsterkir og því kjörnir til töskugerðar.

Forseti landsins, Nicolás Maduro, reyndi í örvæntingu að bregðast við óðaverðbólgunni í sumar með því að taka fimm núll aftan af gjaldmiðlinum og hleypti nýrri rafmynt af stokkunum en hún er tengd olíuverðinu. Ekkert gefur til kynna að sú aðgerð hafi gert gagn.

### Gríðarlegur fólksflótti

Á síðasta ári skráðu innflytjendayfirvöld í Kólumbíu rúmlega 853.000 Venesúelamenn sem komu til landsins á leið sinni til annarra ríkja í Suður-Ameríku. Við þennan fjölda bætist sú milljón Venesúelamanna sem býr nú í Kólumbíu. Flestir fara yfir landamærin með því að nota Simón Bolívar-brúna í Cúcuta. Á degi hverjum fara 30.000 manns yfir landamærin til Kólumbíu til að vinna, versla eða borða. Um 10 prósent þeirra koma í þeim eina tilgangi að fá mat í móttöku kirkjunnar nærri brúnni. Daglega fara um 3.000 Venesúelamenn yfir brúna og horfa ekki til baka og koma ekki aftur.

### Góðar móttökur en blikur á lofti

Fram að þessu hafa stjórnvöld í Kólumbíu staðið fast á því að taka vel á móti flóttamönnunum en nýkjörinn forseti landsins, Ivan Duque, kynnti þá stefnu formlega í nóvember. Hann hvatti alla til að taka vel á móti flóttamönnunum. Þrátt fyrir pólitíska og efnahagslega erfiðleika í Venesúela líta Kólumbíumenn á þessa nágranna sem systur og bræður sína. Bæði ríkin voru frelsuð undan oki Spánverja af Simón Bolívar og um skamma hríð voru þau eitt, sjálfstætt ríki. Í gegnum tíðina hafa landamærasvæði ríkjanna runnið mikið saman efnahags- og félagslega.

Þótt Kólumbíumenn vildu loka landamærunum og stöðva flóttamannastrauminn er það með öllu útilokað. Landamæri ríkjanna eru rúmlega 2.200 kílómetra löng og ekki hægt að hafa stjórn á þeim. Á sumum svæðum ráða smyglarar og uppreisnarhópar lögum og lofum.


**Venesúela** Mikil ókyrrð í stjórnmálum og efnahagsmálum undanfarin ár.

Í Brasilíu var gripið til þess ráðs í ágúst að loka landamærunum tímabundið og skömmu síðar byrjuðu stjórnvöld í Ekvador og Perú að neita Venesúelamönnum um aðgang nema þeir væru með vegabréf en fæstir geta uppfyllt þá kröfu þar sem það hefur alltaf nægt að vera aðeins með nafnskírteini. Efnt hefur verið til mótmæla í Ekvador gegn flóttamönnum og í Brasilíu réðst reiður múgur á tjaldbúðir flóttamanna og rak um 1.000 Venesúelamenn á flótta.

Í landamærabænum Cúcuta finnur fólk mikið fyrir flóttamannastraumnum og stærsta sjúkrahús bæjarins tekur aðeins á móti Venesúelamönnum sem koma til Kólumbíu til að eignast börn eða fá meðhöndlun við einföldum sjúkdómum. Skólar eiga fullt í fangi með að taka við nemendum frá Venesúela sem hafa leitað þangað þar sem menntakerfið í Venesúela er hrunið. Vaxandi óánægju er farið að gæta hjá heimamönnum með þetta. Áður fyrr nutu íbúar Cúcuta góðs af nálægðinni við Venesúela. Þeir gátu keypt hræódýrt bensín í Venesúela og sótt sér háskólamenntun fyrir aðeins fimmtung þess sem það kostar að verða sér úti um slíka menntun í Kólumbíu.

### Dökkar framtíðarhorfur

Kólumbíska utanríkisráðuneytið vinnur nú út frá þrenns konar hugsanlegri framtíðarsýn; raunverulegri, bjartsýnni og svartsýnni. Ef ástandið breytist ekki í Venesúela reiknar ráðuneytið með að árið 2021 verði 2,17 milljónir Venesúelamanna í Kólumbíu en ef ástandið í Venesúela batnar aðeins gæti þessi talað lækkað um nokkur hundruð þúsund. Ef ástandið versnar enn frekar telur ráðuneytið að fólksstraumurinn gæti aukist mikið og að á þremur árum færu fjórar milljónir Venesúelamanna til Kólumbíu.

Carlos Holmes Trujillo, utanríkisráðherra landsins, segir að nú standi Kólumbía frammi fyrir áskorunum af áður óþekktri stærðargráðu, einhverju sem landið hafi aldrei áður upplifað. Ríkisstjórnin hefur verið hikandi við að gefa upp áætlaðan kostnað vegna flóttamannanna en samkvæmt spá ráðuneytisins gæti hann orðið mikill eða um tíu prósent af heildarútgjöldum ríkisins. Ekvador, Perú, Argentína og önnur ríki í Suður-Ameríku geta einnig búist við mikilli holskeflu af Venesúelamönnum ef ástandið batnar ekki. ■

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4
110 REYKJAVÍK
SÍMI 515 7200

www.osal.is
osal@osal.is
FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanívagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantanir á varahlutum.

GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM UMBÚÐUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITAÞORP HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLLI Á ÍSLANDI, EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.




HÁKOT, ÞYKKVABÆ, 851 HELLA | SÍMI: 859 6197 | HALLO@1000ARASVEITATHORP.IS

# RISA ÚTSALA!

## 20-70% Afsláttur af öllum vörum til 31. janúar 2019



**30% afsláttur af FootJoy golfskóm**



**25% afsláttur af öllum fatnaði. Sama verð og í USA**



**30% afsláttur af Ecco sandölum, götuskóm og barnaskóm**

BROOKS

**Allir Brooks skór á 14.000 kr.**



Ghost er söluhæsti einstaki skórinn í hlaupaverslunum í USA og í Evrópu 3. ár í röð. Adrenline söluhæsti stöðugi skorinn 6. árið í röð. Allir helstu skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá Runners world síðustu þremur árum. Frábærir skór á frábæru verði!



**Hyperice vörur eru á 20% afslætti**

### Hypervolt

Einstök vibrandi nuddbyssa. Hypervolt er fyrsta alvöru græjan á viðráðanlegu verði sem þú getur notað til að nudda auma vöðva, frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaraðila.

feetures

**Feetures sokkar á 25% afslætti**



### Feetures sokkar

- Feetures eru með nálægt 40% markaðshlutdeild í USA
- Feetures eru með „heel lock" og renna ekki niður, saumalaus táhetta, sérgerðir fyrir vinstri og hægri fót.
- Þrýstisokkarnir auka blóðflæðið í gegnum vöðvann.
- Frábært við beinhimnubólgu og öðrum festuvandamálum.

OOFOS®



Ný Sending komin í hús!
6.490 kr.

Í OOFOS® heilsusandalanum er höfundarréttarvarið OOfoam efni sem er **37%** meira höggdempandi en í hefbundnum skóm.

**Höfum opnað glæsilega sölusíðu**
**www.gongugreining.is**
**Allar vörur eru með sama afslætti á heimasíðu**





Einstök fótlaga hönnun gefur frábæran stuðning og mikla mýkt, það hefur mjög góð áhrif á hælspora og iljarfellsbólgu og getur minnkað verki í fótum, ökklum, hnjám, mjöðmum og baki. Þess vegna mæla fótaaðgerðafræðingar og sjúkraþjálfarar með OOFOS®.

Sandalarnir eru hannaðir til að hvíla fótinn og henta því bæði sem inniskór, í vinnu, eftir íþróttir og sem sundskór. Þeir þola bleytu og fljóta í vatni, einnig má þvo þá í þvottavél á lágum hita.

Frauðefnið er lokað svo að það dragi ekki í sig raka, bakteríur og þar af leiðandi táfýlu.

Mýktin og dempunin frá OOfoam endist vel og er ekki plastefni eins og þekkist í svipað útlítandi sandölum.

Þó það sé ekki hælband á OOFOS® gerir einstakt lagið á fótbeðinu það að verkum að skórnir sitja fastir á fætinum.

**Einfaldlega ótrúlega þægilegir heilsusandalar á sambærilegu verði og fæst í Bandaríkjunum og öðrum löndum.**

EINS OG FÆTUR TOGA
www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

# SÉR EKKI NEINA LAUSN Á MÁLUM KOLBEINS

**Framherjinn knái virðist ekki vera á förum frá Nantes ■ Launapakki hans hefur áhrif**


MYND: GETTY

Það ríkir mikil óvissa um framtíð Kolbeins Sigþórssonar, framherja Nantes og íslenska landsliðsins í fótbolta. Vonir stóðu til að framherjinn knái væri búinn að finna sér nýtt lið, í Frakklandi fær hann ekkert að spila. Kolbeinn hefur í nokkra mánuði reynt að fara frá Nantes og félagið vill sömuleiðis losna við hann. Ekki hefur hins vegar náðst samkomulag um starfslok hans hjá félaginu, líkur eru á að Kolbeinn fari ekki frá félaginu áður en félagaskiptaglugginn lokar í enda janúar.

„Ég held að stjórn Nantes hafi gefist upp og telji ekki miklar líkur á því að Nantes nái að losa Kolbein í þessum mánuði. Það hefur reynst félaginu ómögulegt að selja Kolbein, hann hefur ekki spilað í fleiri mánuði. Hann er einn launahæsti leikmaður Nantes og meiðslin helsta ástæða þess að félaginu gengur erfiðlega að losna við hann. Það verður að koma í ljós hvort eitthvert félag er tilbúið að taka sénsinn á honum,“ sagði David Phelippeau, blaðamaður 20minutes í Frakklandi, við DV. Hans starf er fyrst og fremst að fylgjast með málefnum Nantes.

**Slæm tíðindi fyrir landsliðið**

Erik Hamren, landsliðsþjálfari Íslands, hefur reynt að koma Kolbeini í gang. Framherjinn fékk tækifæri í verkefnum landsliðsins síðasta haust og kom vel út úr þeim. Valið var umdeilt enda hefur Kolbeinn ekki verið að spila með félagsliði sínu. Kolbeinn er einn besti framherji sem Ísland hefur átt og vildi Hamren láta á hann reyna. Ef Kolbeinn finnur sér ekki nýtt lið á næstu vikum er ólíklegt að hann verði í landsliðinu í mars þegar undankeppni Evrópumótsins hefst. „Vahid Halilhodzic, þjálfari Nantes, vill hreinlega ekki nota Kolbein. Það hafa ekki komið fram nein skýr svör um ástæðuna, hann virðist vera á þeirri skoðun að Kolbeinn sé hreinlega ekki nógu góður. Kolbeini hefur aldrei tekist að ná flugi hjá Nantes, meiðslin hafa svo sett stórt strik í reikninginn,“ sagði Phelippeau um stöðuna.

**Launapakki Kolbeins svakalegur**

Phelippeau heldur því fram að Kolbeinn sé einn launahæsti leikmaður félagsins. Waldemar Kita, forseti félagsins, hefur rætt það en fjölmiðlar í Frakklandi hafa gagnrýnt Kita fyrir að hafa keypt Kolbein sumarið 2015 og gert við hann fimm ára samning. „Kita hefur rætt um hann við fjölmiðla og virðist vera nokkuð reiður, hann hefur samt bara einu sinni rætt þetta. Kita vill bara losna við Kolbein, því launapakki hans er svo stór. Kita hefur beðið umboðsmann hans að finna lausn, það hefur ekki tekist. Þetta er eitt stærsta klúðrið frá því að Waldemar Kita tók við Nantes árið 2007. Kolbeinn er mjög dýr leikmaður og átti að verða stjarna liðsins, en það hefur ekki tekist,“ sagði Phelippeau.



*Kæmi það til greina hjá Nantes að borga Kolbeini upp samninginn svo hann færi?*

„Ég held ekki, launin hans eru svo svakaleg.“

*Gæti Kolbeinn fengið tækifæri hjá Nantes?*

„Ég hef ekki neina trú á því, ég bara sé það ekki gerast. Svo lengi sem Halilhodzic er þjálfari þá mun ekkert breytast. Kolbeinn virðist ekki eiga neina framtíð hjá Nantes. Eina lausnin virðist vera að framherjinn finni sér nýtt félag.“ ■

## Saga Kolbeins frá árinu 2016:

**Júní 2016** – Tók þátt í Evrópumótinu 2016 og byrjaði alla leiki Íslands. Var frábær á mótinu.

**Ágúst 2016** – Kom tvisvar við sögu í leikjum Nantes.

**Ágúst 2016** – Gekk í raðir Galatasaray á láni frá Nantes.

Desember 2016 – Yfirgaf Galatasaray, lék aldrei með félaginu vegna meiðsla.

**Maí 2018** – Lék tvo leiki með Nantes sem varamaður.

**Maí 2018** – Var ekki valinn í HM-hóp íslenska landsliðsins.

**September 2018** – Lék sinn fyrsta landsleik með Íslandi frá því á EM 2016.

**Janúar 2019** – Kolbeinn er í vandræðum með að losna frá Nantes og framtíð hans er í óvissu.



Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

# MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN, VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

*Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!*




Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.
Gæði bætiefna skipta öllu máli.
Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu.
Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

## EITTHVAÐ FYRIR ALLA

**Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín**

*Allt lífrænt - allt vegan*

Þú færð MyKind vörulínuna hjá Mamma vet best Laufbrekku 30 200 kópavogi, Njálsgötu 1 101 Reyjavík og á Mammaveitbest.is


18. janúar 2009
Vandræðalegt formannskjör.

# TÍU ÁRA RÚSSÍBANAREIÐ SIGMUNDAR

## ■ Klaufaleg formannskosning ■ Reynsluleysið Akkilesarhæll ■ Erfiður skilnaður við Framsókn

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Tíu ár eru síðan Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kjörinn formaður Framsóknarflokksins. Hann virtist spretta upp úr engu en ferill hans hefur verið ein rússíbanareið. Eftir óvæntan sigur í klúðurslegri formannskosningu leiddi hann Framsóknarflokkinn til tveggja kosningasigra og varð forsætisráðherra Íslands. Eftir þrjú ár í embætti féll hann af söðli á sögulegan hátt eitt sunnudagskvöld í Kastljósi. Við tók tap í formannsslag og upprisa nýs flokks. Nýjasta vendingin á ferli Sigmundar eru hinar fordæmislausu upptökur af Klaustri þar sem hin reykfylltu bakherbergi voru opnuð upp á gátt. DV renndi stuttlega yfir þennan líflega tíma og ræddi við Eirík Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði.

### Vandræðaleg uppákoma

„Réttkjörinn í embætti formanns Framsóknarflokksins … er Höskuldur Þórhallsson,“ tilkynnti formaður kjörstjórnar Framsóknarflokksins á landsþingi flokksins þann 18. janúar árið 2009 að Hlíðarenda. Salurinn fagnaði, Höskuldur kyssti frúna og arkaði upp á svið til að halda sigurræðuna. En þá var hann beðinn um að bíða með ræðuna uns kjörstjórn héldi skyndifund.

Eftir tíu vandræðalegar mínútur steig formaðurinn aftur í púltið og tilkynnti að mistök hefðu átt sér stað. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson væri réttkjörinn formaður Framsóknarflokksins. Formaður kjörstjórnar sagði af sér í kjölfarið. Þetta átti ekki eftir að verða síðasta skrautlega uppákoman á ferli Sigmundar.

Á þessum tíma var Framsóknarflokkurinn á algerum botni. Undir stjórn Jóns Sigurðssonar fékk flokkurinn sína verstu útreið árið 2007, aðeins 11,7 prósenta fylgi og sjö þingmenn. Guðni Ágústsson náði ekki vopnum flokksins að nýju og Valgerður Sverrisdóttir tók aðeins tímabundið við formennskunni. Margir töldu að flokkurinn ætti töluverða sök á bankahruninu eftir stjórnarsetuna með Sjálfstæðisflokknum frá 1995 til 2007 þar sem bankarnir voru einkavæddir.


Eiríkur Bergmann

Flokkurinn þurfti innspýtingu og hún fannst í Sigmundi sem var þá óþekktur á stjórnmálasviðinu en hafði vakið athygli sem einn af talsmönnum Indefence-hópsins. Hann var fyrrverandi fréttamaður og hafði látið sig varða skipulagsmál. Hann var ekki uppalinn í flokknum en hafði þau tengsl að faðir hans, Gunnlaugur Sigmundsson, hafði setið á þingi fyrir hann. Eiríkur Bergmann segir að Sigmundur hafi verið réttur maður á réttum stað.

„Það var foringjakreppa í Framsóknarflokknum. Indefence var sá stökkpallur sem kom honum áfram og nokkrir Framsóknarmenn fyrir norðan höfðu samband og hvöttu hann til að ganga í flokkinn og leiða hann.“

### Öflug stjórnarandstaða

Sigmundur var heppinn. Rúmri viku eftir flokksþingið sleit Geir H. Haarde stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar eftir að hinn síðarnefndi setti fram kröfur sem hann gat ekki sætt sig við. Í kjölfarið tóku vinstriflokkarnir sig saman og mynduðu minnihlutastjórn í samráði við Sigmund og Framsóknarmenn sem vörðu hana falli fram að kosningum. Sigmundur minnti reglulega á sig á þessum tíma og stóð á bremsunni ef þurfti.

Kosningarnar 2009 gengu í garð, vinstri flokkarnir unnu risasigra, Sjálfstæðisflokkurinn beið afhroð. Framsókn vann ágætan sigur, bætti við sig þremur prósentum og tveimur þingmönnum. Með Sigmundi sjálfum komu leiðtogar nýrrar kynslóðar. Gunnar Bragi Sveinsson að norðan, Sigurður Ingi Jóhannsson að sunnan og Vigdís Hauksdóttir í borginni.

Vinstri stjórn Jóhönnu Sigurðardóttur mátti þola fyrirsjáanlega erfiðleika og standa frammi fyrir sársaukafullum ákvörðunum. Ákvörðunum sem óþreyju- og örvæntingarfullur almenningur vildi ekki sjá. Sú allra óvinsælasta var Icesave-samningarnir og Sigmundur skipaði sér í lið með forsetanum og Indefence. Voru þær samningaumleitanir málaðar sem landráð. Vinstri stjórnin komst lúbarin yfir endamarkið, eftir að hafa komið fáum af sínum málum í gegn og þurfti að reiða sig á Borgarahreyfinguna til að halda meirihlutanum. Ísland var Sigmundar að taka.

*Er Sigmundur popúlískur?*

„Ég held að hann sé það ekkert endilega fyrst og fremst. En ég gerði eitt sinn rannsókn á Framsóknarflokknum undir hans forystu og komst að því að sú ▶

TÖKUM AÐ OKKUR
ALLAR ALMENNAR FATAVIÐGERÐIR




Saumastofa ÍSLANDS
581 3330 / Malarhöfði 2

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# STÓR ÚTSALA REKKJUNNAR Í FULLUM GANGI!

# 20-60% AFSLÁTTUR




Útlitsgallaðar, sýningar og skiptidýnur, heilsurúm, stakar dýnur, sængur, heilsukoddar, lök og höfðagaflar á ótrúlegu verði.

**Mikið úrval af stillanlegum rúmum á frábæru verði.**

**Komdu strax í dag og gerðu frábær kaup!**

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

**Leiðréttingin** Stóra mál Sigmundar sem forsætisráðherra.




útgáfa af flokknum hefði popúlíska hlið þótt hann væri í grunninn hefðbundinn."

### Leiðréttingin og Wintris

Í alþingiskosningunum árið 2013 vann flokkurinn fordæmalausan sigur. Fékk 24,4 prósent atkvæða og bætti við sig tíu þingmönnum. Sigmundur gat valið sér dansfélaga og ákvað að bjóða Bjarna Benediktssyni upp í sumarbústað. Sigmundur skyldi leiða dansinn sem forsætisráðherra, aðeins 38 ára og sá yngsti í lýðveldissögunni.

Stjórnarsambandið bar keim af þessari forystu og málum Sigmundar skyldi komið í gegn. Leiðréttingin mikla á verðtryggðum húsnæðislánum var stóra loforðið og kynnt fyrir þjóðinni undir lok árs 2014. Afturköllun umsóknar um aðild að Evrópusambandinu var einnig kynnt þetta ár og vorið 2015 færði Gunnar Bragi utanríkisráðherra starfandi forseta sambandsins bréf þess efnis.

Vorið 2016 virtist fátt geta ruggað bátnum. Sunnudagskvöldið 3. apríl fylgdust landsmenn hins vegar stjarfir með Kastljósi þegar hinn sænski Sven Bergman spurði hann: „What can you tell me about a company called Wintris?" Panamaskjölin voru opinberuð og Sigmundur var þar á meðal.

Í kjölfarið reis almenningur upp og krafðist afsagnar. Sigmundur keyrði með þingrofsskjöl í frægri tösku til Bessastaða. Þar fékk hann neitun frá sínum helsta bandamanni, Ólafi Ragnari forseta, og stríðið var tapað. Sigmundur var sendur í leyfi og Sigurður Ingi tók við.

Eiríkur segir að Sigmundur sé um margt sérstakur stjórnmálamaður og að ferill hans hafi verið skrykkjóttur.

„Það má tína það til að hann varð strax forystumaður flokksins án þess að hafa reynsluna úr stjórnmálum. Það er alltaf erfitt hlutskipti, sama hver á í hlut og er Akkilesarhæll fleiri stjórnmálamanna. Þetta er sívaxandi vandamál því það er stöðugt ákall í samfélaginu um endurnýjun. Að fá inn fólk til forystu sem er utanaðkomandi og ekki talið óhreint af stjórnmálastarfi. Það gefst einfaldlega ekki vel því þjálfunin á lægri stigum skiptir verulega miklu máli. Sérstaklega þegar stjórnmálamenn mæta áskorunum. Sigmundur hefur lent í þessu."

*Var hann umdeildur í flokknum fyrir Wintris?*

„Allir forystumenn eru umdeildir og hann líka. En hann var alveg óskoraður formaður. Þannig að hann var ekki svo umdeildur að vera nokkurn tímann valtur í sessi."

### Fall, ris og annað fall

Sigmundur hafði alltaf ætlað sér að snúa aftur en innan flokksins voru ekki allir sáttir við þann ráðahag. Fór svo að Sigurður Ingi bauð sig fram gegn honum sem Sigmundur taldi reginsvik. Á hundrað ára afmælisflokksþingi þann 2. október í Háskólabíó voru örlögin ráðin. Sigraði Sigurður þar með 370 atkvæðum gegn 329 og Sigmundur stormaði út áður en dagskránni lauk með fréttamenn í halarófu á eftir sér.



**Velt úr sessi** Sigurður Ingi kjörinn formaður.

> „Staða bæði hans og flokksins er þröng eftir nýorðna atburði




**Kastljós** Sigmundur gekk úr viðtali.

Skömmu síðar gekk Framsóknarflokkurinn klofinn til kosninga og beið afhroð. Metið frá 2007 var slegið, aðeins 11,5 prósent og átta menn á þing. Þennan vetur töluðust Sigmundur og Sigurður Ingi vart við.

Þegar óvænt var blásið til kosninga ári síðar fengu bæði Sigmundur og hans helsti bandamaður, Gunnar Bragi, mótframboð um oddvitastöður. Í lok september þetta ár ákvað Sigmundur að segja skilið við flokkinn og stofna nýjan flokk, sem varð Miðflokkurinn, og með honum fór stór hópur Framsóknarmanna. Í kosningunum fengu báðir flokkar álíka fylgi, tæplega 11 prósent, og töldu sig get vel við unað. Eftir kosningarnar enduðu þeir hins vegar hvor sínum megin við stjórnarborðið.

Miðflokkurinn gekk í gegnum sveitarstjórnarkosningar um vorið 2018 og varð vel ágengt víða um land. Að öðru leyti sigldi hann lygnan sjó þar til í lok nóvember þegar Sigmundur og fimm aðrir þingmenn voru teknir upp á Klaustri. Um fátt annað hefur verið rætt í stjórnmálunum síðan.

*Hver myndir þú segja að staða hans og Miðflokksins sé í dag?*

„Staða bæði hans og flokksins er þröng eftir nýorðna atburði. Miðflokksmenn eru einangraðir á þinginu, í það minnsta tímabundið. Við vitum hins vegar ekki hvaða áhrif þessir atburðir hafa til lengri tíma. Framsóknarflokkurinn og Miðflokkurinn voru að herja á sömu mið og það var talið að aðeins annar þessara flokka gæti lifað af með góðu móti. Miðflokkurinn var á góðri siglingu á meðan Framsóknarflokkurinn stóð höllum fæti, meðal annars vegna stjórnarsamstarfsins. Í seinustu könnunum hefur þetta snúist við." ■



# ÚTSALA!

*Allt að*

# 60%

*Afsláttur*

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR

SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

DV
Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

**Útgáfufélag:** Frjáls fjölmiðlun ehf. **Stjórnarformaður:** Sigurður G. Guðjónsson
**Framkvæmdastjóri:** Karl Garðarsson **Aðalritstjóri og ábyrgðarmaður:** Kristjón Kormákur Guðjónsson
**Aðstoðarritstjóri:** Einar Þór Sigurðsson **Prentun:** Landsprent **Dreifing:** Árvakur

*DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.*

**Aðalnúmer:** 512 7000
**Auglýsingar:** 512 7050
**Ritstjórn:** 512 7010

## Sandkorn




### Kolbeinn eða Rósa í varaformanninn?

**Edward Huijbens**, varaformaður VG og prófessor við Háskólann á Akureyri, tilkynnti nýverið að hann væri að flytja til útlanda. Hann myndi því ekki gefa áframhaldandi kost á sér í embættið á komandi landsfundi í haust. Edward var kjörinn árið 2017 og sigraði þá Óla Halldórsson, sveitarstjórnarmann í Norðurþingi.

**Rósa Björk Brynjólfsdóttir** og **Andrés Ingi Jónsson** hafa ekki sagt sig úr flokknum þó að þau hafi lýst því yfir að þau styðji ekki stjórnina. Annað hvort þeirra, þá helst Rósa, gæti séð hag sinn í því að fara fram.

Á móti Rósu gæti boðið sig fram **Kolbeinn Óttarsson Proppé**, sem einn helsti varðhundur **Katrínar Jakobsdóttur** og flokksforystunnar. Vinstri græn á landsbyggðinni gætu einnig gert kröfu um að einhver úr þeirra röðum yrði varaformaður.

### Sturluð samsæriskenning

**Jón Baldvin** Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra, sætir nú ásökunum um kynferðislega áreitni frá ýmsum konum, þar á meðal dóttur sinni. Óvænt hefur hann fengið stuðning frá hægri popúlískum öflum sem tæpast gætu talist pólitískir samherjar hans. Hefur það verið nefnt að tímasetningin á ásökunum sé ekki tilviljun. Jón hafi nýlega talað gegn þriðja orkupakka Evrópusambandsins.

Svipað var uppi á tengingum árið 2012 þegar Nýtt líf birti bréf Jóns til ungrar systurdóttur eiginkonu hans, Bryndísar Schram. Þá var framboð Jóns til forseta í undirbúningi og hann velti fyrir sér tímasetningunni.

Staðreyndin er sú að þolendur koma fram þegar þeir eru tilbúnir til þess, árum eða áratugum eftir atburði. Aðstæður breytast og sömuleiðis tíðarandinn. Að setja þetta í samhengi við núverandi vafstur geranda er sturlun.



# Stigin langt út fyrir hefðbundna sjálfshjálp

## Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



> **Fátt er ljótara en að nýta sér trúgirni fólks í veikri stöðu**

Föstudagskvöldið 18. janúar mun hin umtalaða Alda Karen Hjaltalín halda þriggja tíma „upplifun“ í Laugardalshöll. Tissjú verður í boði. Munið að borða vel og pissa áður en þetta byrjar og ekki ræða þetta við nokkurn mann á eftir. Miðaverð, litlar 12.990 krónur.

Alda Karen hefur vakið mikla athygli og réttmæta gagnrýni frá fagfólki um sinn boðskap. Að svarið við sjálfsvígum sé einfalt. Aðeins ein setning; „ég er nóg.“ Hefur verið bent á að slíkar möntrur og alhæfingar geti ekki átt við þann fjölbreytta hóp sem berst við þunglyndi og er í sjálfsvígshættu. Þetta er sérstaklega hættulegt í tilfelli Öldu, sem er mjög vinsæl hjá ungu fólki og virðist hafa mikinn sannfæringarkraft.

Hluti af áhrifamættinum er að benda á eigin verðleika. Að hún, aðeins 25 ára gömul, hafi náð langt á ákveðnum sviðum og komist í kynni við frægt fólk. Í viðtali eftir viðtali er henni hampað sem boðbera nýrra tíma og fyrirmynd æsku landsins.

Fátt er ljótara en að nýta sér trúgirni fólks í veikri stöðu. Þegar Alda talar til fólks í sjálfsvígshættu er hún stigin langt út fyrir hefðbundna sjálfshjálp. Hún er að tala til fólks sem stendur mjög höllum fæti og þarfnast sérfræðiaðstoðar.

Til eru ótal sorgleg dæmi um að fólki með alvarlega sjúkdóma hafi hafnað nauðsynlegri sérfræðimeðferð vegna loforða fúskara og kraftaverkalækna. Örvæntingarfullt fólk sem er tilbúið að trúa hverju sem er. Fyrir fjórum árum greindi ungur maður frá því að faðir hans, sem var með lifrarkrabbamein, hefði eytt meira en milljón krónum í gagnslaust kraftaverkalyf. Lést hann nokkrum mánuðum síðar.

Sumir hafa stigið fram og varið Öldu; að þótt hún sé ekki faglærð þá geti hennar aðferð virkað fyrir suma. Einnig örlar á fyrirlitningu fólks á „menntaelítunni“ fyrir að hleypa engum öðrum að borðinu. Að menntað fólk hafi ekki öll svörin. Staðreyndin er hins vegar sú að menntað fólk hefur gengið í gegnum ákveðið ferli, kynnt sér hinar ýmsu hliðar mála og rannsakað viðfangsefni sitt. Það er betur í stakk búið til þess að fjalla um ákveðin mál en aðrir og leiðbeina fólki í réttar áttir.

Geta ófaglærðir þá ekkert gert til að stemma stigu við sjálfsvígum og koma réttum skilaboðum áleiðis? Jú, auðvitað. Síðastliðið haust brugðust tvær ungar námsstúlkur við sjálfsvígsöldu í tiltekinni tónlistarkreðsu með því að skipuleggja tónleika. Þar tóku til máls sálfræðingar og fólk frá Rauða krossinum kynnti úrræði. Skipuleggjendur hátíðarinnar Eistnaflugs héldu einnig umræður um sama faraldur þar sem sálfræðingur stýrði umræðum. Þetta sýnir að almenningur getur vel tekið þátt og látið gott af sér leiða. En það verður að vera gert á réttan hátt, það er einfaldlega of mikið í húfi. ■

# Æsingur vikunnar:

Það var æsingur af tvenns konar toga í samfélaginu í vikunni. Fyrst var um að ræða ummæli skúrks í þættinum Ófærð, sem sýndur var á RÚV á sunnudagskvöldið, sem notaði lýsinguna „korter í Downs“. Á sunnudaginn stigu fram foreldrar barna með Downs-heilkenni og sögðu þetta ótækt. Síðar saman dag steig Sigurjón Kjartansson, handritshöfundur þáttanna, fram og baðst afsökunar. Svo virtist sem málið væri búið en þá stigu fram fleiri sem sögðu þetta óþarfa viðkvæmni og bentu á að það hefði verið skúrkur en ekki söguhetja sem hafi notað þennan niðrandi frasa. Málinu var lokið á þriðjudagskvöldi.

Það var þó annar og meiri æsingur sem setti mark sitt á vikuna, þá í kringum Öldu Karen Hjaltalín. Alda Karen er 25 ára og vinsæll fyrirlesari sem verður með „upplifun“ í Laugardalshöll á föstudagskvöldið. Hún var í viðtali í Íslandi í dag á mánudaginn þar sem hún sagði lausnina við sjálfsvígum vera hugsunina „ég er nóg“.

Daginn eftir viðtalið fylltust samfélagsmiðlar af gagnrýni á Öldu Karen og boðskap hennar. Hún var sögð „snákaolíusali“ sem gerði lítið úr alvarlegum veikindum. Pétur Tyrfingsson sálfræðingur sagði að hún hefði ekki „hundsvit“ á hvernig fækka megi sjálfsvígum á Íslandi, fjölmiðlar væru „bjálfar“ fyrir að breiða út boðskap hennar sem hentaði aðeins „millistéttarfíflum“. Var Öldu Karen líkt við trúarleiðtoga í umræðum á samfélagsmiðlum, þar sem fyrirlesturinn er kallaður „upplifun“ og boðið verður upp á snýtibréf í Laugardalshöllinni.

Alda Karen mætti á þriðjudagskvöldið í Kastljós ásamt Hafrúnu Kristjánsdóttur sálfræðingi. Hafrún sagði það ekki satt að það dygði að segja „ég er nóg“ til að leysa vanda þeirra sem eru í sjálfsvígshugleiðingum, þar að auki væri það siðferðislega vafasamt að selja fólki slíkar hugmyndir. Málið væri flókið og það þyrfti að vanda sig í slíkri umræðu. Alda Karen sagði að hún hefði orðað þetta óheppilega, hún væri að selja lífslykla og deila eigin reynslu til annarra ungmenna. Þar að auki væri hún í samstarfi við fagfólk. Málið var áfram til umræðu á miðvikudaginn, upp komu margar kenningar um að einhverjir óþekktir aðilar séu að baki Öldu Karen, einnig voru rifjuð upp eldri dæmi af einstaklingum sem hafa komið fram með einfaldar lausnir við flóknum vandamálum.

Í kjölfar Kastljósviðtalsins stigu margir fram og komu Öldu Karen til varnar, þar á meðal Jóna Hrönn Bolladóttir prestur og Hulda Björnsdóttir, útvarpskona á K100. Mál Öldu Karenar er líklegast ekki búið og verður sennilega til umræðu fram yfir helgi.



## Spurning vikunnar

### Hvert myndir þú ferðast ef þú gætir farið hvert sem er?













MEAT
REYKJAVÍK



REYKJAVÍK MEAT
FRAKKARSTÍG 8

NICE TO
MEAT YOU


# Við þurfum áreiti

Undir vorið á árinu sem leið gerði NATÓ árás á Sýrland. Sú árás var gerð í okkar nafni, í nafni Íslands. Þetta var okkur sagt að væri hefnd fyrir eiturefnaárás Sýrlandsstjórnar á sína eigin þegna nokkrum dögum fyrr.

Síðar kom í ljós að ekki var fótur fyrir þessum ásökunum, allt upplogið. Mikið fór fyrir fréttum af þessari uppdiktuðu eiturefnaárás sýrlenskra stjórnvalda en minna hefur farið fyrir eftirmálum í fréttum, þar á meðal vitnaleiðslum þeirra sem ranglega voru bornir þessum ásökunum.

Með öðrum orðum, þegar á heildina er litið, hafa ósannindin ekki þótt fréttaefni í aðildarríkjum NATÓ, hvað þá að stjórnmálamenn hafi þurft að ræða ábyrgð sína.

Sama var um Líbíu. Ósannindi og lygar um Líbíu í aðdraganda árása NATÓ á það land árið 2011 hafa ekki verið brotnar til mergjar í ríkjum „vinaþjóða“ Íslands í NATÓ.

Fjórða valdið, eins og meginstraums fjölmiðlaheimurinn stundum oflátungslega kallar sig, fylgir ríkisvaldinu að málum, eins fast á hæla þess og rófan fylgir hundi sínum.

### Beeley og Bartlett

Í mars í fyrra kom hingað til lands bresk fréttakona að nafni Vanessa Beeley, þaulkunnug málefnum MiðAusturlanda frá barnæsku. Á tímum Suez-stríðsins, á sjötta áratug síðustu aldar. Var faðir hennar rómaður í bresku utanríkisþjónustunni fyrir sérþekkingu á málefnum Mið-Austurlanda og varð hann sendiherra Breta í Sádi-Arabíu og síðar Egyptalandi og hefur Vanessa verið á þeim slóðum síðan. Ekki svo að skilja að sú slóð vísi hinn eina rétta veg, nálægðin getur meira að segja þvert á móti verið varasöm þegar hlutlægrar yfirsýnar er þörf.

Vanessu Beeley var almennt vel tekið í Safnahúsinu í Reykjavík þegar hún flutti fyrirlestur sinn þar um málefni Sýrlands en afleitar viðtökur fékk hún frá hendi þeirra sem matreiða fyrir okkur fréttir á stærri fjölmiðlum okkar, og vísa ég þar sérstaklega til Ríkisútvarpsins. Þar á bæ virtust menn hafa „googlað“ fyrirlesarann og séð hve margir voru tilbúnir að tala hann niður. Nær hefði verið að takast á við inntak þess sem Vanessa Beeley hafði fram að færa varðandi stríð sem svo augljóslega er tengt inn í sjálfa mænu þeirra sem stýra örlögum mannkynsins í krafti auðs og valda. Þeir hinir sömu víla ekki fyrir sér að sverta alla þá sem tala á annan veg en þann sem þeim þóknast. Þetta skýrir „googlið“ um Beeley en einnig um Bartlett!



**Ögmundur Jónasson** Þingmaður frá 1995 til 2016.



> Ég þykist greina að fréttastreyminu frá átakasvæðum, þar sem miklir hagsmunir stórvelda eru í húfi, sé oftar en ekki handstýrt af hálfu þessara sömu stórvelda.

**Eva Bartlett** Kanadísk fréttakona sem hefur fylgst náið með Mið-Austurlöndum.

### Gagnrýnin á hina ógagnrýnu

Nú er nefnilega annar gagnrýninn fyrirlesari kominn hingað til lands, sem einnig mun kynna athuganir sínar í Safnahúsinu í hádegisfyrirlestri. Það verður næstkomandi laugardag. Þetta er kanadíska fréttakonan Eva Bartlett. Hún hefur fylgst mjög náið með gangi mála í Mið-Austurlöndum, sérstaklega í Sýrlandi síðustu árin en áður í Palestínu, en þar dvaldi hún um alllangt skeið bæði á Vesturbakkanum og á Gazasvæðinu. Bæði frá Palestínu og Sýrlandi hefur verið stríður straumur frétta frá Evu Bartlett í sjónvarpsstöðvum, blöðum og tímaritum. Rússneska sjónvarpið hefur birt fréttir frá Evu í talsverðum mæli og þykir það nóg ástæða fyrir fordæmingu. Rússar beita sér fyrir hagsmunum þvert á NATÓ og er vissulega mikilvægt að hafa allt þetta í huga, en þá með opin augu en ekki bundið fyrir þau. Þannig er það staðreynd, sem sjaldan er hampað, að NATÓ-ríki studdu ISIS-samtökin og sambærileg hryðjuverkasamtök í Sýrlandi, þar til þau komust yfir olíulindir í landamærahéruðum að Írak.

Fyrirlestur Evu Bartlett verður athyglisverður, því þori ég að lofa, en ekki kæmi mér á óvart að hann verði jafnframt umdeildur því hún talar tæpitungulaust og er gagnrýnin á hina ógagnrýnu!

### Líbíu-lygar afhjúpaðar

Á fundinum verða einnig með innlegg Berta Finnbogadóttir, sem fylgst hefur náið með gangi mála í Mið-Austrinu og fréttaflutningi þaðan, svo og Jón Karl Stefánsson fræðimaður sem hefur gert úttekt á fréttaflutningi norskra fjölmiðla á árásinni á Líbíu. Hann hefur skoðað fréttaflutninginn annars vegar og hins vegar atburðarásina eftir að hamaganginum linnti og hið sanna kom í ljós.

Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum meira áreiti inn í umfjöllun um erlend málefni. Ég þykist greina að fréttastreyminu frá átakasvæðum, þar sem miklir hagsmunir stórvelda eru í húfi, sé oftar en ekki handstýrt af hálfu þessara sömu stórvelda. Og er þar hvert sem annað.

Um allt þetta verða reidd fram dæmi á fundinum.

### Leitum óhrædd sannleikans

Að lokum um líkindareikning. Ríki sem eiga mikið undir í stríðsátökum verja óheyrilegum upphæðum fjár í kaup á sprengjum og vígtólum. Þau sem byggja á lýðræðislegum grunni þurfa að gæta þess að hafa almannaviljann í löndum sínum á bak við sig.

Þá er ekki úr vegi að spyrja hvort ekki séu talsverðar líkur á því að þau reyni að hafa áhrif á það hvaða fréttir eru fluttar af vettvangi og hvernig þær fréttir eru fluttar. Þarna er hætt við að veruleikinn verði afskræmdur enda er það takmarkið.

Hve langt er gengið í afskræmingu sannleikans hygg ég þó að komi flestum þeim á óvart sem leggja sig eftir því að grafast fyrir um sannleikann. En það þurfum við hins vegar að gera ef við viljum standa vörð um upplýst og réttsýnt samfélag. ■

*Ögmundur Jónasson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra.*



# Gæði í gegn

**Ábyrgðarmaður:** Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is **Umsjón:** Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



Þ. ÞORGRÍMSSON & CO:

## Hreinlegar lausnir og auðveld uppsetning

Þ. Þorgrímsson & Co er gamalgróin byggingavöruverslun, heildsala og smásala sem þjónustar byggingamarkaðinn með sölu og þjónustu á hvers konar byggingavörum til klæðninga á loftum og veggjum innan- sem utanhúss. Einnig býður fyrirtækið upp á flísaplötur sem eru auðveldar í uppsetningu sem og kork á gólf. Að auki sérhæfir fyrirtækið sig í hljóðeinangrun fyrir híbýli, verslanir, skrifstofur og iðnaðinn jafnt sem hitaeinangrun fyrir frystiiðnaðinn.

„Við flytjum okkar byggingarefni inn sjálfir beint frá framleiðendum, beggja vegna Atlantshafsins. Einnig leiðbeinum við fólki varðandi uppsetningu og getum bent á viðeigandi iðnaðarmenn varðandi uppsetningu. Véladeildin hefur svo fylgt okkur í gegnum árin þar sem við þjónustum ýmiss konar múrverkfæri svo sem steypuvibratora, slípivélar o.þ.h., svo eitthvað sé nefnt," segir Ólafur Traustason hjá Þ. Þorgrímsson & Co.

### Hreinleg lausn og engin fúga

„Við erum líklega þekktastir fyrir FIBO-baðplöturnar sem hafa slegið í gegn undanfarið. Þetta eru stórsniðugar, slitsterkar og höggþolnar plötur sem eru auðveldar í uppsetningu og til í fjöldamörgum útfærslum. Mislitun og óhreinindi í fúgum eru ekki vandamál þar sem það þarf ekki fúgu við uppsetningu platnanna. Yfirborðið þolir einnig mikinn vatnsþrýsting og hitasveiflur og allar plöturnar eru með Aqualock-lásum á langhliðum. Plöturnar eru til í ýmsum litum, með ýmiss konar áferð og útlit og hefur sjónsteypu-útlitið sérstaklega verið að sækja á hjá yngri kynslóðinni," segir Ólafur.

Flott hönnun og gæði fara saman við gerð FIBO-baðplatnanna. Þær eru hreinlegasta og auðveldasta efnið til að nota á veggi í baðherbergi en henta einnig vel fyrir eldhús, skóla, sjúkrahús, rannsóknarstofur, matvælaiðnað, íþróttahús, búningsherbergi og alls staðar þar sem kröfur um mikið hreinlæti eru gerðar.

### Korkur á gólfin

Korkur er sívinsælt gólfefni enda slitsterkur, fallegur og mjúkur. Korkurinn er ekki eingöngu þessi gamli brúni sem við þekkjum flest frá barnæsku, þó svo að hann sé vissulega ennþá hægt að fá. Í dag fæst hann í ýmiss konar útfærslu sem passar inn í öll herbergi. Hann fæst með viðarútliti, marmaraútliti o.fl. Einnig má fá korkinn vatnsþolinn, þannig að hægt er að vera með sama gólfefnið á öllum gólfum, hvort sem er í stofunni, eldhúsinu eða baðherberginu.

### Ekkert spartl, ekkert vesen

Þ. Þorgrímsson býður einnig upp á sniðugar Walls2Paint-plötur á veggi. Um er að ræða spónaplötur með samsetningu svipaða og er á parketi. Samskeytin hverfa algerlega við uppsetningu. Plöturnar koma grunnaðar frá verksmiðju og það þarf ekkert annað að gera en að skrúfa þær upp og mála. „Það er til dæmis mjög vinsælt að smíða milliveggi úr Walls2Paint og sleppa þannig við alla spartlvinnuna sem annars væri eftir," segir Ólafur.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu www.thco.is

Ármúli 29, 108 Reykjavík (Borgarmiðjan)

Sími: 512-3360

Netpóstur: thco@thco.is






# Húsaviðgerðir í yfir 20 ár

Matthías Eyjólfsson múrarameistari hefur yfir 20 ára reynslu í viðgerðum og viðhaldi á fasteignum.

Okkar markmið hjá Húsaviðgerðir.is er að veita mjög góða þjónustu á sviði viðhalds og viðgerða fasteigna.

Við tökum að okkur ýmiss konar verkefni. Sem dæmi má nefna sprunguviðgerðir, múr- og steypuviðgerðir, tröppuviðgerðir, steiningu, flotun, múrklæðningu, múrfiltun, almennt múrverk, háþrýstiþvott, niðurlögn steinsteypu, breytingar á húsnæði innanhúss, byggingarstjórn, gluggaskipti og þakskipti. Sjáum einnig um ástandsskoðun fasteigna.

Sendu inn verkbeiðni á husavidgerdir.is
Facebook: Húsaviðgerðir.is
Sími: 565-7070
Tölvupóstur: info@husavidgerdir.is

## MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR OG STEINING Á KARLAGÖTU 6


Fyrir steiningu.


Eftir steiningu. Það er gífurlegur munur.

## VIÐGERÐIR Á TRÖPPUM ÁSAMT FLOTUN





## STEINING Á VÍÐIMEL 34–36 SÍÐASTA HAUST



Orðið langt síðan það var síðast steinað.




Húsið er glæsilegt í dag.



# Útivistarmerkið Fjällräven hugsar út í hvert einasta skref

Fjällräven setur náttúruna alltaf í fyrsta sæti. Þaðan komum við og þangað ætlum við að fara. Við sigrum ekki fjöllin eða veðrið og temjum ekki árnar. Við förum okkur hægt og stígum ávallt varlega til jarðar."

**Náttúrunni allt**
Útivistarmerkið Fjällräven ættu flestir Íslendingar að þekkja enda vinsælt hjá öllum kynslóðum og vörurnar fallegar, stílhreinar og endingargóðar. Fyrirtækið var stofnað í Örnköldsvik í Svíþjóð árið 1960 af ungum náttúruunnanda að nafni Åke Nordin. Síðan hefur markmið Fjällräven ætíð verið að skapa tímalausa og endingargóða útivistarvöru.

Fjällräven er ekki bara fyrirtæki sem framleiðir og selur töskur og fatnað, heldur er Fjällräven lífsstíll. Helsta markmið Fjällräven er að minnka þau skaðlegu áhrif sem fataframleiðsla hefur á umhverfið og því er hugsað út í hvert einasta skref þegar kemur að framleiðsluferlinu. Einnig eru eigendur Fjällräven meðvitaðir um að allt sem við gerum hefur áhrif á umhverfið. Heimspeki Fjällräven er sú að skilja við náttúruna eins og komið var að henni, eða betur.

**Umhverfisvæn efni**
Fjällräven velur efnin með endingu í huga, en einnig að þau hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið. Fjällräven reynir eftir fremsta megni að nota lífræn efni, en stundum þarf að fara aðrar leiðir. Fyrirtækið er þá sífellt á höttunum eftir nýjum efnum sem framleidd eru með umhverfisvernd að sjónarmiði og rannsóknum á efnunum sem það notar nú þegar og uppfærir efnalista sinn eftir því.

**Endurunnin efni**
Þess má geta að Fjällräven notar mikið endurunnin efni, svo sem endurunnið pólíester, endurunna ull og ullarafganga. Til dæmis má nefna að Re-Kånken er búin til úr endurunnu plasti úr ellefu plastflöskum. Efnið er svo litað með Spindye-tækni sem notar talsvert minna magn af vatni, orku og skaðlegum efnum en aðrar litunaraðferðir.







**Dýrindis dúnn**
Fjällräven tekur enn fremur þátt í svokölluðu dúnloforði (e. down promise). Allur dúnn sem Fjällräven notar er aukaafurð frá matvælaiðnaðinum auk þess sem hann er fullkomlega rekjanlegur. Fyrirtækið er að sama skapi mjög virkt í að kanna aðstæður fuglanna þaðan sem dúnninn kemur.

**Tímalaus og klassísk hönnun**
Hönnun Fjällräven er tímalaus og klassísk sem þýðir einfaldlega að hún fer ekki úr tísku. Ef þú kaupir Fjällräven vöru þá muntu geta notað hana um aldur og ævi. Efnin eru einstaklega slitsterk og endingargóð og flíkin endist töluvert lengur en ef um ódýrara efni væri að ræða. Þetta kemur í veg fyrir að fólk þurfi sífellt að kaupa nýjar flíkur eins og viðgengst í tískubransanum þar sem efni eru oft léleg og endast stutt.

**Frægasti bakpoki í heimi**
Flestir kannast við Kånken bakpokann, en hann var lausn Åke á bakvandamálum skólakrakka í Svíþjóð. Einföld og falleg hönnun hefur viðhaldið vinsældum pokans frá 1978 og er hann notaður úti um allan heim af fólki af öllum aldri.

Hjá Fjällräven Laugarvegi 67 fæst bakpokinn góði í ýmsum litum og stærðum auk þess sem verslunin býður upp á gott úrval af fatnaði og aukahlutum frá merkinu.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook: Fjallravenverslun

Verslunin er staðsett að Laugavegi 67, 101 Reykjavík

Sími: 519-6055

Opnunartími: Mánudaga til laugardaga frá 10–19 og sunnudaga frá 11–18. ■











OLINER SYSTEM ÍSLAND:

# Lítil inngrip í fóðrun frárennslislagna



Oliner System Ísland ehf. býður upp á stórsniðuga lausn við vandamálum í frárennslislögnum allt frá 30 mm og upp úr. „Í stað þess að brjóta upp öll gólf og veggi til þess að endurnýja þá komumst við upp með að brjóta upp lítið svæði rétt til þess að komast að leiðslunni ef svo ber undir. Svo notum við fíltefni mettað af epoxýefni, sem harðnar í lögnunum og býr til nýja innviði leiðslunnar. Frárennslislögnin verður eins og ný og inngrip er eins lítið og mögulegt er," segir Arnar Hreinsson, eigandi Oliner System Ísland.

**Vottuð og viðurkennd efni**

„Það sem gerir okkar starfsemi frábrugðna starfsemi annarra aðila, með svipaða þjónustu, er að okkar efni eru vottuð og viðurkennd til þess að vinna með í byggingum. Vottunaraðilinn er Sintef, óháð og alþjóðleg samtök sem gefa út gæðavottun fyrir byggingariðnaðinn. Við höfum líka mjög mikla reynslu af því að vinna með efnin enda er Oliner og móðurfélag búið að starfa síðan 1998 með gríðargóðum árangri, en Oliner var stofnað hér á landi 2013. Við erum í samstarfi við frábæra iðnaðarmenn og flottustu verktakana í bransanum sem nota okkar þjónustu frekar en annarra, enda bjóðum við upp á bestu lausnina á markaðnum hér á landi," segir Arnar.

„Einnig erum við að vinna með nýja aðferð sem kemur rosalega vel út og býður upp á aðra vídd af möguleikum," segir Arnar.

**Munurinn er ótrúlegur**

Nánari upplýsingar á Facebook-síðunni: Oliner System Ísland
Lyngás 20, 210 Garðabær
Sími: 841-0001
Netpóstur: arnar@oliner.is




FYRIR FÓÐRUN




EFTIR FÓÐRUN





KOMBUCHA:

# Hollur og svalandi gosdrykkur

Undanfarin ár hefur drykkurinn kombucha fest sig æ meira í sessi hjá íslenskum neytendum, og ekki að ástæðulausu. Kombucha er ljúffengur og hollur svaladrykkur, lítið sætur og með léttri kolsýru. Drykkurinn er án efa töluvert hollari valkostur en margir gosdrykkir sem eru í hillum matvöruverslana í dag, sem eru stútfullir af sykri og aukaefnum. „Kombucha Iceland er eins lítið sætt og við komumst upp með, enda er drykkurinn hollur að eðlisfari og engin ástæða til þess að sæta hann um of og gera hann því óhollan," segir Manuel Plasencia Gutiérrez, annar eigenda Kombucha Iceland og framkvæmdastjóri Kúbalúbra ehf.

**Dularfullur heilsudrykkur með heillandi sögu**

Fyrir þá sem ekki vita er kombucha stórmerkilegur svaladrykkur. Um er að ræða gerjaðan tedrykk sem kemur líklega frá Asíu til forna. „Helsta vísbendingin um uppruna drykkjarins er að hann er bruggaður úr telaufum sem eru upprunnin frá því landsvæði," segir Manuel. Fjölmargar frásagnir eru um að kombucha hafi hjálpað til við að laga ýmislega líkamlega og andlega kvilla. „Ég er fyrst og fremst vísindamaður og set ekki fram neinar staðhæfingar um heilsufarslegan ávinning kombucha, en get þó sagt að drykkurinn hefur hjálpað til við meltingarvandamál hjá mér persónulega. Kombucha er ógerilsneyddur, eins og við framleiðum hann, sem þýðir að í honum er að finna mikið af góðum gerlum sem hafa góð áhrif á þarmaflóruna. Einnig hefur kombucha jafn góð áhrif á líkamann og te, enda er drykkurinn í grunninn unninn úr te. Þetta er það eina sem ég get staðhæft um heilsuáhrif kombucha, því annað er óstaðfest af vísindasamfélaginu," segir Manuel.

Það er ekki seinna vænna að skipta út næringarsnauðu sykurgosinu fyrir hollt og svalandi kombucha. Kombucha Iceland kemur í mörgum spennandi bragðtegundum sem eru hver annarri betri, líkt og krækiberja, glóaldin, engifer, jarðarberja, rabarbara-vanillu, original, mintu og krækiingifer.

**Hvað er kombucha?**

Kombucha Iceland byrjar, eins og áður sagði, á því að bruggað er lífrænt, sætt te. Næst er teið gerjað í allt að sex vikur með örveruþyrpingu sem kallast scoby (Symbiotic Colony of Bacteria and Yeast). Scoby étur upp sykurinn, vökvinn gerjast og kombucha drykkurinn verður til. Notaðir eru ferskir ávextir til að bragðbæta og bæta við næringargildið, síðan er hann gerjaður í annað sinn í flöskunni. Þá myndast létt kolsýra í drykknum. „Kombucha er súr drykkur sem minnir eilítið á edik. Sumir þurfa að venjast bragðinu fyrst, en þeir sem komast upp á bragðið elska kombucha til æviloka enda er drykkurinn svalandi og bragðgóður," segir Manuel.

**Fjölskyldufyrirtæki**

Kombucha Iceland er lítið fjölskyldufyrirtæki rekið af hjónunum Manuel Plasencia Gutierrez og Rögnu Björk Guðbrandsdóttur. „Þegar mikið liggur við hjálpa fjölskyldumeðlimir og vinir til. Við byrjuðum að framleiða kombucha fyrir tveimur árum og þá var eingöngu hægt að fá það á krana hjá fáeinum aðilum. Þá gat fólk komið með eigin ílát og fyllt á. Fyrir ári fórum við að selja kombucha í flöskum. Í dag er hægt að fá Kombucha Iceland á krana hjá Frú Laugu í Laugardal, Bændum í bænum, Solir Yoga og Mamma veit best í Kópavogi. Þetta er umhverfisvænn og ódýrari kostur. Fólk mætir með eigin flöskur og minnkar því sóun á umbúðum. Einnig gerum við margar tilraunir með bragðsamsetningu og koma þær tilraunir fyrst á krana. Ef það selst vel þá setjum við bragðið á flöskur og seljum í búðum. Við erum meðlimir í Kombucha Brewers International, sem eru alþjóðleg samtök kombucha--bruggara um allan heim. Okkar markmið er að gera kombucha aðgengilegra á Íslandi og í dag er hægt að fá vöruna okkar hjá fjölda aðila," segir Manuel.



**Hægt er að fá Kombucha Iceland hjá eftirfarandi endursöluaðilum:**

Krónan, Melabúðin, Fjarðarkaup, Brauð og co, 10-11 á Laugavegi, Háma í Háskóla Íslands, Hreyfing, Fisk Kompaní á Akureyri, Boxid og einnig á veitingastöðum svo sem Lamb Street food, Gló, Hjá Höllu, Happ, Garðurinn, Kaffi Lækur, Bio Borgari, Luna Flórens, Reykjavík Roasters, Sjávarpakkhúsið, Bryggjan Brugghús, Brew Dog og Kaffibrennslan.

Nánari upplýsingar á kubalubra.is og facebooksíðunni Kombucha Iceland ■



# Baðverk.is





## Píparar – smiðir – rafvirkjar – múrarar

## Baðherbergið – heilsulind fjölskyldunnar

Fyrir



Eftir



email: badverk@badverk.is S: 7723535

RAFGÆÐI EHF:

# Yfir 20 ára reynsla í viðhaldi og nýlögnum á raflögnum

Rafgæði ehf. er alhliða rafverktakafyrirtæki sem sinnir öllum raflögnum, hvort sem um er að ræða nýlagnir eða viðhald og/eða breytingar á raflögnum og allt sem því fylgir. Fyrirtækið hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og einstaklingum í fjölda ára. Það er ekkert verkefni of stórt eða of lítið fyrir okkur.

Elvar Trausti Guðmundsson, eigandi Rafgæði ehf., hefur rekið fyrirtækið með góðum árangri í mörg ár. „Strax eftir meistaraprófið 1998 fór ég í sjálfstæðan rekstur og hef verið í því síðan í einhverri mynd," segir Elvar. Hjá fyrirtækinu starfa 11 manns í dag, reyndir rafvirkjar, rafvirkjanemar, sem og undirverktakar.

**Alltaf nóg að gera**

Við erum til dæmis að sjá um allt viðhald á raflögnum hjá Mosfellsbæ og svo erum við með stórt verkefni við Valsvöllinn á Hlíðarenda. Þetta er um tvö hundruð íbúða svæði. Það er alltaf nóg að gera hjá fyrirtæki líkt og okkar sem leggur upp með að veita góða og snögga þjónustu," segir Elvar.

Rafgæði ehf. er staðsett að Súluhöfða 27, 270 Mosfellsbæ.

Hafðu samband í síma 898-1078 eða í gegnum netfang: etg@centrum.is og leggðu inn verkbeiðni. ■












# Myndfundarbúnaður og 3CX símkerfi frá Boðleið

Boðleið hefur lengi sérhæft sig í síma- og netmálum fyrir lítil sem stór fyrirtæki og hótel og hefur kappkostað að veita fyrirtækjum heildarþjónustu á þeim sviðum ásamt öryggiskerfum og myndaeftirlitsbúnaði. „Við höfum orðið varir við töluverðan áhuga á myndfundarbúnaði frá okkar viðskiptavinum undanfarið og bjóðum við upp á mjög góðar lausnir þar," segir Þorvaldur Harðarson, sölustjóri Boðleiðar.

## Myndfundarbúnaður

Einfaldleikinn er í fyrirrúmi varðandi þann myndfundarbúnað sem Boðleið býður.

Þorvaldur fer yfir það: „3CX símakerfin sem við leigjum og seljum eru með innbyggða myndfundarlausn sem allir okkar viðskiptavinir geta nýtt sér án aukakostnaðar en einnig er til gjaldfrjáls útgáfa fyrir þá sem þarfnast einungis myndfundarkerfis og eru ekki með 3CX.

Kosturinn við 3CX myndfundarkerfið er að það þarf ekki sérstakan hugbúnað fyrir notendur, einungis þarf að nota netvafra sem styður WebRTC eins og t.d Google Chrome eða Firefox. Einnig er hægt að nota farsíma. Við erum svo með mikið úrval af myndavélum og hljóðbúnaði fyrir minni og stærri fundarherbergi sem einnig er hægt að nota fyrir Skype for Business eða Microsoft Team."

## 3CX símakerfi

3CX símakerfi eru orðin mjög útbreidd hér á landi og eru notuð bæði af smáum fyrirtækjum sem og mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins. 3CX kerfið er til í þremur útgáfum. Hægt er að byrja á fríu kerfi sem vex svo eftir því sem fyrirtækið stækkar. Í Pro útgáfu kerfisins er allt innifalið eins og þjónustuver, skýrslukerfi og rauntímaupplýsingar fyrir skjáborð, skiptiborð, upptökur, farsímatengingar, tenging við CRM upplýsingakerfi, tenging við Office 365, vefspjall við t.d. þjónustudeild og að sjálfsögðu myndfundarkerfi.

## Öryggiskerfi

Boðleið býður einnig upp á öryggiskerfi, en hægt er að kynna sér þau á vefsíðu Boðleiðar. Grunnpakki fyrir heimili er frá 22.900 krónum.

Nánar má skoða vöruúrvalið í vefverslun Boðleiðar á www.voruland.is en heimasíða Boðleiðar er www.bodleid.is Til að fá nánari upplýsingar eða tilboð er gott að hringja í síma 535-5200 eða senda tölvupóst á netfangið sala@bodleid.is. ■

Þorvaldur Harðarson sölustjóri Boðleiðar



Svona lítur myndfundarbúnaðurinn út á skjá.




Það er auðvelt að eiga samtal með 3CX



Auðvelt að sjá hver er upptekinn og hver ekki.





Anna Sigríður Jörundsdóttir, Birgitta Baldursdóttir og Sigrún Sigurðardóttir.

DROPI FRÁ TRUE WESTFJORDS:

# Jómfrúarlýsi sem bragð er að

Það þarf ekki að segja okkur Íslendingum hversu hollt lýsi er og stútfullt af vítamínum og omega fitusýrum. Þetta vitum við frá blautu barnsbeini. Hins vegar kemur það mörgum á óvart að framleiðsluhættir á lýsisolíu hafa breyst töluvert frá því forfeður okkar hófu fyrst að nýta þorsklifur. Olían var unnin vegna þeirra ómetanlegu uppsprettu A- og D-vítamíns sem lýsi er en einnig sem olía fyrir lýsislampa.

**Hugmynd að framleiðslu eftir aldagömlum aðferðum**

Stöllurnar Anna Sigríður Jörundsdóttir, Birgitta Baldursdóttir og Sigrún Sigurðardóttir kynntust í MBA-námi í Háskóla Íslands. Hugmyndina að lýsisframleiðslu tóku þær sem frumkvöðlaverkefni í náminu og eftir að námi lauk fóru þær af stað og kynntu sér framleiðslu á lýsi í heiminum. Lýsi var alla jafna framleitt úr þorsklifur þar sem heilsubætandi olíur lifrarinnar voru einangraðar.

Þannig er það ekki í dag því algengt er að notast við búklýsi úr ýmsum fisktegundum. Eftir það varð ekki aftur snúið og stofnuðu þær fyrirtækið True Westfjords árið 2012, þar sem framleitt er lýsi á upprunalegri máta en venja var. „Við sáum að framleiðslan á lýsi var komin svolítið langt frá því sem tíðkaðist hér áður fyrr og langaði að bjóða upp á vöru þar sem hugmyndin að framleiðslunni var byggð á gömlum aðferðum," segja þær.

**Náttúrulegt jómfrúarlýsi**

True Westfjords er staðsett í Bolungavík og lifrin sem unnið er með kemur úr þorski (Gadus morhua) og er það eingöngu sú lifur sem notuð er við framleiðslu Dropa lýsis. Lifrin er tekin beint af dagróðrabátum Bolvíkinga og hráefnið því eins ferskt og það getur orðið. True Westfjords er meðlimur að IRF (Iceland Responsible Fisheries) og er hráefnið keypt beint af fiskmarkaði og rekjanlegt beint á bát. Þegar lifrin kemur í vinnslu fer hún í kaldskiljun og kaldhreinsun þar sem mesta fitan er skilin frá. Við vinnslu er hráefnið unnið við lágan hita og aldrei upp fyrir 42°C. Við þessa aðferð varðveitist ferskleiki lýsisins auk mikilvægra næringarefna líkt og A- og D-vítamíns og annarra dýrmætra fitusýra. Lýsið verður því eins náttúrulegt og hægt er. Olían er svo hreinsuð af þrávirkum efnum samkvæmt evrópskum reglum. Þar sem olían er kaldpressuð við lágt hitastig telst hún því til jómfrúarolía. „Þess má geta að Dropa lýsi er ekki vítamínbætt, enda stútfullt af vítamínum nú þegar. Þó getur vítamínmagn sveiflast á milli árstíða en þannig er það í náttúrunni með lifrina í þorskinum. Þess vegna er stuðst við meðaltalsmagn vítamína á umbúðum vörunnar. Litur og bragð getur breyst á olíunni milli framleiðslu allt eftir því hvaða æti þorskurinn kemst í," segja þær. Gelatínið sem notað er í lýsishylkin er einnig unnið úr fiski og er varan því 100% fiskafurð. Flestir framleiðendur nota gelatín unnið úr nauti eða svíni.

**Nældu þér í flösku af hreinni náttúruafurð**

„Framleiðsla Dropa ræðst af eftirspurn og sitjum við aldrei á stórum lager enda er þetta ferskvara. Okkar helstu viðskiptavinir eru Bandaríkin og Bretland. Einnig seljum við til Ástralíu, Hong Kong og Hollands ásamt því að selja á heimasíðu okkar, dropi.is." Á Íslandi fæst Dropi í, lyfjaverslunum, betri heilsuvörubúðum, einstaka matvöruverslunum og Fríhöfninni.

**Nýjar tegundir á markað**

Nýlega bættust við þrjár spennandi vörutegundir á markað. Þetta er Dropa lýsi með bragðefnum úr lífrænum kjarnaolíum sem er unnið er úr fersku engifer, fenniku og ferskri grænmyntu. Fennil og engifer fást í 220 ml. flöskum. Fennika ber milt eftirbrað af lakkrís og engifer ber milt sítrus eftirbragð. Grænmynta eða spearmint fæst í hylkjum í 60 stk. pakkningum og hugsað fyrir neytendur sem t.d. eru með bakflæði og finnst óþægilegt þegar fiskikeimurinn kemur upp.

**Hægt er að rekja uppruna hráefnis í Dropa – veist þú hvaðan þitt lýsi kemur?**

Nánari upplýsingar má nálgast á dropi.is

Hafnargata 76b, 415 Bolungarvík

Netpóstur: truewest@truewest.is




Húsaviðgerðir fyrir


Húsaviðgerðir og málun eftir

HÚS OG MÁL:

# Þú þarft ekki að leita lengra!

Vantar þig aðstoð við að klára verkefni eða ertu að byrja nýtt verk og vantar aukamannskap? Hús og mál ECC ehf. er ný starfsmannaþjónusta sem samanstendur af reynslumiklum hópi iðnaðarmanna. Fyrirtækið er með flísara, málara, smiði, verkamenn og fólk í flestar aðrar stöður á skrá sem getur byrjað strax eða fljótlega.

Allt viðhald er í höndum reynslumikilla byggingasérfræðinga fyrirtækisins. Eftir því sem tíminn líður er viðhald alltaf óhjákvæmilegt. Það er ekki aðeins nauðsynlegt útlitsins vegna heldur einnig af verðgildis og öryggisástæðum. Sérfræðingarnir hjá Hús og mál hafa gert upp, endurnýjað og málað hinar ýmsu byggingar erlendis og á Íslandi Þar má nefna kvikmyndahús, háskóla, söfn og kirkjur auk fjölbýlishúsa og einbýlishúsa.

**Húsaviðgerðir, þakviðgerðir og gluggaviðgerðir**
Fagmenn frá Hús og mál kunna til verka þegar kemur að húsa-, þak- og gluggaviðgerðum. Fyrirtækið er með starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu sem getur séð um allar viðgerðir fasteigna.

**Parketslípun og -lögn**
Er parketið þitt farið að láta á sjá? Fagfólk okkar í parketlögn tekur að sér um að leggja nýtt parket, lakka, slípa, endurnýja og hvítta/dekkja eldra parket.

**Málningarvinna og undirbúningur**
Hús eru ekki máluð eingöngu af fagurfræðilegum ástæðum. Málningin ver steypuna gegn veðrum og vindi. Hjá Hús og mál starfa málarameistarar með gífurlega reynslu af húsamálun.

**Lyftaraleiga**
Hús og mál starfrækir lyftaraleigu fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Þú getur haft samband við okkur með allar þær spurningar sem þér dettur í hug varðandi endurnýjun og viðhald fasteigna. Hús og mál sér um allt þegar kemur að byggingariðnaðinum. Hafðu samband við okkur og þú þarft ekki að leita lengra!

Hringdu núna: 788-7688
Netpóstur: husogmal@husogmal.is
Rjúpnasalir 14-103, 201 Kópavogur
http://www.husogmal.is/
Facebook: https://www.facebook.com/husogmal/ ■


Það þarf að gera margt fyrir þetta íbúðarhús.


Þakviðgerðir


Hér var gert við húsið og það málað. Munurinn er greinilegur.



Fyrir og eftir málun á stiga.


Þakviðgerðir: Það þarf að halda þakinu í lagi í rigningunni.


Gluggaviðgerðir: Gerum við og skiptum um glugga og gler.


Munurinn er ótrúlegur



STÍLVOPNIÐ

# LANGAR ÞIG TIL AÐ SKRIFA? Ritlistarnámskeið Stílvopnsins

Stílvopnið er einnar konu fyrirtæki," segir Björg Árnadóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Stílvopnsins, lítils fræðslufyrirtækis sem býður ritlistarnámskeið og ráðgjöf um ritun og útgáfu. Vinsælustu námskeið Stílvopnsins eru í endurminningaskrifum, greinarskrifum og skapandi skrifum en þau síðastnefndu fjalla um að skrifa skáldskap. Björg kennir sjálf öll námskeiðin og veitir ráðgjöfina. Flest námskeiðanna eru opin almenningi en Stílvopnið sérsníður líka námskeið fyrir hópa og vinnustaði. Námskeiðin eru haldin í ReykjavíkurAkademíunni, Þórunnartúni 2, en einnig víða um land. Ráðgjöf um ritun og útgáfu er veitt í formi samtala eða bréfaskipta og snýst um ólíkar þarfir ráðþeganna, en oftast um hugmyndavinnu, yfirlestur og umræður um skrifin.

**Óttinn við auða blaðið yfirstiginn**

„Ég stofnaði Stílvopnið árið 2015 til að gefa út ferðabók sem ég hafði skrifað um Mývatnssveit. Þegar ég var komin með kennitölu, lógó og vefsíðu datt mér í hug að auglýsa ritlistarnámskeiðin sem ég hafði kennt í lokuðum hópum í áratugi. Námskeiðin hafa gengið vonum framar og ég er eiginlega komin í stórútgerð enda virðist fólk þyrsta í að skrifa. Á námskeiðunum öðlast þátttakendur öryggi eftir að hafa yfirstigið ótta sinn við auða blaðið eða skjáinn. Ég legg á það áherslu á öllum námskeiðum mínum að hjálpa fólki að yfirstíga þennan alþekkta ótta við að byrja að skrifa en bæti svo smám saman við æfingum sem fjalla um viðfangsefni hvers námskeiðs."

**Löng reynsla af fræðslumálum**

Björg er enginn nýgræðingur í fræðslustörfum enda hefur hún kennt síðan hún útskrifaðist sem myndlistarkennari árið 1983. „Ég fór að kenna myndlist í Svíþjóð en kynntist þar fljótlega ritlistarkennslu sem höfðaði meira til mín. Ég tel þó myndlistarnámið afar góðan grunn fyrir ritlistarkennara, enda kennir myndlistin okkur að horfa og sjá, sem rithöfundar þurfa svo sannarlega að temja sér. Ég lauk námi í blaðamennsku í Svíþjóð og flutti svo heim árið 1989 og hef skrifað og kennt síðan og nú hefur mér tekist að flétta saman ævistörfin í Stílvopninu," segir Björg sem einnig hefur M.Ed.-gráðu í kennslu skapandi greina og skipulagi fræðslu. „Ég hef nær alltaf kennt fullorðnum og var svo heppin um áraþúsundamótin þegar mikil gerjun var í fullorðinsfræðslunni að fá að stýra þremur stofnunum á þessu áhugaverða skólastigi um tólf ára skeið. Að þeirri reynslu bý ég hjá Stílvopninu."

**Byggt á virkni og reynslu þátttakendanna**

Á námskeiðum Stílvopnsins er lögð áhersla á kennsluhætti sem byggja á virkni nemenda. „Þegar þú skrifar er það reynsla þín sem skiptir mestu máli, hvort sem þú ert að rifja upp minningar, færa skoðanir þínar í orð eða nota ímyndunaraflið til að skálda nýjan veruleika. Ég hjálpa fólki að sækja efniviðinn inn á við en legg einnig afar mikla áherslu á hlutverk hópsins sem spegil fyrir skrif einstaklinganna. Galdurinn felst að mínu mati í því að fólk fær að vera það sjálft en gefst þó tækifæri til að spegla sig í öðrum," segir Björg Árnadóttir um námskeiðin sem hún hefur þróað í nafni fyrirtækis síns, Stílvopnsins.

Nánari upplýsingar á stilvopnid.is og á Facebook-síðunni Stílvopnið ehf.
Þórunnartún 2, 105 Reykjavík
Sími: 899-6917
Netpóstur: bjorg@stilvopnid.is



Björg Árnadóttir.



Engar áhyggjur, þú þarft ekki að liggja á gólfinu þótt þessi ungmenni á ritlistarnámskeiði Stílvopnsins í Slóveníu hafi gert það.



# Hágæða gluggatjöld frá Bólstraranum

Bólstrarinn við Langholtsveg var stofnaður 1944 af Gunnari V. Kristmannssyni. Í dag er fyrirtækið rekið af syni hans, Hafsteini Gunnarssyni, og má með sanni segja að fyrirtækið sé með landsins mesta úrval af áklæðum, gluggatjöldum og veggfóðri. „Við bjóðum upp á griðarlegt úrval af ýmiss konar gæðaefnum frá fremstu framleiðendum heims. Við erum algerlega óhrædd við að flytja inn dýrari efni því það hefur komið á daginn að fólk vill frekar fá góð efni sem endast vel, og er tilbúið til þess að borga aðeins meira til þess að upplifa alvöru gæði og góða endingu,“ segir Hafsteinn.

**Veglegt velúr**

„Stöðugt eru að koma nýjar tegundir bæði af klassískum efnum og tískuefnum og hefur velúr til dæmis verið að koma sterkt inn í innanhússhönnun í dag. Við flytjum inn ótrúlega áferðarfallegt velúrefni í hæsta gæðastaðli frá ROMO sem er textílfyrirtæki í fremstu röð með dýr og flott efni,“ bendir Hafsteinn á. Bólstrarinn býður einnig upp á fjölbreytt úrval af veggfóðri frá þekktustu merkjum í Evrópu. Og að sjálfsögðu, eins og nafnið gefur til kynna, býður Bólstrarinn upp á fyrsta flokks bólstrunarþjónustu.

**Gluggatjöld í öllum heimsins litum, stærðum og áferð**

Bólstrarinn þjónustar hvort sem er einstaklinga, arkítekta eða innanhússarkítekta við innréttingar og nýbyggingar. „Fólk er mikið til að velja gluggatjaldaefni sem hefur góða hljóðdempunareiginleika. Þetta er orðið sérstaklega mikilvægt í nýbyggingum þar sem íbúðir eru hannaðar til þess að vera opnari og rýmri, gólfteppi og annar textíll eru mikið til horfinn og harðari gólfefni eru valin í staðinn. Þetta getur valdið slæmri hljóðvist í íbúðinni og þá verður nauðsynlegt að velja hágæða gluggatjöld sem minnka bergmál,“ segir Hafsteinn.

Bólstrarinn býður upp á fjölmargar prufubækur sem hægt er að fá lánaðar heim þegar velja skal rétta efnið. „Það er eiginlega nauðsynlegt að fara með efnið heim til þess að skoða það í þeirri birtu sem er í rýminu og sjá það í samhengi við það sem er þar fyrir,“ segir Hafsteinn. Bólstrarinn býður einnig upp á þá þjónustu að fá fagaðila heim til þess að taka mál, ráðleggja við val á gluggatjöldum og jafnvel hjálpa til við uppsetningu þegar þar að kemur.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.bolstrarinn.is

Bólstrarinn er staðsettur að Langholtsvegi 82

Sími: 568-4545

bolstrarinn@islandia.is

Opnunartími: mán–fös 09.00–18.00












KITCHENAID:

# Úrval aukahluta fyrir fjölbreyttasta eldhústækið

Hægt er að kaupa úrval sniðugra aukahluta sem passa á flestar KitchenAid--hrærivélar. Aukahlutirnir auka skilvirkni í eldhúsinu og spara þannig tíma og vinnu svo um munar. Þannig má gera KitchenAid-vélina að fjölbreyttasta og skemmtilegasta eldhústækinu.

**Bakaðu meira með KitchenAid Sifter**

Nýjasti aukahluturinn frá KitchenAid er KitchenAid Sifter eða vog með sigti og skammtara sem vigtar, sigtar og skilar hráefnunum snyrtilega ofan í skálina.

KitchenAid Sifter kemur í veg fyrir þurrefnakekki í deiginu og skilar nákvæmari og mýkri bakstri. Allir íhlutir KitchenAid Sifter mega fara í uppþvottavél að voginni undanskilinni, en þá dugar að strjúka af henni með rökum klút. Ílátið sem festist ofan á vogina tekur 500 grömm af þurrefnum í einu og gerir baksturinn snyrtilegri og nákvæmari. Vogina má einnig losa frá og nota eina og sér.

Margir kannast eflaust við að óska þess að hafa fleiri hendur í eldhúsinu þegar mikið stendur til. KitchenAid Sifter hefur hlotið lof fyrir að einfalda baksturinn svo um munar og þykir afar spennandi meðal áhugabakara sem hafa prófað.

Aðrir aukahlutir sem eru í boði: Hakkavél, grænmetisrifjárn, berjapressa, sítruspressa, ísgerðarskál, flysjari eða spíraljárn, grænmetissneiðari, raviólítæki, pastagerðarvél, pastapressa. Einnig eru fáanlegir smærri aukahlutir eins og mismunandi gerðir af skálum, hrærurum og hveitibraut. Skálarnar fást í mismunandi stærðum og gerðum með ólíkri áferð.

**Búðu til bestu hamborgarana með KitchenAid-hakkavél**

Hakkavélina ættu flestir að þekkja en á hana má festa bakka og/eða stút sem auðveldar t.d. pylsu- eða kransakökugerð. Hakkavélina má nota fyrir allskyns hráefni, bæði heimagerða kjöt- og grænmetisborgara, t.a.m. við gerð falafel eða annars sem krefst þess að hráefnið sé hakkað smátt. Ólík gatasigti fylgja með hakkavélinni fyrir mismunandi grófleika.









**Auktu grænmetisneyslu með grænmetisspíralnum**

Aðrir sniðugir aukahlutir eru grænmetissneiðarinn og grænmetisspírallinn, sem eru tæki sem henta afar vel fyrir þá sem vilja auka grænmetisneyslu eða lifa á kolvetnaskertu mataræði.

Sneiðarinn hentar einnig í baksturinn þegar skera þarf ávexti eða grænmeti í þunnar plötur, en líka til þess að búa til lágkolvetnavefjur úr t.d. agúrku eða skipta út lasanjaplötum fyrir sætkartöflu eða kúrbítssneiðar. Spíraljárnið er svo tilvalið til þess að gera núðlur úr grænmeti eða til þess að fríska upp á salatið.

**Hollur ís með lágmarks fyrirhöfn**

Ísgerðarskálin er einnig vinsæl viðbót. Hana þarf að frysta í 12–15 klukkustundir fyrir notkun en eftir það gerir hún ísinn tilbúinn á 20 mínútum. Frábær aukahlutur fyrir þá sem vilja töfra fram heimagerðan ís, hvort sem það er gamli góði jólaísinn eða jafnvel hollari ís fyrir börnin yfir sumartímann.

**Dýrindis pasta**

Ekki má gleyma pastavélunum góðu sem hjálpa þér að töfra fram ferskt pasta á einfaldan hátt. Tilbúið fyrir uppáhalds pastarétti fjölskyldunnar. Í Raflandi fæst raviólítæki, pastagerðarvél og pastapressa.

KitchenAid-hrærivélin er því alls ekki bara hrærivél heldur má endalaust við hana bæta þannig að hún verði stöðugt í notkun, en til þess eru KitchenAid-hrærivélarnar einmitt gerðar. Flestir hafa þær nú uppi á borðum hvort eð er og því um að gera að bæta við aukahlutum sem gagnast heimilinu best og töfra fram glæsilega rétti hratt og örugglega.

Kynntu þér alla KitchenAid-aukahlutina á rafland.is ■



# KEPPENDUR OG STJÓR

Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, rúllar enn á ný. Er þetta í 34. skiptið sem nemar fá að heilla eldri kynslóðina með fánýtum fróðleik um höfuðborgir, leikritaskáld og latnesk heiti á sveppum. Í gegnum tíðina hafa mörg þekkt andlit birst okkur og sum andlitin hafa orðið þekkt löngu síðar. DV renndi yfir þau helstu.



Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

## SIGURVEGARAR



### SVEINN H. GUÐMARSSON

Sveinn var í tveimur fyrstu sigurliðum MR á fyrra gullaldarskeiði skólans í keppninni. Var þetta árin 1993 og 1994 og sigraði skólinn Verzlinga í bæði skipin. Sveinn er guðfræðingur að mennt og varð landsmönnum að góðu kunnur þegar hann var fréttamaður hjá RÚV. Árið 2016 söðlaði hann um og gerðist upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar og starfar nú við það sama hjá utanríkisráðuneytinu.

### ÁRMANN OG SVERRIR JAKOBSSYNIR



Tvíburarnir Ármann og Sverrir eru sennilega frægustu Gettu betur-keppendur frá upphafi. Árið 1990 urðu þeir að goðsögnum þegar skóli þeirra, Menntaskólinn við Sund, hamraði Verzlinga með 21 stigs mun. Met sem stóð í næstum kvartöld. Síðan hefur leið þeirra legið í akademíuna og ritstörf. Þeir eru bræður Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og hafa starfað innan Vinstri grænna.





### BJÖRN BRAGI ARNARSSON

Uppistandarinn og sjónvarpsmaðurinn Björn Bragi var í sigurliði Verzlunarskólans árið 2004. Það var í eina skiptið sem skólinn hefur unnið en hann hefur sex sinnum hafnað í öðru sæti. Sigur Björns Braga og félaga á Borgarholtsskóla var mjög naumur og réðst ekki fyrr en í bráðabana. Björn Bragi hefur síðan getið sér gott orð með Mið Ísland og var spyrill í keppninni í fimm ár. Hann hætti sem spyrill eftir að ósæmilegt myndband af honum fór í dreifingu.




### BIRGIR ÁRMANNSSON OG ÞORSTEINN DAVÍÐSSON

Menntaskólinn í Reykjavík hefur unnið Gettu betur langoftast allra skóla, alls tuttugu sinnum. Til samanburðar má nefna að enginn annar skóli hefur unnið oftar en þrisvar. Í fyrstu sjö keppnunum sigraði skólinn hins vegar aðeins einu sinni, árið 1988. Í því liði voru Birgir Ármannsson og Þorsteinn Davíðsson. Birgir er lögfræðingur og hefur setið á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn síðan árið 2003. Þorsteinn er sonur Davíðs Oddssonar og starfaði áður sem aðstoðarmaður ráðherra. Árið 2008 var hann skipaður dómari.



### ODDUR ÁSTRÁÐSSON

Oddur var í sigurliðum Menntaskólans í Reykjavík árin 2002 og 2003. Það voru tíundi og ellefti sigur skólans í röð. Hann er sonur Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra og tók virkan þátt í ungliðastarfi Vinstri grænna. Leiðin lá hins vegar í fréttamennsku á Stöð 2 og síðan í lögfræðina. Hann starfaði lengi hjá Logos en er nú kominn til LMB Mandat.



### FLOSI EIRÍKSSON

Menntaskólinn í Kópavogi hefur frekar verið þekktur fyrir matreiðslu en góðan árangur í Gettu betur. Árið 1989 hafði skólinn nokkuð öruggan sigur gegn Breiðhyltingum og í sigurliðinu var Flosi Eiríksson. Flosi haslaði sér síðar völl í stjórnmálum. Hann var lengi oddviti og bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi. Síðastliðinn nóvember var hann ráðinn framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins og tók við af Drífu Snædal.



### BJARKI DIEGO

Önnur Gettu betur-keppnin, árið 1987, var sú stigahæsta frá upphafi. Þá fóru bæði liðin, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Menntaskólinn við Sund, vel yfir fimmtíu stig. Hafði hinn fyrrnefndi skóli betur og í því liði var Bjarki Diego. Bjarki varð síðar bankamaður og um tíma framkvæmdastjóri útlána hjá Kaupþingi. Árið 2015 hlaut hann fangelsisdóm í markaðsmisnotkunarmáli ásamt Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni og fleirum.



### ÞORGNÝR ALBERTSSON

Árið 2014 höfðu Hamrahlíðarmenn loksins sigur í Gettu betur eftir sex töp í úrslitum fyrir Menntaskólanum í Reykjavík. Sigur þeirra kom hins vegar ekki gegn hinum fornu fjendum heldur Borghyltingum. Í liðinu var Þorgnýr Albertsson. Hann hefur síðan starfað innan Framsóknarflokksins og er nú blaðamaður hjá Fréttablaðinu.





VEISLUR
ÁRSHÁTÍÐIR
RÁÐSTEFNUR
SKEMMTISTAÐUR
MATSÖLUSTAÐUR
Ráin er alhliða veitingahús í hjarta Reykjanesbæjar
Ráin

# NENDUR GETTU BETUR

Gáfuðustu krakkarnir og flottustu stjörnurnar

## SPYRLAR



### DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON

Séra Davíð Þór spurði árin 1996 til 1998. Hann var þá orðinn landsþekktur grínisti með Radíusbræðrum og nýtekinn við sem ritstjóri tímaritsins Bleikt & Blátt. Davíð hefur komið víða við í listunum, nú síðast sem forsprakki pönkhljómsveitarinnar Austurvígstöðvarnar. Hann hefur starfað sem sóknarprestur síðan árið 2014.



### STEFÁN JÓN HAFSTEINN

Stefán var spyrillinn sem allir aðrir spyrlar keppninnar hafa mátað sig við. Hann spurði árin 1991 til 1994 og þótti einstaklega sjarmerandi. Framan af starfaði Stefán sem fréttamaður hjá RÚV en síðar varð hann borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans fyrir Samfylkinguna. Í seinni tíð hefur hann verið þekktur fyrir starf sitt innan Rauða krossins.



### HERMANN GUNNARSSON

Ástsælasti sjónvarpsmaður landsins, Hemmi Gunn, var einn af fyrstu spyrlum Gettu betur. Hann spurði árið 1987 ásamt Vernharði Linnet og Elísabetu Sveinsdóttur. Hermann, sem lést árið 2013, var knattspyrnuhetja með Val og stýrði spjallþættinum Á tali.



### EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR

Frétta og dagskrárgerðarkonan Eva María spurði framhaldsskólanema árin 2009 og 2010. Eva er miðaldafræðingur og umhugað um íslenska tungu. Þá hefur hún einnig starfað í mannúðarmálum fyrir UN Women.



### SIGM… GUÐ…DSSON

Fjölmiðlamaðurinn Sigmar stýrði Útsvari í áratug ásamt Þóru Arnórsdóttur. Þá var hann þegar með nokkra reynslu úr Gettu betur frá árunum 2006 til 2008. Sigmar hefur stýrt mörgum þáttum á RÚV, þar á meðal Kastljósi og Morgunútvarpinu.



### ÓMAR RAGNARSSON

Hinn eini sanni Ómar hefur brallað svo margt um ævina að fáir muna eftir því þegar hann spurði í Gettu betur árið 1995. Ómar er fyrir löngu orðin goðsögn og hefur meðal annars gert þætti fyrir RÚV og Stöð 2, unnið ótal Íslandsmeistaratitla í ralli, skrifað bækur, leitt stjórnmálaflokk, sungið inn á plötur og skemmt landanum í áratugi.

### LOGI BERGMANN EIÐSSON

Enginn hefur spurt meira en sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann Eiðsson. Hann spurði í sjö ár, frá 1999 til 2005. Logi hóf blaðamannsferil sinn sem íþróttafréttamaður á Þjóðviljanum en hefur síðan birst landsmönnum sem fréttamaður hjá RÚV og Stöð 2. Auk þess hefur hann stýrt ýmsum skemmti- og spurningaþáttum og starfað í útvarpi.





### EDDA HERMANNSDÓTTIR

Árin 2011 til 2013 var Edda Hermannsdóttir spyrill. Hún var dagskrárgerðarkona á RÚV en einnig hefur hún starfað sem blaðamaður hjá Viðskiptablaðinu. Árið 2015 söðlaði hún um og hóf störf hjá Íslandsbanka sem samskiptastjóri.

## DÓMARAR OG STIGAVER…IR



### KATRÍN JAKOBSDÓTT…

Árin 1997 og 1998 gegndi Katrín embætti sem er ekki síður mikilvægt en embætti forsætisráðherra. Hún var nefnilega stigavörður í Gettu betur. Katrín, sem er bókmenntafræðingur, settist síðan á þing árið 2007 fyrir Vinstri græn. Loks varð hún ráðherra og formaður flokksins.



### ILLUGI JÖKULSSON

Illugi Jökulsson, blaðamaður, rithöfundur, þýðandi, dagskrárgerðarmaður og einn beittasti penni landsins, var dómari í Gettu betur árið 1999.



### ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

Ólína var dómari í keppninni árið 2000. Hún á að baki langan feril í stjórnmálum og fræðistörfum og hefur meðal annars setið bæði í borgarstjórn og á Alþingi.



### MARGRÉT ERLA MAACK

Margrét dæmdi í keppninni árin 2014 og 2015. Hún hefur til dæmis starfað bæði í Kastljósi og Íslandi í dag. Einnig hefur hún heillað landann með magadansi á undanförnum árum.



### ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR

Fjölmiðlakonan Þóra hélt kirfilega um stigin í fjögur ár, frá 1999 til 2002. Síðar gat hún sér gott orð í annarri spurningakeppni, Útsvari. Sennilega er Þóra þekktust fyrir forsetaframboð sitt árið 2012.

# Lágkolvetnakóngurinn svindlar stundum



## ■ Gunnar Már gaf nýverið út bókina KETO ■ Segir það misskilning að ketó sé kolvetnasnautt fæði með öllu






**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**
lilja@dv.is

Markmið mitt er það sama og ég hef verið með síðustu 26 árin í gegnum vinnuna, sem er að bæta heilsu og lífsgæði einstaklinga. Ég hef unnið við þjálfun og ráðgjöf allan þennan tíma og verð að segja að ég hef aldrei upplifað eins góðan árangur hjá fólki og ég er að sjá á ketó,“ segir lágkolvetnakóngurinn og einkaþjálfarinn Gunnar Már Sigfússon. Gunnar gaf nýverið út bókina KETO, en margir kannast eflaust við bækur Gunnars um lágkolvetnakúrinn.

Hann segir nýju bókina taka lágkolvetnamataræðið einu skrefi lengra en fer einnig yfir föstur sem hann mælir hiklaust með að notaðar séu með ketómataræðinu.

„Það eru til margar tegundir af föstu og ég fer yfir þær helstu. Fólk getur síðan ákveðið hvort það henti og síðan þá hvaða tegund af föstu það kýs. Ég vil þó taka það fram að föstur eru val hvers og eins og í bókinni er að finna fjölmargar morgunverðarhugmyndir fyrir þá sem kjósa að borða morgunverð. Snilldin við föstunar er að þær flýta fyrir árangrinum og eru í grunninn frekar léttar fyrir flesta ef þær eru framkvæmdar rétt.“

### Var orðinn gráðugur

Ketómataræðið hefur verið gagnrýnt af einhverjum, en það snýst um að sneiða verulega hjá kolvetnum, jafnvel innbyrða aðeins tuttugu grömm af kolvetnum á dag. Gunnar segir mataræðið ekki henta öllum en dásamar ketó og áhrif þess.

„Ketó fær gjarnan gagnrýni á sig að vera kolvetnalaust mataræði sem það er bara alls ekki. Í ketó er að finna öll hollustu og næringarríkustu kolvetni sem móðir náttúra býður okkur upp á og í töluverði magni, meira að segja. Það er eingöngu verið að taka út kolvetni sem hafa mikil áhrif á blóðsykurinn og hafa þar með neikvæð áhrif á sykurlöngun, orkuna og matarlystina,“ segir Gunnar. Hann segir mataræðið hafa haft góð áhrif á sína heilsu.

„Ketó heldur góðu jafnvægi á blóðsykrinum og það þýðir að orkan hjá mér er alltaf jöfn og langoftast mjög góð. Mig langar til dæmis ekki í blund yfir miðbik dagsins og sofna ekki yfir fréttunum. Blóðsykurjafnvægi þýðir líka að sykurlöngun er í lágmarki sem þýðir að mig langar mun síður í sætindi því þörfin er hreinlega ekki til staðar. Síðan hefur ketó afar góð áhrif á matarlystina, það er ég borða sjaldan yfir mig af því ég var orðinn gráðugur. Ketó gefur manni stjórn á þessum „tilfinningum“ eða löngunum og ef maður hefur stjórn á þessum hlutum er maður hreinlega aldrei í rugli með mataræðið.“

### Tekur aldrei heilan svindldag

En „svindlar“ sjálfur lágkolvetnakóngurinn einhvern tímann?

„Ég er alls ekki heilagur í mataræðinu. Ég spila þetta svolítið eftir eyranu og er svona tarnamaður eins og svo margir. Sumar vikur og mánuði er ég súper harður en aðra ekki jafn samviskusamur. Ég er þó alltaf á einhverri útgáfu af lágkolvetnamataræði enda fara einföld kolvetni hreinlega ekki vel í mig, svona orkulega og meltingarlega séð,“ segir Gunnar Már. Hann svindlar þó meira í mat en að narta í sætindi.

„Ég er ekki mikið fyrir sykur þegar ég svindla. Mér finnst gott að fá mér hrísgrjón og kartöflur sem meðlæti en er með smá trikk alltaf áður en ég svindla. Ég tek alltaf æfingu áður en ég borða svindlmáltíð og lyfti frekar þungt á alla vöðva líkamans og er eiginlega búinn á því eftir þessa æfingu. Þetta tæmir allan glúkósa úr vöðvunum svo glúkósinn sem grjónin og kartöflurnar brotna niður í þegar þeirra er neytt fer fyrst og fremst í vöðvana, því þeir eru alveg tómir. Svona dreg ég úr líkunum á því að glúkósinn endi í fitufrumunum. Hitt er að ég hef aldrei heilan svindldag. Ég leyfi mér meira af kolvetnum í einni máltíð.“

> „Ég er alls ekki heilagur í mataræðinu. Ég spila þetta svolítið eftir eyranu og er svona tarnamaður eins og svo margir.

### Verið viðbúin aukaverkunum

Gunnar Már mælir með að fólk kynni sér mataræðið vel og vandlega áður en lagt er af stað.

„Það er mikilvægt að vera annars vegar með gott skipulag varðandi mataræðið, eiga mat í ísskápnum sem hægt er að grípa í og vera með matseðil til að byrja með til að fara eftir. Hitt er að vera viðbúin aukaverkunum ef þær gera vart við sig. Í ketó er verið að skipta um orkugjafa fyrir frumur líkamans og það getur verið skrykkjótt ef þetta er ekki gert rétt. Í bókinni minni fer ég yfir allt sem getur mögulega komið upp í byrjun og set fram ráð til að þetta gangi allt vel.“

Við getum ekki kvatt kónginn án þess að fá eina uppskrift úr bókinni KETO. ■


EIGUM MARGA LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST


## Fajitas-lax með bökuðum paprikum

*Fyrir 2 – eldunartími 25 mínútur*
*Þú þarft að eiga olíu, salt og svartan pipar*
*Hitaðu ofninn í 180°C og stilltu á blástur*

**Hráefni:**
350 g lax
rauð, gul og græn paprika, skornar í strimla
1 lítill laukur eða rauðlaukur, skorinn í sneiðar
1 súraldin
½ búnt kóríander, smátt saxað
2 lárperur
2 msk. sýrður rjómi

**Aðferð:**
Settu laxinn á bökunarpappír í ofnskúffu. Notaðu salt og pipar til að krydda hann eða veldu krydd að eigin vali, má vera frjálslega kryddaður. Settu laukinn, paprikurnar og kóríander í skál og veltu upp úr ólífuolíu og salti og pipar. Dreifðu paprikublöndunni í ofnskúffuna kringum laxinn. Skerðu súraldin í tvennt og kreistu annan helminginn yfir laxinn og grænmetið og settu hann síðan í ofnskúffuna. Notar hinn helminginn eftir eldunartímann. Settu allt inn í ofn í 20 mínútur. Hrærðu í paprikunum tvisvar á eldunartímanum svo þær eldist jafnt. Maukaðu lárperur með gaffli og hrærðu saman við sýrða rjómann. Bættu við góðri klípu af salti og berðu maukið fram með laxinum og grænmetinu. Kreistu súraldinsafa yfir ef þú vilt meira af súru.





**Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.**
**Hver standur er fyrir 2-3 hjól.**
**Vönduð evrópsk framleiðsla.**

FABBRI
PORTATUTTO






*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI*
*- MIKIL ÞEKKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*



**Toppbogar á margar gerðir bíla.**

**Farangursbox á allar gerðir bíla.**
**Stærðir 360 - 550 lítra**
**Vönduð evrópsk framleiðsla.**



VÍKURVAGNAR EHF.

## STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

*Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -*
*Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is*

STEINHOF
WESTFALIA





**Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.**
**Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.**
**Ásetning á staðnum.**

# Tímavélin




Kóssar

120 þúsund kóssar til sölu.
Brúnt (90 þús.). Svart (10). Nickel (10).
Blátt (5). Rautt (5).
Kóssarnir eru venjulegir skó- og fatakóssar.
Selst með kostnaðarverði, aðeins í heilu lagi.
Tilboð, merkt: „Kóssar“, sendist Vísi.

**Gamla auglýsingin**
Vísir 13. janúar 1945

# Mannshvörf voru skoðuð í tengslum við beinafund í Faxaskjóli

## ■ Með fulla vasa fjár ■ Föt fundust í fjörunni

**Kristinn Haukur Guðnason**
kristinn@dv.is



Í síðustu viku fjallaði Tímavél DV um fund mannabeina við Faxaskjól í Reykjavík, sumarið 1975. Fyrir tilviljun fundu krakkar nokkuð heillega beinagrind karlmanns, grafna á um eins metra dýpi í gömlu byrgi frá stríðsárunum. Að sögn Jóhanns Wathne, sem var einn af þessum krökkum, var rannsókn málsins stutt og hroðvirknislega unnin. Málið var mikið í fjölmiðlum þetta sumar en lognaðist síðan út af og aldrei fékkst niðurstaða í það, hverjum beinin tilheyrðu eða hvernig látið hefði borið að. Nokkrir menn hurfu á því tímabili sem lögreglan horfði til, á árunum 1951 til 1956. Seinna tók rannsóknin óvænta beygju þegar mun eldra máli var velt við.

### Fjórir horfnir menn

„Það er alls ekki hægt að slá því föstu hvort um morð sé að ræða eða ekki,“ sagði Haukur Bjarnason rannsóknarlögreglumaður við Þjóðviljann þann 9. júlí árið 1975. „Þótt byssukúlur hafi fundist sannar það ekkert. Við höfum fullkomna skrá yfir öll mannshvörf frá árinu 1942, en það er mín trú að þessi bein séu ekki nándar nærri svo gömul.“

Fyrstu athuganir á beinunum voru taldar benda til þess að beinagrindin hefði legið þarna í jörð frá árunum 1955 til 1965. Eins og áður var sagt voru byrgin fyllt af garðaúrgangi í kringum 1954. Síðar var rannsóknin þrengd og beindist þá að árunum 1951 til 1954, þegar byrgin voru að fyllast. Gert var ráð fyrir að gryfjan hefði verið tóm fram að því.


**Magnús Guðlaugsson** *Ætlaði á sjóinn aftur.*

„Við höfum farið yfir skrá um það fólk sem hvarf á þessum árum og fannst aldrei og það eru fjórar manneskjur,“ sagði Magnús Eggertsson, hinn rannsóknarlögreglumaðurinn sem kom að málinu. „Það liggur alveg ljóst fyrir að þarna hefur einhver þurft að fela lík.“

Greining á beinunum var ónákvæm miðað við tækni nútímans. Prófessorar við Háskóla Íslands áætluðu að beinin væru af manni sem hefði látist um fertugt en gátu ekki sagt til um hversu lengi hann hefði verið grafinn. Nokkrir karlmenn á þessum aldri hurfu á árunum eftir 1951.

### Hvarf af strandferðaskipi

Svavar Þórarinsson rafvirkjameistari var 34 ára gamall þegar hann hvarf sporlaust í apríl árið 1951. Hann fór heiman frá sér að Bragagötu 38 föstudaginn 13. þess mánaðar. Þá var hann í frakka og höfuðfatslaus og í brúnum fötum. Hann lét ekkert uppi um hvert hann ætlaði.

Rannsóknarlögreglan yfirheyrði bílstjóra sem ók Svavari að strandferðaskipinu Herðubreið


**Pétur Guðmundsson** Hálft ár leið áður en hvarf hans var auglýst.

þetta kvöld og hélt skipið úr höfn um miðnætti. Svavar hafði hins vegar ekki keypt farseðil og var farangurslaus. Herðubreið var á leið á Vestfirði og kom við á mörgum stöðum og öll veðurskilyrði góð.

Skipverjar voru yfirheyrðir þegar Herðubreið kom aftur til Reykjavíkur. Þegar skipið fór frá Hellissandi á Snæfellsnesi laugardaginn 14. apríl var Svavar enn þá um borð. Eftir það sást hann ekki meir og enginn varð þess var að hann færi í land. Einn skipverjanna, Guðmundur Andrésson, segir Svavar hafa verið einn síns liðs og í brúnum jakkafötum. Annar, Elías Guðmundsson, sagði að Svavar hefði sagst ætla að fara til Patreksfjarðar þótt hann ætti hvorki ættingja né hefði atvinnu þar. Var hann mjög fámáll og virtist þungt hugsi. Var talið að hann hefði fallið fyrir borð, viljandi eða óviljandi.

Svavar var einhleypur og átti eina dóttur.


**Gröfin í Faxaskjóli** Morgunblaðið 9. júlí 1975.

> **„Það liggur alveg ljóst fyrir að þarna hefur einhver þurft að fela lík**

### Átti það til að hverfa

Magnús Guðlaugsson var 34 ára þegar hann hvarf haustið 1953. Hann var atvinnulaus en hafði stundað sjóinn. Magnús leigði herbergi að Leifsgötu 4 í Reykjavík en var upprunalega frá Bolungarvík. Hann var í fæði hjá öðru fólki í bænum en eftir 9. október sást hann á hvorugum staðnum.

Magnús hafði átt það til að hverfa öðru hverju og var hvarf hans því ekki tilkynnt fyrr en rúmum tveimur mánuðum síðar, eða þann 18. desember. Hafði hans þá verið leitað í Reykjavík og víðar. Einhver hafði þó heyrt Magnús segja að hann myndi bráðlega fara á sjóinn aftur.

Magnúsi var lýst sem háum í vexti, lotnum í herðum, ljóshærðum og með skalla. Hann var ókvæntur og barnlaus.




# NBA-„stjarna“ kenn

Árið 1994 var NBA-fárið í hæstu hæðum á Íslandi. Krakkar og unglingar skiptust á körfuboltamyndum, vöktu fram á nætur til að fylgjast með Valtý Birni og Einari Bollasyni og fóru í bíó til að sjá skelfilegar bíómyndir á borð við Blue Chips og The Air Up There.

Íslensk börn nötruðu af spenningi þegar tilkynnt var að NBA-stjarna væri á leiðinni til landsins til að kenna þeim listir, frá sjálfu Orlando Magic, sem var eitt heitasta liðið. Skyldi sjálfur Shaq vera að koma eða Penny Hardaway? Nei, það var víst varamaðurinn Anthony Bowie.

Þrátt fyrir að Bowie væri ekki skærasta stjarnan var þó umtalsverð eftirvænting. Bowie kom síðan í byrjun júní og hélt körfuboltabúðir í Austurbergi og Fellaskóla í Breiðholtinu. Pláss var fyrir 88 börn á aldrinum 8 til 18 og kostaði 12.500 krónur. Með Bowie kæmu þrír amerískir þjálfarar úr atvinnumennskunni og háskólaboltanum.

Reyndust búðirnar ákaflega vel heppnaðar. Athygli vakti að Bowie tók með sér Otis Smith, gamlan liðsfélaga úr Orlando Magic og umtalsvert betri leikmann. Einnig kom á daginn að þeir fengu ekkert greitt fyrir námskeiðið heldur virtist það haldið til að breiða út boðskap NBA.

Frægðarsól Bowie, sem var nú ekki skær, seig með hverju árinu eftir þetta og datt hann úr deildinni árið 1998. Þá hafði hann einna helst unnið það sér til frægðar að sýna fortakslausa eigingirni í leik árið 1996 til þess að ná svokallaðri þrefaldri tvennu, þjálfara sínum og liðsfélögum


**Svavar Þórarinsson** Var um borð í Herðubreið.


**Magnús Ottósson** Aðeins fötin fundust.

### Föt í fjörunni

Þann 20. ágúst árið 1955 fundu starfsmenn bensínstöðvarinnar BP við Skúlagötu (nú Bríetartún) karlmannsföt á steini í fjörunni þar fyrir neðan. Voru þetta skór, hattur, jakki og yfirhöfn.

Létu þeir lögregluna samstundis vita sem komst fljótt að því hver ætti þau. Var þá talið að maðurinn sem átti fötin hefði, skilið þau þar eftir og gengið í sjóinn.

Degi seinna var greint frá því að fötin hefðu verið í eigu Magnúsar Ottóssonar. Magnús var 45 ára gamall og hafði horfið 19. ágúst. Hann var meðalmaður að hæð, rauðskolhærður og hafði kennt sér lasleika dagana fyrir hvarfið og ekki getað unnið.

Eftir að fötin fundust leitaði lögreglan í Reykjavík og skátarnir að honum í fjörunni. Höfðu þeir hins vegar ekki erindi sem erfiði og ekkert fannst nema fötin.

Magnús var ókvæntur og barnlaus.

### Heimilis- og atvinnulaus

Pétur Guðmundsson, 35 ára, hvarf þann 15. desember árið 1956. Sást hann síðast gangandi á Laugaveginum. Þá var hann klæddur í grá-an jakka, grænar vinnubuxur, bláa peysu og brúna skó. Pétur var hávaxinn, grannur, dálítið lotinn, skolhærður og með gráblá augu. Hann var bæði heimilis- og atvinnulaus.

Lögreglan hafði spurst fyrir um Pétur en opinberlega var ekki lýst eftir honum fyrr en 6. júní árið 1957, um hálfu ári eftir hvarfið, þá bæði í dagblöðum og útvarpi. Var það gert eftir að móðir hans bað rannsóknarlögregluna að grennslast fyrir um málið. Pétur hafði áður horfið langtímum saman en ekki svona lengi án þess að tala við ættingja sína.

Móðir Péturs hafði síðast séð hann um mánaðamótin nóvember og desember. Þá sagðist hann vilja fara á sjóinn. Lögreglan hafði ekki heimildir fyrir því að Pétur hefði fengið nokkurt skipspláss. Taldi rannsóknarlögreglan ólíklegt að Pétur hefði verið munstraður á erlent skip.

Pétur var ókvæntur og átti eina dóttur.

### Með fulla vasa fjár

Þann 18. júlí, ellefu dögum eftir beinin fundust, gaf lögreglan út óvænta tilkynningu; að nú beindist rannsóknin ekki lengur að þeim mönnum sem hefðu horfið á árunum upp úr 1951 heldur að Sveinbirni Jakobssyni, sem hvarf árið 1930.

Sveinbjörn var 46 ára þegar hann hvarf þann 6. október, 1930. Hann var frá Ólafsvík en sást síðast þegar hann var í vikuheimsókn hjá dóttur sinni í Reykjavík. Fimmtudaginn 9. október tók hann leigubíl til að fara að húsi sem nefndist Sauðagerði. Það var torfbær, áður fjárhús frá Hlíðarhúsum, nálægt því sem nú er Grenimelur 46.

Eftir það fréttist ekkert af honum en skátar gerðu dauðaleit að honum á sunnudeginum. Leitað var allt frá Gróttu og inn í Fossvog. Vitað var að Sveinbjörn hafði fulla vasa fjár þegar hann kom til Reykjavíkur og hjá lögreglunni var hvarf hans rannsakað sem sakamál á sínum tíma.

Það að lögreglan hefði bendlað hvarf Sveinbjarnar við beinin í Faxaskjóli olli nokkurri undrun miðað við það sem áður hafði komið fram í málinu. Ef byrgið sem beinin fundust í fylltist ekki af torfi og mold fyrr en eftir 1951, hvar gæti lík Sveinbjarnar þá hafa legið öll þessi ár? ■

# Voru geimverur á ferð við Ísland árið 1951?

## Hringir yfir hafinu sem risu hratt upp

Graham Bethune starfaði sem flugmaður í bandaríska flotanum um miðja síðustu öld. Tuttugu ár eru liðin síðan hann kom fyrst fram og sagði sögu sína af því þegar hann sá það sem hann telur hafa verið fljúgandi furðuhlut í námunda við Ísland árið 1951.


**Graham Bethune** Hefur sagt sína sögu í 20 ár.



**Skjölin** Bethune og aðrir farþegar yfirheyrðir í Kanada.

### Eins og borg um nótt

Bethune fékk flugmannsréttindi árið 1943 og tók þátt í njósnaflugi á Atlantshafi í stríðinu. Var bandaríski flotinn þá að leita að þýskum kafbátum. Eftir stríðið hélt hann áfram að fljúga fyrir herinn og árið 1950 var hann sendur á herstöðina í Keflavík. Að eigin sögn til að bregðast við dularfullum ljósum sem hefðu sést úti á hafi. Lék þá grunur á að þetta væru tilraunavopn Sovétmanna.

Í kjölfarið flaug Bethune frá Keflavík til Ardentia í Nýfundnalandi í Kanada, þann 9. febrúar árið 1951. Um 30 manns voru í vélinni. Um 480 kílómetrum suðvestan við Keflavík segist Bethune hafa séð óútskýrð ljós, rétt yfir hafinu, um klukkan eitt um nótt. Bethune sagði fyrst frá þessu árið 1999 og hefur hann haldið þessari sögu fram allar götur síðan. Í viðtali árið 2013 sagði hann:

„Þetta var eins og að fljúga yfir borg um miðja nótt. Ljósið var umlykjandi sem erfitt var að skilgreina. Ég horfði á þetta um stund og lét meðflugmann minn, Fred, vita. Hann gat heldur ekki áttað sig á því hvað þetta var. Það voru engin skip eða neitt annað nálægt. Veðrið var stillt og það voru engin norðurljós samkvæmt veðurtilkynningunni. Við héldum þá að við hefðum flogið af leið og værum kannski komnir að strönd Labrador eða Grænlands.“


**Flugmaður** Segist hafa séð furðuhlut árið 1951.

### Ljós og hávaði

Samkvæmt stjórnstöðinni var flugvélin á réttum stað. Bethune og félagi hans héldu áfram að fylgjast með ljósunum. Bethune segir að ljósin hafi myndað ákveðið mynstur og grunaði hann að bandaríski flotinn væri að stunda eitthvað leynilegt þarna.

„Þetta voru hringir, gríðarlega stórir en ég get ekki sagt nákvæmlega hversu stórir,“ sagði Bethune og einnig að fleiri hafi verið komnir fram í stjórnklefann til að fylgjast með þessu. „Hringirnir risu mjög hratt upp úr sjónum, á aðeins einni sekúndu eða svo. Ljósið kom þá í okkar hæð og var svo bjart að ég gat ekki séð neitt annað en stjórnklefann. Þá vissi ég ekkert hvert ég ætti að stýra vélinni en heyrði mikinn hávaða.“

Bethune sagði ljósið síðan hafa verið hægra megin við flugvélina í svolitla stund, kannski í um átta kílómetra fjarlægð. Þá segist hann hafa séð að þetta væri flugfar með hvelfingu en þeim fannst engu að síður ekki standa nein ógn af því. Bethune ræddi þetta við lækni sem var um borð og læknirinn sagðist hafa séð fljúgandi furðuhlut, þótt hann tryði ekki á þá.

Meðflugmaðurinn tilkynnti þetta í gegnum talstöðina en Bethune sagðist ekki vilja að neinn myndi frétta af þessu. Við lendinguna í Ardentia voru allir um borð yfirheyrðir um þetta atvik. Bethune frétti hins vegar ekkert frekar af þessu atviki fyrr en árið 1991 þegar hann komst yfir skjöl málsins. Vitnisburðir þeirra sem voru um borð í vélinni voru allir keimlíkir en enginn annar en Bethune hefur stigið fram og sagt frá þessu atviki.

„Ég er handviss um að það sem ég sá kom frá annarri plánetu. Á þessum tíma áttum við ekkert svona stórt sem gat hreyft sig svona hratt.“ ■

# ...di íslenskum börnum

til mikils ama. Bowie endaði ferilinn í Úralfjöllum í Rússlandi árið 2002. Bowie verður aldrei nema neðanmálsgrein í sögu NBA-deildarinnar en á Íslandi var hann sannkölluð stjarna. ■



**Anthony Bowie** Körfuboltamyndir voru geysivinsælar.

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS

Suðurlandsbraut 14 • 108 Reykjavík • Sími 588 0188 • slysabaetur@slysabaetur.is

# Anna drottning missti öll sautján börnin sín

## ■ Eitt náði ellefu ára aldri ■ Þunglynd og heilsuveil

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Anna Stúart ríkti yfir Bretlandi frá 1702 til 1714 og hefur oft verið talin óhamingjusamasta drottning sögunnar. Sautján sinnum varð hún þunguð, en engin barna hennar komust á legg. Sjö sinnum missti hún fóstur, fimm börn fæddust andvana og fjögur dóu í frumbernsku. Einn sonur hennar náði ellefu ára aldri. Þessi mikla sorg og sífelldu vonbrigði höfðu skiljanlega mikil áhrif á Önnu sem þjóðhöfðingja. Þar sem hún eignaðist engan erfingja lauk valdatíð Stúart-ættarinnar með henni.

### Fyrsta barnið fætt andvana

Anna var fædd árið 1665, dóttir Jakobs II. konungs, og systir Maríu II. drottningar, sem stýrði Bretlandi ásamt eiginmanni sínum Vilhjálmi III. Á þessum tíma stóð mikill styr um að halda krúnunni í höndum mótmælenda. Jakobi II., sem var kaþólikki, var steypt af stóli. María og Vilhjálmur eignuðust enga erfingja og því tók Anna við árið 1702, eftir að þau voru bæði fallin frá.

Anna var gefin Georgi, prins af Danmörku, árið 1683. Eftir aðeins örfáa mánuði varð hún þunguð af þeirra fyrsta barni. Þann 12. maí árið eftir fæddi Anna andvana stúlkubarn. Þetta hefur vissulega verið áfall en engu að síður ekki óalgengt á þeim tíma. Fæðingar voru hættulegar fyrir bæði mæður og barn, ríkar jafnt og fátækar konur. Það eina sem hægt var að gera var að nýta sér reynslu eldri kvenna og biðla til almættisins.

Skömmu eftir þetta varð Anna ólétt að nýju og 2. júní árið 1685 fæddi hún heilbrigt stúlkubarn. Stúlkan var skírð María líkt og systir hennar drottningin, sem Anna var mjög náin. Ekki leið á löngu þar til Anna varð þunguð aftur og 12. maí árið 1686 kom önnur stúlka undir vænginn, Anna Sófía. Enn á ný varð Anna þunguð og leit allt út fyrir að fimm yrðu í fjölskyldunni árið 1687.

### Annus horribilis

Árið 1687 hófst með slæmum fyrirboða. Þann 21. janúar missti Anna fóstur í fyrsta skipti. Nokkrum dögum síðar smitaðist Georg og dæturnar báðar af bólusótt. Þann 2. febrúar dó Anna Sófía litla, sem hafði ekki náð eins árs aldri. Tæpri viku síðar lést María.

Georg fékk mikla hitasótt en náði líkamlegri heilsu á nýjan leik. Sorg hans og Önnu var hins vegar slík að öll hirðin var undirlögð. Þau grétu saman eða sátu þögul og leiddust. Inni á milli lýstu þau sorg sinni með orðum. Í mars varð Anna þunguð á nýjan leik. Georg heimsótti heimaland sitt um sumarið en þegar hann sneri aftur um haustið var ljóst að eitthvað var að. Þegar Anna var gengin sex mánuði hætti fóstrið að hreyfa sig. Mánuði síðar, þann 22. október, fæddi Anna andvana son.



**Olivia Colman** Leikur Önnu í kvikmyndinni The Favourite.

### Erfingi krúnunnar með vatnshöfuð

Vorið 1688 missti Anna fóstur í annað skiptið. Á þessum tíma var talið ljóst að Anna myndi taka við sem drottning af systur sinni og því mikil pressa á hana að eignast erfingja. Bæði konungur og drottning voru viðstödd, þann 24. júlí árið 1689 þegar Anna fæddi loks dreng. Þremur dögum síðar var hann skírður Vilhjálmur Hinrik og fékk hann í kjölfarið titilinn hertoginn af Gloucester.

Litli Vilhjálmur var heilsuveill frá fæðingu. Að öllum líkindum var hann með vatnshöfuð, þó að það hafi aldrei verið staðfest. Hann var með stórt höfuð, fékk tíða höfuðverki og þrýsting. Hirðlæknarnir reyndu að stinga á og hleypa vökva út og gáfu honum kínín sem olli honum uppsölum.

Vilhjálmur var langt á eftir öðrum börnum í þroska og gat ekki talað fyrr en hann var orðinn þriggja ára. Hann átti einnig erfitt með gang. Þegar hann var fimm ára neitaði hann að ganga upp stiga án þess að fá hjálp þjóna. Vilhjálmur var sífellt veikur og útlit hans endurspeglaði það. Anna sagðist elska hann af öllu hjarta en gæti ekki gortað sig af fegurð hans.

### Vonbrigði á vonbrigði ofan

Eftir að Vilhjálmur fæddist héldu Anna og Georg áfram að reyna að búa til erfingja. Í október árið 1690 fæddist María, tveimur mánuðum fyrir settan dag. Hún lifði aðeins í tvo klukkutíma. Í apríl árið 1692 fæddist Georg. Hann lifði í örfáar mínútur. Í mars árið 1693 ól Anna andvana dóttur.

Anna missti næstu fimm fóstur. Í janúar 1694, febrúar 1696, september 1696, mars 1697 og desember 1697. Áhöld eru uppi um hvort að um tvíbura var að ræða í síðasta skiptið. Í tvígang varð Anna þunguð eftir þetta, en þau börn fæddust andvana; í september 1698 og það síðasta í janúar 1700. Anna var tæplega 35 ára gömul og hafði orðið þunguð sautján sinnum. Eina barnið sem hún átti var Vilhjálmur Hinrik, sem var mjög veiklaður og þurfti mikla umönnun. Systir hennar, María, lést árið 1694.





**Vilhjálmur Hinrik** Langlífasta barn Önnu.

### Hin óhamingjusama drottning

Á ellefu ára afmælisdaginn sinn, 24. júlí árið 1700, veiktist Vilhjálmur. Hann kvartaði undan þreytu eftir veislu og um kvöldið fékk hann hálsbólgu og hita. Læknir kom og tók honum blóð en það hafði engin áhrif. Vilhjálmur fékk mikil höfuðverkjarköst, niðurgang og útbrot. Honum hrakaði með hverjum deginum eftir þetta og læknar gátu engan veginn komið sér saman um hvað væri að honum.

Anna sat við rúm Vilhjálms í mikilli angist. Í eitt skiptið féll hún í yfirlið af áhyggjum. Þann 29. júlí leit hann betur út og útlit fyrir að hertoginn ungi myndi ná sér af sóttinni. En það kvöld hrakaði honum aftur og hratt. Foreldrar Vilhjálms sátu við rúm hans klukkan eitt, aðfaranótt 30. júlí þegar hann lést.

Anna sökk í djúpt þunglyndi eftir þetta. Hún lokaði sig af í herbergi sínu en á kvöldin báru þjónarnir hana út í garð til að reyna að bæta andlega heilsu hennar. Þann 8. mars lést Vilhjálmur III. konungur og Anna tók þá við sem drottning. Öll hennar stjórnartíð einkenndist af slæmri líkamlegri heilsu og óhamingju. Engu að síður var hún vinsæl drottning, sem beitti sér sérstaklega fyrir listum og menningu. Hún lést eftir heilablóðfall, aðeins 49 ára gömul, þann 1. ágúst árið 1714. ■








**Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.**

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur.
Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía
Parki INTERIORS

VIÐARPARKET • UTANHÚSSKLÆÐNINGAR • VÍNYLPARKET • FLÍSAR • HURÐIR • TEPPI • KERFISLOFT • HARÐPARKET • INNRÉTTINGAR

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570

# METNAÐARFULL GEIMFERÐAÁÆTLUN KÍNVERJA

## Hin hlið tunglsins



Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Hin hlið tunglsins Mynd úr Apollo 16 árið 1972.

Það hefur ávallt hvílt ákveðin dulúð yfir bakhlið tunglsins en ekki eru nema um 60 ár síðan menn sáu bakhliðina í fyrsta sinn, en 1969 sendi sovéska geimfarið Luna-3 fyrstu myndirnar af bakhliðinni til jarðarinnar. Níu ár liðu síðan áður en menn sáu bakhliðina með eigin augum en það var þegar Apollo 8, geimfar bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA, var á braut um tunglið. Kínverjar brutu blað í geimferðasögunni nýlega þegar kínverska geimfarið Chang'e-4 lenti á bakhlið tunglsins sem er stundum nefnd hin dimma hlið tunglsins. Hún er þó allt annað en dimm því sólin skín á þá hlið eins og hina.

Lendingin sýnir vel miklar tæknilegar framfarir Kínverja sem hafa náð að teygja sig inn í geimferðaáætlun þeirra. Þessi lending markar að öllum líkindum nýja tíma í geimferðasögunni og áhuga á og ferðum manna til tunglsins. Keppinautar Kínverja hjá bandarísku geimferðastofnuninni NASA segja þetta „tilkomumikinn“ árangur og þar eru auðvitað engir aukvisar á ferð og ættu því að vita hvað þeir eru að tala um. NASA hefur sent fjölda geimfara til tunglsins, þar á meðal mönnuð geimför, en aldrei til bakhliðarinnar. Það eru aðeins Bandaríkin, Rússland og Kína sem hefur tekist að lenda geimförum heilu og höldnu á tunglinu.

Talið er að tunglið hafi orðið til fyrir um 4,5 milljörðum ára eftir árekstur jarðarinnar og annars hlutar. Tunglið gengur um jörðina á 28 dögum og snýr alltaf sömu hliðinni að jörðinni. Í mörgum menningarsamfélögum er tunglið notað til að mæla tímann og því er aukamánuði lætt inn annað eða þriðja hvert ár til að dagatalið gangi upp.

### Breytt staða

Lending Chang'e-4 breytir jafnvæginu og sjónarhornum varðandi geimferðir og allan iðnað sem þeim tengist. Ef litið er á málið með þjóðernissinnuðum augum þá lofsama Kínverjar lendinguna sem mikilvægt skref sem engri annarri þjóð hefur tekist að taka til þessa. Lendingin kom mörgum sérfræðingum einnig á óvart því hún sýnir að Kínverjar eru komnir lengra áleiðis í tækniþróun en flestir áttu von á. Kínverjar halda spilunum þétt að sér og því hefur reynst erfitt að meta hversu langt á veg kínverska geimferðaáætlunin var komin.

Ein stærsta áskorunin við að lenda á bakhliðinni er fjarskipti. Það er engin bein tenging við jörðina frá bakhliðinni en þetta leystu Kínverjar með því að koma gervihnetti fyrir við bakhlið tunglsins þannig að hann er í sambandi við geimfarið og tunglbíl þess og stjórnstöð á jörðu niðri.

Kínverjar lentu geimfari á framhliðinni 2013 og hafa nú tekið þetta nýja og stóra skref. Næsta verkefni þeirra er að senda annað geimfar til tunglsins eftir tvö ár og á það að koma með sýni þaðan aftur til jarðarinnar. Þetta verkefni Kínverja hófst 2004 og lokamarkmið þess er að senda menn til tunglsins 2030. En áður, eða árið 2022, á að koma upp geimstöð á braut um tunglið. Verkefni Kínverja í geimnum tengjast oft hernaðarlegum markmiðum en tunglverkefnið er talið vera meira tengt vísindum en venja er hjá Kínverjum. Það að Chang'e-4 lenti í hinum stóra Aitkin-gíg, nærri suðurpól tunglsins, er engin tilviljun heldur var lendingarstaðurinn sérstaklega valinn í þeirri von að á þessu svæði verði hægt að finna upplýsingar um tunglið, jörðina og tilurð alheimsins. Talið er að gígurinn hafi orðið til við árekstur loftsteins og hafi tekið svo mikið af yfirborðinu að þar sé ekki djúpt niður í kjarna tunglsins.



**Kínverjar** Nýtt stórveldi í geimferðum.

> „Keppinautar Kínverja hjá bandarísku geimferðastofnuninni NASA segja þetta „tilkomumikinn“ árangur

### Sjaldgæfir málmar

Chang'e-4 er með hin ýmsu mælitæki sem verða notuð við rannsóknir. Þar á meðal er ratsjá sem getur séð undir yfirborðið og sótt upplýsingar langt niður í jörðina. Það er undirliggjandi þáttur í verkefni Kínverja að þeir vona að sjaldgæfa málma sé að finna þarna og að hægt verði að flytja þá til jarðar. Meðal þess sem menn vonast til að sé þarna er helium-3 sem gæti breytt jafnvæginu í orkuframleiðslu. Sólin sendir þennan ísótóp með sólvindum en segulsvið jarðarinnar hrindir honum frá. Veikburða segulsvið tunglsins veitir ekki jafn mikla mótspyrnu og því er vonast til að efnið sé að finna á tunglinu. Einnig er talið að efni eins og títan og úran og sjaldgæfir málmar séu í miklu magni þarna. Kínverjar segja gíginn vera svar alheimsins við Persaflóa. Hér á að þróa orku framtíðarinnar og sækja hana.

Kínverjar nota geimferðina einnig til lífrænna tilrauna því í geimfarinu eru meðal annars silkiormar og fræ en rannsaka á vaxtarskilyrði þeirra á tunglinu. Hápróaður búnaður á að rannsaka útvarpsgeisla og aðra geisla í kringum tunglið en erfitt er að mæla hana frá jörðinni vegna hávaða.

### Engin samvinna

Kínverjar hafa því svo sannarlega stimplað sig sterkt inn í kapphlaupið um að vera forystuþjóð í geimferðum. Það hefur verið stefna Kínverja áratugum saman að verða leiðandi á sviðum þar sem önnur stórveldi voru í fararbroddi. Geimferðir eru eitt þessara sviða. Rannsóknir á djúpsævi er annað svið. En Kínverjar eru ekki einir um að vilja koma sér fyrir á tunglinu því bæði Indland og Evrópska geimferðastofnunin eru með ákveðin verkefni tengd tunglinu í gangi. Bandaríkjamenn horfa hins vegar lengra út í geiminn, þar á meðal til Mars.

Þessi árangur Kínverja setur einnig upp ákveðinn skil á milli Bandaríkjanna og Kína. Í verkefninu notast Kínverjar meðal annars við tækni frá Svíþjóð og Þýskalandi en eiga enga samvinnu við NASA. Það er vegna ákvörðunar Bandaríkjaþings sem bannar NASA að taka þátt í kínverskum geimferðaverkefnum nema þingið veiti sérstaka heimild til þess. ■



MYND: HANNA/DV

# „Það sem ég geri, geri ég af ástríðu“



Bæjarbúar hafa tekið rekstri Bæjarbíós í höndum Palla vel frá fyrsta degi.

Tónlist hefur alltaf verið fyrirferðarmikil í starfi og leik **Páls Eyjólfssonar**, eða Palla eins og hann er alltaf kallaður, hann starfar í einni vinsælustu hljómsveit síðustu áratuga, er umboðsmaður konungs rokksins og á stóran þátt í öflugu menningarlífi Hafnarfjarðar.
Blaðamaður DV settist niður með Palla og ræddi menningarlífið í Bæjarbíói Hafnarfjarðar, tónlistina, umboðsmennskuna og æskuna í Vestmannaeyjum.

**Ragna Gestsdóttir**
ragna@dv.is



Tónlist hefur alltaf verið fyrirferðarmikil í starfi og leik Páls Eyjólfssonar, eða Palla eins og hann er alltaf kallaður, hann starfar í einni vinsælustu hljómsveit síðustu áratuga, er umboðsmaður konungs rokksins og á stóran þátt í öflugu menningarlífi Hafnarfjarðar.

Blaðamaður DV settist niður með Palla og ræddi menningarlífið í Bæjarbíói Hafnarfjarðar, tónlistina, umboðsmennskuna og æskuna í Vestmannaeyjum.

„Til að svona geti virkað þá þurfa allir að leggja sig fram: rekstraraðilar, bæjarfélagið og samfélagið og það hefur virkað hér og ég myndi segja að starfsemin hér sé sýnidæmi um hvernig sveitarfélög geta með öflugum stuðningi og jákvæðum vilja gert svona með rekstraraðilum,“ segir Palli um Bæjarbíó í Strandgötu í Hafnarfirði, en tvö ár eru síðan hann tók við rekstri hússins, í desember 2016, ásamt Pétri Stephensen. Ég get svo sannarlega þakkað Pétri fyrir að ég er hér í dag því hann lagði hart að mér að koma með sér í að setja líf í Bæjarbíó. Hafði húsið þá verið lokað fyrir almenna viðburði í tæpa tvo áratugi en Kvikmyndasafn Íslands var áður með húsið og var með bíósýningar þar tvisvar í viku. „Árið 2014 var reksturinn boðinn út og þá fékk Lista- og menningarfélag Hafnarfjarðar húsið og var sá hópur brautryðjandi í að húsið var opnað fyrir almenningi og síðan tókum við við árið 2016. Bæjarbúar hafa tekið okkur vel frá fyrsta degi.“

Um 200 viðburðir eru framundan á árinu 2019 og fer viðburðum aðeins fjölgandi, 90 prósent af því eru tónleikar, einnig er þar uppistand, þjónusta við Hafnarfjarðarbæ, eins og stjórnendafundir, bíó, bókahátíð og barnamenningarhátíð, einnig koma grunnskólarnir og félagsmiðstöðvarnar inn með starfsemi á haustin, auk þess sem Flensborg er þar með leiksýningar. „Þetta er Menningarhús Hafnarfjarðar, þannig að það er eðlilegt að bæjarfélagið hafi forgang.“

## Mathiesen stofa kærkomin viðbót

Mikil breyting varð á húsinu í byrjun desember þegar Mathiesen stofa var opnuð í húsinu við hliðina, hinu víðfræga Mathiesen húsi, þar sem fyrsta deildaskiptaverslunin var. „Þessi viðbót við húsið var algjörlega nauðsynleg strax frá upphafi. Bæjarbíó er frá árinu 1945 og er friðað þannig að þar má engu breyta, það vantaði aukna salernisaðstöðu og aðstöðu fyrir fólk til að setjast niður,

> Bæjarbíói hefur verið vel tekið frá fyrsta degi

fyrir og eftir viðburði. Við sjáum að fólk kemur núna fyrr og situr líka á eftir, við lokum samt alltaf á miðnætti.

Okkur ber að taka ábyrgð á að það sé í lagi með húsið og það gerum við meðal annars með því að vera ekki með opið fram á nótt. Eina sem má breyta eru hlutir sem eru afturkræfir, eins og að koma upp hurð milli húsanna, en það var eftir ströngum fyrirmælum og eftirliti arkitekta, það var passað vel upp á það. Við erum í góðu sambandi við minjavörðinn í Hafnarfirði og gerum ekkert hér við húsið, nema spyrja leyfis áður.“

## Stjörnum prýdd gata og Hjarta Hafnarfjarðar

„Við erum á þeim stað núna sem við ætluðum að vera á eftir fimm ár og eitt markmiðanna var að vera með 200 viðburði á ári, sem er að ganga eftir núna á þriðja árinu okkar. Við ætlum einnig að fara að framleiða sjálf nokkra viðburði. Og síðan erum við með nýtt verkefni, Stjörnur íslenskrar tónlistar, fyrstu „Hall of Fame“-götuna á Íslandi, þar sem lagðar verða stjörnur í götuna fyrir framan húsið,“ segir Palli.

Stefnan er að leggja niður eina stjörnu á ári, en í ár verða settar niður 2–3 til að koma mynd á verkefnið. Ekki er opinbert enn hvaða listamaður fær fyrstu stjörnuna, en eins og Palli segir: „Ég tel það augljóst að við byrjum á Björgvini Halldórssyni, sem er stærsti tónlistarmaður Hafnarfjarðar fyrr og síðar, með fullri virðingu fyrir öllum öðrum.

Fyrir tveimur árum byrjuðum við með umfangsmikið langtímaverkefni, sem heitir Hjarta Hafnarfjarðar, sem er bæjar- og tónlistarhátíð, sem við erum að þróa hér í húsinu með bænum. Ég hef búið í Hafnarfirði frá árinu 2006 og það er með ólíkindum að hér sé engin bæjarhátíð.“

Árið 2017 var byrjað smátt með tveggja daga hátíð, í fyrra var hún lengd í fjóra daga, götunni lokað fyrir framan húsið og tjald sett upp á móti húsinu, þar sem veitingastaðirnir Krydd og Tilveran buðu upp á mat, og tónleikum í Bæjarbíói var varpað á skjá í tjaldinu og útitónleikar voru í boði eftir að tónleikum inni í húsinu lauk. ▶




Í ræktinni
rafbokasafnid.is
Rafbókasafnið



Palli er með mörg járn í eldinum og svona má oft sjá hann, í símanum að skipuleggja. Mynd: Einar Bárðarson.

Í ár verður hátíðin í viku og færð framar í sumarið, í júlí.

„Við finnum að það er mikill áhugi fyrir þessu verkefni.

Við stefnum á, þetta árið, að taka á móti 50–70 þúsund manns og það hefur gríðarlega góð áhrif út í samfélagið á svo margan hátt að eiga svona miðju, að eiga svona hjarta sem dregur marga í götuna, þetta hefur svo mikið vægi fyrir þjónustuaðila, veitingaaðila, ekki bara okkur, heldur alla í kringum okkur," segir Palli. „Á næstu fimm árum er ég að vonast til að Bæjarbíó verði eitt risastórt samfélagslegt hjarta í Hafnarfirði, sem tekur á móti alls konar menningu, viðburðum og uppákomum og verði styrkur út á við fyrir svo margt annað í þjónustu og samfélaginu. Og við horfum á að eftir fimm ár verði Hjarta Hafnarfjarðar, sem byrjaði sem 800 manna hátíð, orðin að 30 þúsund manna hátíð, sem er íbúafjöldi Hafnarfjarðar. Ég horfi björtum augum til næstu fimm ára í Hafnarfirði."

## Lífið með Pöpum – Hljómsveit í meira en 30 ár

„Bara strákur úr Vestmannaeyjum," svarar Palli, aðspurður hver hann sjálfur er. Þar er hann fæddur árið 1966 og uppalinn. „Það var dásamlegt að alast upp í Eyjum, mikið frelsi og nóg að gera og þaðan á ég ótal minningar."

Í Eyjum byrjaði Palli að sýsla við tónlistina, þrátt fyrir að foreldrar hans hafi lítið verið í tónlist. „Pappi var djassunnandi og einn af frumkvöðlum djasshátíðar um hvítasunnuna í Eyjum, „Dagar lita og tóna", og mamma spilaði á gítar og var í kirkjukórnum," segir Palli. Hann byrjaði að læra á blokkflautu og fór aðeins í píanónám og segist hafa alist upp við tónlistina frá níunda áratugnum. „Við fengum gott tónlistarlegt uppeldi hjá Ragga Sjonna, sem var með plötubúðina í Eyjum, maður keypti 1–2 plötur í viku og hann var duglegur að halda að okkur músík. Hermann Ingi, vinur minn og hljómsveitarmeðlimur Papanna, kynnti Bob Dylan, Simon og Garfunkel, síðan fyrir mér – þetta folk-dæmi."

Palli kláraði grunnskóla og flutti til Reykjavíkur strax eftir níunda bekk. Árið 1986 stofnaði hann hljómsveitina Papa ásamt Hermanni Inga Hermannssyni, söngvara í Logum, og Georg Ólafssyni. Mannskapurinn hefur breyst í gegnum árin, Ingvar Jónsson hætti sem söngvari um aldamótin og Matti Matt kom inn í staðinn. „Við spiluðum alltaf ofboðslega mikið, fjögur kvöld á hverjum stað í hverri viku, stundum yfirgaf maður varla miðbæinn í heilan mánuð. Upp úr aldamótum áttum við nokkur risastór ár, gáfum út plöturnar Riggarobb og Þjóðsögu og báðar urðu platínuplötur á sama árinu. Í dag koma Papar fram nokkrum sinnum á ári, meira bara til að halda í félagsskapinn.



Þetta verður eins og allt annað í lífinu, þetta verður venjulegt," svarar Palli, aðspurður hvernig hafi verið að vera svona eftirsóttur og í mikilli keyrslu líkt og Paparnir voru. „Þetta verður bara rútína og hluti af manni, á tímabili gerðum við ekkert annað en þetta. Þetta var rosagaman og er enn, annars væri ég hættur því."

## Alþýðuhúsið í Vestmannaeyjum

Ræturnar í Eyjum ollu því að Palli, ásamt öðrum, festi kaup á Alþýðuhúsinu í Vestmannaeyjum og var ráðist í gagngerar endurbætur og húsið opnað í byrjun október árið 2018 með tónleikum Bubba og DIMMU. „Þegar þetta tækifæri kom þá sáum við að þetta hefur mikil samlegðaráhrif og er ótrúlega gaman. Alþýðuhúsið er menningarhúsið í Eyjum, líkt og Bæjarbíó í Hafnarfirði, það er eldra, byggt árið 1927 og í báðum húsum eiga þrjár kynslóðir minningar um böll, bíó, tónleika og myndlistarsýningar, og í Eyjum, Lundaböllin. Við höfum sama metnað fyrir húsinu, og vinnum eftir sömu stefnu og í Bæjarbíói. Þar er framundan metnaðarfull dagskrá og gaman að sjá hvað Eyjamenn hafa tekið vel í þetta.

Við leggjum upp úr því að aðstaða listamanna sem til okkar koma sé góð, fullkomin tæki og tól og að listamenn geti komið án þess að bera allt með sér. Við horfum til þess hvernig Haukur á Græna hattinum á Akureyri hefur gert hlutina, hann er algjör snillingur og við eltum þá stemningu. Hann hugsar einstaklega vel um listamennina."

## Umboðsmennskan og samstarfið við Bubba

Palli hefur ekki bara verið hljómsveitarmeðlimur Papanna, því hann hefur ávallt verið beggja vegna borðsins, sem meðlimur og umboðsmaður sveitarinnar. Og í gegnum tíðina hefur hann verið umboðsmaður fjölda hljómsveita og tónlistarmanna, þar á meðal konungs rokksins, Bubba. „Í dag er ég bara umboðsmaður minnar sveitar og Bubba, sem er stórt og mikið starf á ársgrundvelli, en ég tek að mér verkefni fyrir fjölda listamanna og vinn mikið heildrænt fyrir fyrirtæki, en fyrst og fremst rek ég Bæjarbíó."

Árið 1999 stofnaði Palli umboðsskrifstofuna Promo, ásamt Tómasi Tómassyni. „Þá hafði ekkert svona verið til þannig að við byrjuðum á að vera umboðsmenn vel flestra hljómsveita, svo þegar við vorum búnir að vera það í smátíma þá tókum við að okkur að sjá um ballstaðina og réðum inn allar sveitir þar, gerðum auglýsingapakka og allan fjandann," segir Palli. Árið 2002 skildi leiðir og Palli stofnaði eigin umboðsskrifstofu, Prime, sem hann á enn í dag. „Í kjölfarið var ég með töluvert af hljómsveitum, en eftir því sem tíminn leið þá fór ég að draga úr því og fór meira í verkefnavinnu."

Aðspurður af hverju listamenn þurfi umboðsmann, segir Palli að þeir þurfi oft hagsmunagæsluaðila sér við hlið. „Fjármál eru ekki endilega fremst á listanum hjá þeim, og oft ekki þeirra sterkasta hlið, þeir eru svo uppteknir í sköpuninni og þurfa pláss til að skapa. Svo er oft erfitt að semja fyrir sjálfan sig. En margir sjá um þetta sjálfir og gera það mjög vel."

*Hvernig er samstarfið við Bubba?*

„Samstarf okkar Bubba hefur alltaf haldið og það er engin tilviljun að hann er stærstur, hann hefur svo mikla yfirburði á svo mörgum sviðum. Það er gott að vinna fyrir hann, hann ber svo fullkomið traust til samstarfsins, það gera ekki allir, og það er aðdáunarvert að sjá hvað hann er öflugur í að velja sér samstarfsfólk. Hann er óhræddur við að taka áhættu, frjór og skapandi, það er gríðarlega skemmtilegt að vinna með svoleiðis fólki. Þegar tíminn líður þá mun Bubbi vera á hillu með Laxness bókmenntanna og Kjarval myndlistarinnar, hann er það stór. Svo hefur samstarf okkar þróast, með okkur hefur myndast fóstbræðralag og dýrmæt vinátta."

## Edrúmennskan langbesta ákvörðunin

Palli hefur verið óvirkur í 20 ár, en hann fór í meðferð árið 1999. „Ég held að maður velji sér ekki tíma til að fara í meðferð, allavega var það ekki þannig í mínu tilviki. Stundum er talað um að maður nái botninum, minn var að tveir vinir mínir fóru í meðferð, sem ég skildi ekki þá, þar sem ég var sjálfur að nota mun meira. Þarna varð ég pínu einn eftir og hugsaði að ég gæti eins farið í meðferð eins og fara til Kaupmannahafnar að dópa eins og ég gerði undir það síðasta, því ég var búinn að reyna að sannfæra annan af þessum edrú vinum mínum, og mig þá meira um að ég væri hættur að dópa á Íslandi.

Ég var lengi búinn að leita að ástæðu þess að ég var eins og ég var. Ég vissi að það var eitthvað að mér, en ég vissi ekki að ég ætti í erfiðleikum með áfengi og önnur eiturlyf, eins og kom svo í ljós. Þegar ég rankaði við mér eftir einhverja daga á Vogi þá var ég rosalega feginn að vita loksins hvað var að mér, þó að margir hefðu sagt mér það í mjög mörg ár. Ég var alkóhólisti og það var rosalegur léttir að komast loksins að því. Edrúmennskan er ferðalag sem er geggjað, einn dag í einu, og hefur gefið mér mikið.

Það fylgir oft tónlistarlífinu að drekka, og sérstaklega áður fyrr, þetta er öðruvísi í dag. Það er ekkert mál að vinna í þessum bransa innan um fólk sem er að drekka, löngunin í áfengi var algjörlega tekin frá mér og maður breytir bara aðferðafræðinni, er ekki jafn mikið innan um næturlífið og áður, maður gerir ekki ákveðna hluti, ég er ekki úti á nóttunni. Ég er svolítið búinn að fara á djammið, ég hef gríðarlega reynslu af djamminu og stundaði það mjög lengi og ég er bara að gera annað í dag. Edrúmennskan er langbesta ákvörðun sem ég hef tekið í mínu lífi."

*Er tími fyrir eitthvað annað en vinnuna?*

„Já, ég hef gaman af laxveiði, en geri minna af því en áður. Ég ferðast og geri það mikið og svo eru Papar áhugamálið í seinni tíð. Fyrir þremur árum fór ég að iðka jóga og það breytti aftur lífi mínu. Ég hafði aldrei losnað við inngróinn ótta og kvíða eftir neysluna, en jógað er það fyrsta sem ég hef fundið sem slekkur á því. Ég varð svo hugfanginn af þessu andlega ferðalagi að ég tók 200 tíma jógaréttindi fyrir tveimur árum.

Ég er að skapa með því að gera það sem ég er að gera, búa til viðburði, fylgja þeim eftir og vera í sambandi við listamennina. Mér finnst ég aldrei vera í vinnunni af því að það sem ég er að gera, er ég að gera af ástríðu og af því að ég elska það." ■




LI-ION technology
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA
PON er umboðsaðili
JUNGHEINRICH
Hillulyftari
Þrönggangalyftari
Dráttartæki
Staflari
Tínslutæki
Dráttartæki
Dísellyftari
Rafmagnslyftari
Brettatjakkur
Rafmagnsbrettatjakkur
Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!
PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is
PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

SAKAMÁL



**36** ára að aldri lagði Frakkinn Pierre-François Lacenaire háls sinn á höggstokk fallaxar í París. Þetta gerðist 9. janúar árið 1836. Lacenaire, sem var þekkt ljóðskáld, var sakfelldur fyrir tvö morð. Annað fórnarlamb hans hét Chardon, klæðskiptingur sem hélt til í fátækrahverfi í París. Hitt fórnarlambið var móðir Chardon. Við morðin notaði Lacenaire al og öxi.
Eftir að hann var sakfelldur skrifaði hann endurminningar sínar sem voru gefnar út eftir að hann var tekinn af lífi og urðu metsölubók. Sagan segir að hann hafi umbreytt réttarhöldunum í leikstykki og breytt fangaklefa sínum í sýningarsal.

# RÉTTARKERFIÐ KOS

■ Var grunaður um nauðgun en sleppt úr varðhaldi ■ Fékk tækifæri til að endurtaka lei

Það kom afar sjaldan fyrir að Stacey Westbury, sem bjó í London, hefði slökkt á farsíma sínum. Um miðjan ágúst 2007 hafði faðir Stacey hringt ítrekað í hana en ekki fengið svar og var ekki rótt. Dóttir hans var náin foreldrum sínum og hafði alltaf verið „litla hnátan hans pabba“ þrátt fyrir að vera orðin 23 ára og þegar þarna var komið sögu bjó hún með 10 mánaða syni sínum í Fulham.

„Ég held ég skjótist til hennar og kanni hvort eitthvað sé að,“ sagði hann við móður Stacey.

### Engin viðbrögð

Þegar hann kom að heimili dóttur sinnar tók hann eftir því að dregið var fyrir alla glugga. Það setti ugg að honum og ekki dró úr áhyggjum hans þegar hann fékk engin viðbrögð eftir að hafa hvort tveggja hringt dyrabjöllunni og barið á forstofuhurðina.

Hann brá á það ráð að kíkja inn um bréfalúguna. Eðli málsins samkvæmt þá var sýn hans takmörkuð, en þó gat hann séð dótturson sinn í rimlarúminu og heyrði í honum kjökrið.



**Stacey Westbury** Lenti í klóm krakkfíkils og kynferðisglæpamanns.

### Fnykur fyllir vit

Þá fyrst fylltist faðir Stacey skelfingu og hann setti öxlina af öllu afli í hurðina, en hún gaf sig ekki. Setti hann þá olnbogann í rúðu á hurðinni, teygði höndina inn og náði að opna innan frá.

Þegar hann kom inn í íbúðina mætti honum viðurstyggileg lykt. Hann hundsaði fnykinn og kallaði nafn dóttur sinnar, en fékk ekki svar.

Stacey lá á sófanum, skammt frá rimlarúmi sonar síns. Hún var nakin, blóðug og marin; hafði verið stungin með eggvopni, barin, kýld, kæfð og kynferðislega misþyrmt.

### Kunningi bankaði upp á

Í örfáar sekúndur, sem sennilega virtust heil eilífð, stóð faðir Stacey sem frosinn í sporunum. Grátkjöltur dóttursonar hans vakti hann til meðvitundar. Hann tók drenginn blíðlega upp og vaggaði honum í örmum sínum og tárin streymdu niður kinnar hans.

Stacey hafði verið látin í 18 klukkustundir. Kvöldið áður hafði hún opnað dyrnar fyrir 22 ára fyrrverandi skólabróður sínum, Christopher Braithwaite, sem hún þekkti enn lítillega og eingöngu sem kunningja.

Í ljós kom að atburðir undanfarinnar viku höfðu leitt til þessara hörmulegu endaloka.



**Christopher Braithwaite** Naut góðs af gölluðu réttarkerfi.

### Sleppt þrátt fyrir sterkan grun

Christopher Braithwaite var vafasamur pappír, krakkfíkill með langan lista yfir kynferðisglæpi gagnvart konum á ferilskránni.

Þannig var mál með vexti að um viku áður, þann 9. ágúst, hafði Braithwaite verið handtekinn, grunaður um að hafa nauðgað ungri konu. Einhverra hluta vegna hafði nefnd sem ákvarðar um hvernig skuli staðið að saksókn í Englandi og Wales komist að þeirri niðurstöðu að sönnunargögn réttlættu ekki að Braithwaite yrði ákærður og þaðan af síður






**8** daga réttarhöld leiddu til lykta mál 48 ára víetnamskrar konu, Le Thanh Van. Hún fékk dauðadóm 1. september, 2004, fyrir að myrða þrettán manns með blásýru, á tímabilinu frá janúar 1998 til ágúst 2001. Le Thanh Van var einnig ákærð fyrir rán og að hafa í sínum fórum eiturefni.
Með morðum sínum komst Le Thanh Van yfir andvirði 15.400 Bandaríkjadala auk segulbandstækis og farsíma. Hún vingaðist við auðugt fólk og narraði það til að innbyrða blásýrublandað vatn eða mat. Le Thanh Van var grunuð um að hafa myrt mun fleiri þar á meðal tvo fyrrverandi eiginmenn sína.

# STAÐI STACEY LÍFIÐ

## kinn ■ Gerði það og bætti um betur



settur í varðhald. Var honum því sleppt gegn tryggingu.

Lögreglan var vægast sagt ósátt, taldi enda að sannanir gegn honum væru nægar til að hann yrði í varðhaldi á meðan rannsókn yrði fram haldið.

### Með hníf að vopni

Þannig var mál með vexti að nýlega hafði ríkisstjórn landsins úrskurðað að það væri mannréttindabrot að neita fólki sjálfkrafa um lausn gegn tryggingu þrátt fyrir að um væri að ræða mál er varðaði jafnalvarlega glæpi og morð.

Braithwaite, sem var á þessum tíma mjög langt leiddur í krakkneyslu, bankaði upp á hjá Stacey þetta örlagaríka kvöld. Vopnaður voldugum eldhúshníf neyddi hann Stacey til að hleypa honum inn. Hann stakk Stacey í hálsinn, kviðinn og í hægri hönd áður en hann nauðgaði henni, kyrkti og yfirgaf íbúðina.

### Sneri aftur á vettvang

Árla næsta morgun, samkvæmt upptökum úr eftirlitsmyndavélum, sneri hann aftur í íbúð Stacey. Í það skipti sneri hann íbúðinn við í leit að verðmætum. Hann hundsaði með öllu sáran grát sonar Stacey og einbeitti sér að leitinni, sem skilaði honum skartgripum, farsímum og reiðhjóli.

Hann reyndi að þurrka blóðið af líki Stacey í von um að hylja glæpinn en skildi eftir, í óðagotinu, sína eigin blóðugu treyju.

Lögreglan hafði hendur í hári Braithwaite örfáum klukkustundum eftir að faðir hennar kom að henni látinni.

### Ofsóknarkennd og persónuleikaröskun

Ljóst er að Braithwaite maldaði í móinn til að byrja með og sór af sér allar sakir. Við réttarhöldin, í júní 2008, venti hann sínu kvæði í kross og játaði sig sekan. Hann gaf þó engar skýringar á ástæðum verknaðarins en upplýsti að hann fylltist tíðum heiftarlegri ofsóknarkennd og reiði, og ekki bætti eiturlyfjaneysla hans þar úr skák.

Verjandi Braithwaite sagði að bakgrunnur hans hefði verið bagalegur og að hann þjáðist af persónuleikaröskun. Hann hefði byrjað að reykja kannabis tólf ára að aldri og kominn á kaf í stera og krakk á unglingsaldri.

Braithwaite sagði að hann hefði fyllst óstjórnlegri reiði heima hjá Stacey þegar hún vakti máls á nauðguninni sem hafði átt sér stað viku fyrr.

### Þrír áratugir í fangelsi

Niðurstaða réttarhaldanna var að Braithwaite skyldi afplána að minnsta kosti 30 ára fangelsisdóm og að reynslulausn kæmi ekki til greina ef hann teldist enn, á einhverjum tímapunkti, hættulegur konum.

Konan sem talið var að Braithwaite hefði nauðgað viku áður en hann myrti Stacey var í dómsalnum þegar dómurinn var kveðinn upp. Sennilega hefur hún þrátt fyrir allt og allt prísað sig sæla. ■






# Helgarkrossgátan



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | → | ↓ | fisk | bank |
| | | | | | | | | stía | | | |
| | | | | | | | | óskipt | | | |
| | | | | | | | | | | maður | 8 |
| | | | | | | | | kropp / þrýsta | | | |
| krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510 | ↓ | fuglinn | 3 eins | Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð | gnauða | | spjall | | ↓ | | tíguleg |
| hamra | | | | annríki / api | | 2 | | | | | |
| handvegir | | | | | | vað | | | | | |
| angan | | | | | | ummerki | 9 | 2 eins | ↓ | | |
| kvað | | | dínamór / 3 eins | | | | | | | líkams-hlutinn | 1 |
| til | | | | sjó-maðurinn | amaleg / strákapör | | | | | | |
| rumpar | | | | | | | mungát | 49 / hæglætið | | | friður |
| | ↓ | sykruð / skrafa | | | | pappa-spjaldið / hanki | | | | | |
| þegar | | | glepur | 4 | barði / 3 eins | | | | fanga / eitt til | | |
| nefið | | | | | | | tónn | 7 | | sver | |
| | ↳ | | | | | | → | | | | |
| | brjóstinu / brotið | | | | | | 5 | | | | fuglinn |
| krógi | | | | | ánægð | | dægur / talfæri | | | 6 | |
| | | svar / ílát | | | | vani / hreinar | | | | | |
| dreitill | | | | ávallt / flugfélag | | | | | sólguð / málmur | | |
| varðandi | | | ill / ax | | | | | nappaði | | nudduð | |
| sagga | | | | | tröllið / dropi | | | | | | |
| | | álegg / 2 eins | | | | | trygg / fersk | | | | borg |
| lík | | | | óska | 3 | | | | líkamshluti | | |
| venslaðir | | | | | | flautuna | | | | | |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |

# Sudoku

## Auðveld

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 6 | 5 | | 1 | | | 2 |
| | 4 | | | 2 | 6 | 5 | | |
| | 7 | 5 | 3 | | | | | |
| 9 | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | 2 | 6 | 7 | | | 9 | 3 |
| | 3 | 8 | | | 5 | 6 | | |
| 8 | | 4 | | | 3 | | 6 | |
| | | | | | 7 | 4 | 8 | |
| | 2 | | 8 | | | | | |

## Erfið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | 7 | | | 2 | | | 9 |
| 8 | 9 | | | 1 | | | | |
| 1 | | | 7 | 3 | | | | 6 |
| | | 6 | | | 9 | | 5 | |
| | | | | 2 | | 4 | | |
| | | | | | 1 | | | 8 |
| | 6 | 5 | | 4 | | 9 | | 7 |
| 4 | | | | | | | | |

# Verðlaunagáta

**Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.**
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**

FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...
**Þorfinnur Finnsson**
**Ástúni 2**
**200 Kópavogi**
Lausnarorðið var **HÓSTASAFT**
**Þorfinnur hlýtur að launum bókina Rotturnar eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur.**




**Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Hvað er í matinn?**

**Hvað er í matinn? Höfundur: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir**
„Hvað er í matinn?“ er algengasta spurningin á mörgum heimilum. Hverdagsmaturinn er verkefni sem við stöndum frammi fyrir hvern einasta dag – að ákveða hvað eigi að matreiða, kaupa svo inn, undirbúa og elda, og bera matinn síðan á borð fyrir fjölskylduna.
Hér gerir Jóhanna Vigdís tillögur að einföldum, gómsætum og girnilegum réttum fyrir öll kvöld vikunnar. Margir réttanna eru undir ítölskum áhrifum, enda kom hún með fjölda hugmynda í farteskinu frá Flórens, þar sem hún sótti matreiðslunámskeið. Jafnframt hvetur hún alla til að taka þátt í baráttunni gegn matarsóun.
Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir er þekkt fyrir að elda ljúffenga sælkerarétti og hefur áður sent frá sér tvær matreiðslubækur, Í matinn er þetta helst og Seinni réttir, auk þess sem hún hefur gert matreiðsluþætti fyrir sjónvarp.
Magnús Hjörleifsson tók myndirnar af réttunum.




Hlíðarfjall
Akureyri

Sími: 462-2280
*Opnunartíma má sjá á hlidarfjall.is*

Finndu *Hlíðarfjall Akureyri* á facebook

# „Ekkert til sem heitir of klikkað eða yfirdrifið“

„Það er hvorki gaman né spennandi að vera normal“

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Lovísa Tómasdóttir er 27 ára klæðskeri, förðunarfræðingur, verslunarstjóri og hönnuður sem hefur verið á rjúkandi uppleið á síðustu misserum. Hún lýsir sér sem hreinræktaðri „föndurkerlingu“ sem þrífst á hugmyndaflugi sínu og sköpunargleði annarra, en hún hefur vakið talsverða athygli sem hönnuður verslunarinnar Kjólar og konfekt, sem margir segja að sé eitt best geymda leyndarmál miðbæjarins. Síðar gerðist hún lykilhönnuður Rokks og rómantíkur, sem er systurbúð Kjóla og konfekts, þó að stíllinn sé allt annar.

Stíl Lovísu og handbragð má finna víða, þótt viðkomandi geri sér ekki grein fyrir því, og segir hún að mest gefandi tilfinningin sé að ganga um bæinn og sjá fólk klæðast einhverju sem hún bjó til sjálf. Hún lýsir umræddum stíl sem mjög breiðum en mestmegnis „retró, pönk og litríkum .“

Auk kjólasaums hefur Lovísa verið að dýfa burstanum í förðun og verið í búningadeild fyrir sjónvarpsþætti, þar á meðal þættina Venjulegt fólk, auk þess að hafa gegnt störfum sem fatahönnuður fyrir dragdrottninguna Gogo Starr, hina alræmdu spákonu Siggu Kling og fjöldann allan af tónlistarfólki.

## Meira þýðir meira

Lovísa segir lykilinn að sinni hamingju fylgja sköpunargleðinni og ákvörðuninni um að leyfa hinu skrítna að njóta sín. „Fyrir mér, í fatahönnun, er ekkert til sem heitir of klikkað eða yfirdrifið. Það er aldrei hægt að hafa of mikið glingur, eða glimmer. Það þýðir ekkert að spyrja mig hvort eitthvað sé „of mikið,“ því í langflestum tilfellum segi ég fólki að bæta meiru við. Það er ekki til neinn staðall fyrir svona. Ef það talar til viðkomandi, þá hvet ég þann einstakling til að taka á móti því með opnum örmum.“


Kjóll Regínu sem Lovísa hannaði og saumaði sjálf.

Aðspurð um innblástur verka sinna og almennan stíl nefnir hún Cher, Madonnu og jafnvel David Bowie.

Lovísa segir það vera sér eðlislægt að vera skrítin. Hún segir mögulegt að þetta hafi blundað í henni frá æsku. Þá reyndi hún mikið að vera eins og flestir hinir krakkarnir og var alltaf haldin feimni eða meðvitaðri ákvörðun um að skera sig ekki úr hópnum, ákvörðun sem hún taldi vera þá skynsamlegustu á þeim tíma. Eftir á að hyggja er hún sannfærð um að betra hefði verið að finna sinn eigin stíl og karakter frá upphafi.

„Það er hvorki gaman né spennandi að vera normal að mínu mati,“ segir Lovísa. „Ég elska að klæða mig upp í eitthvað sem er örlítið furðulegt eða vekur smá athygli, eitthvað sem er skemmtilegt að horfa á. Það er miklu áhugaverðara að vera öðruvísi og ég elska það.“

## Súrsætt að kveðja systkinin

Lovísa hefur saumað frá því hún var barn. Kunnáttuna fékk hún frá móður sinni og segir hún fyrsta stóra verkefnið hafa verið þegar hún saumaði sinn eigin fermingarkjól. Hún segir þá ákvörðun hafa verið gríðarlegan létti fyrir móður sína, sem þurfti þá ekki að leggja í leiðangur að finna rétta kjólinn.

Æska Lovísu mótaði hana og segir hún það gefandi að hafa alist upp með fóstursystkinum. Lovísa er miðjubarn og á þrjú systkini en foreldrar hennar tóku reglulega að sér fósturbörn. Þetta segir hún hafa skipt sköpum í uppeldinu og viðhorfi gagnvart fordómum og segir það ótrúlega gefandi hugsun að taka á móti fósturbörnum úr misjöfnum aðstæðum.








Reynslan við að eignast fóstursystkini var þó þyrnum stráð þegar kom að því að kveðja hvert barn sem kom á heimilið. Henni finnst lykilatriði í lífinu að viðhalda jákvæðu viðhorfi og að leyfa ekki leiðindapúkum að slá sig niður.

Lovísa kláraði náttúrufræðibraut en áttaði sig á því við námslok að sú stefna væri ekki sniðin fyrir hana. „Mér fannst ég verða að gera eitthvað með höndunum og skapa eitthvað nýtt og spennandi. Ég er ekki skrifstofutýpa.“

## Skiptir máli að spegla sig

Nýlega sagði Lovísa upp störfum hjá Kjólum og konfekti og Rokki og rómantík til að sækja í aðrar áskoranir, efla sjálfstæðið í sínu fagi og mæta eftirspurn í önnur verkefni sem hafa boðist henni. Hún fullyrðir þó að hún verði alltaf með annan fótinn í þessum verslunum sem mótuðu hana.

Hún fullyrðir að besti skólinn sem hún hafi verið í hafi verið reynslan í Kjólum og konfekti. Andrúmsloftið þar snýst um að vera maður sjálfur og hafa einfaldlega gaman. Sköpunargleði hennar fékk lausan tauminn og mottóið að föt væru skemmtileg og þyrftu því að hafa gaman var við lýði.

„Ég braust mjög mikið úr skelinni með því að vinna þarna, að vera í kringum ótrúlega jákvætt fólk og það hefur mótað svolítið framtíð mína og faglegt hugarfar. „Hafðu gaman af því sem þú gerir samkvæmt allra bestu getu, annars ertu að sóa tíma þínum,“ segir hún. „Fólk gerir sér ekki alltaf grein fyrir því að fatahönnun er list og það er svo gaman að týna sér í henni. Listinni fylgja tilfinningar og fötin geta speglað hvernig þú sérð þig sjálfan í heiminum.“ ■



# Tík Ingu Dóru blessuð við hátíðlega athöfn

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Þann 13. janúar síðastliðinn fór fram blessun í Kapellunni í Lindakirkju. Blessunin væri ekki í frásögur færandi nema vegna þess að þessi tiltekna blessun var með nokkuð óhefðbundnu sniði. Ingibjörg Dóra Bjarnadóttir, kölluð Inga Dóra, tók ákvörðun um að láta blessa hundinn sinn, Bæn Önnu, við hátíðlega athöfn að viðstöddum vinum og vandamönnum.

„Blessanir gæludýra eru tileinkaðar Antoníusi, verndardýrlingi dýra, og Rochus, hinum kaþólska verndardýrlingi hunda. Hundablessun er nýnæmi á Íslandi en tíðkast víða erlendis. Eftir að hafa lesið í fjölmiðlum um hundablessanir þá sló ég til og hélt eina sjálf fyrir mína Bæn Önnu,“ segir Inga Dóra í viðtali við Bleikt.

Bæn Anna er af tegundinni Miniature Pinscher og var það séra Guðni Már Harðarson sem sá um að blessa hana.

„Þetta var hugguleg stund í kapellunni þar sem Guðni talaði við okkur, sunginn var sálmur og ég hélt á Bæn Önnu. Ekki var notað vatn og var Bænin mín róleg og góð. Anna amma útbjó blessunarkjól og mamma fékk nöfnu. Nafnið er (til) Bæn-anna minna. Þegar ég kom og skoðaði hana í fyrsta sinn þá kallaði ég á tíkina Bæn, hún kom strax. Frá fyrsta degi okkar saman byrjaði hún að svara nafni sínu, mér fannst það frábært að nokkurra vikna svaraði hún nafni sínu.“

Inga Dóra segir blessanir hunda mjög algengar erlendis en að hefðin sé nýkomin til Íslands.

„Nokkrar kirkjur hafa boðið upp á blessunardag og sá Lindakirkja um blessunina fyrir mína tík. Í blessuninni vorum við tólf og héldum við blessunarboð að henni lokinni þar sem hún fékk blessunargjöf. Einnig fékk hún nokkrar jólagjafir um jólin og innflutningsgjöf þegar hún kom til okkar, þá héldum við innflutningspartí. Það er alltaf talað um hunda sem vini mannsins. Hundar eru góð gæludýr og oftar en ekki hluti af fjölskyldunni, því er gott mál að blessa hundana að mínu mati. Hundar róast mikið eftir að hafa fengið blessun. Blessunin á sér erlenda fyrirmynd meðal kristinna manna, hundamessur hafa verið haldnar árlega í meira en áratug erlendis.“

Greinilega má sjá að Ingu Dóru þyki virkilega vænt um Bæn Önnu og segir hún að þegar tíkin sé óróleg þá leyfi hún henni að hlusta á heilunartónlist ásamt því að heila hana, þá róist hún mikið. Inga stofnaði Snapchat-reikning fyrir þá sem hafa áhuga á því að fylgjast með Bæn Önnu: sigrumheiminn1 ■



Veisluborðið



Bæn Anna búin á því eftir allt saman





Falleg blessunarterta





Á blessunardaginn/ Mynd: Aðsend



Blessunarkjóll Bænar Önnu

**„Í blessuninni vorum við tólf og héldum við blessunarboð að henni lokinni þar sem hún fékk blessunargjöf**



sturta.is

LOKAÐIR STURTUKLEFAR MEÐ TOPPI, SPORNA GEGN RAKA OG MYGLU

Kíktu á **sturta.is** og skoðaðu úrvalið
S. 856 5566



# GÓÐ ÞJÓNUS







## SVO ALLT GANGI SMURT







**KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**

# STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

DV 18. janúar 2019
53. tölublað | 109. árgangur | Leiðbeinandi verð 995 kr.
dv.is/frettaskot | askrift@dv.is | Sími 512 7000



# Lítt þekkt ættartengsl

Í síðustu viku var kynnt hverjir hlytu listamannalaun árið 2019. Athygli vakti að í þeim hópi var ekki rithöfundurinn Hallgrímur Helgason en síðar kom í ljós að hann hafði ekki sótt um. Það gerði þó bróðir Hallgríms, barnabókahöfundurinn vinsæli, Gunnar Helgason, sem hlaut laun í sex mánuði.

Í vikunni gagnrýndi Hallgrímur RÚV fyrir að hafa tekið sér þrjá daga í að fjalla um ásakanir um kynferðislega áreitni á hendur Jóni Baldvini Hannibalssyni. „Líklega verður það þó að teljast framför frá því sem áður þekktist. #metoo hefur aðeins stytt í umþóttunartíma meðvirkninnar," skrifaði rithöfundurinn.

Það er athyglisvert í ljósi þess að að móðir Hallgríms, Margrét Schram, og eiginkona Jóns Baldvins, Bryndís Schram, eru systkinabörn.

# Tissjú og trúnaður

Hin umdeilda Alda Karen Hjaltalín verður með svokallaða upplifun í Laugardalshöll föstudaginn 18. janúar. Skilmálarnir fyrir miðakaupunum hafa fengið marga til að klóra sér í höfðinu. Tekið er fram að tissjú verði í boði og mælt er með því að gestir borði vel áður og kasti af sér vatni. Upplifunin stendur yfir í heila þrjá klukkutíma.

Símar verða bannaðir og gestir skuldbundnir til að gæta fyllsta trúnaðar um viðburðinn. Þrátt fyrir þessa miklu leynd hefur þó verið greint frá því að Alda muni ræða um skilgreiningar heilastöðva og hvernig við náum tökum á heilanum.






# Zakarías kærður fyrir tilraun til manndráps

Tónlistarmaðurinn Zakarías Herman Gunnarsson er hættur í ballsveitinni Babies-flokknum. Tilkynnt var um brotthvarf Zakaríasar úr hljómsveitinni þann 19. desember síðastliðinn og var brotthvarfið sagt vera „af persónulegum ástæðum". Raunveruleg ástæða er þó sú að fyrrverandi kærasta Zakaríasar hefur ákært hann fyrir alvarlega líkamsárás. Stundin greindi fyrst frá málinu.

Tónlistarmaðurinn var handtekinn á vettvangi og samkvæmt heimildum DV var hann látinn sæta gæsluvarðhaldi um tíma. Heimildir DV herma að þegar vitni kom að parinu hafi Zakarías haldið konunni með kyrkingartaki. Konan lagði fram kæru í kjölfarið vegna tilraunar til manndráps.

Babies-flokkurinn hefur notið mikilla vinsælda sem ballsveit undanfarin ár. Sveitin spilar helst fjörugar ábreiður af verkum annarra listamanna og hefur komið fram á mánaðarlegum viðburðum á skemmtistaðnum Húrra. Orðrómur um ofbeldisfulla hegðun Zakaríasar verið á sveimi um tíma. Í áðurnefndri frétt Stundarinnar kom fram að honum hafi verið meinað að taka þátt með hljómsveit sinni á Girl Powertónleikum á Húrra í maí í fyrra, sem söngkonan Salka Sól Eyfeld var í forsvari fyrir. Sögusagnir um að hann hefði gerst sekur um ofbeldisfulla hegðun voru ástæða þess.






LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS